allt

Steinunn Helga Jakobsdóttir:

*Finnst gaman að rölta um*

heilsa

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



Hunter S. Thompson

*Höfundur Fear and Loathing látinn*

upphafsmaður nýs blaðamannastíls

**SÍÐA 27**



Þórunn Antonía Magnúsdóttir:

*Syngjandi tískufrömuður*

vekur áhuga tískublaða

**SÍÐA 30**



Valsmenn sigursælir í vetur:

*Ávísun á góðan árangur?*

breyttir tímar á hlíðarenda

**SÍÐA 22**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. febrúar 2005 – 51. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## ÞRIÐJUDAGUR



**LÖNG BIÐ EFTIR FÁUM ÚRRÆÐUM** Það er ólýsanlega sárt þegar níu ára barnið þitt stendur fyrir framan þig og segir:„Mamma ég vil bara fá að deyja," segir varaformaður Barnageðs, félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga. Hann segir alltof langa bið eftir alltof fáum úrræðum. **Sjá síðu 2**

**BUSH SÆKIST EFTIR STUÐNINGI EVRÓPU** Bandaríkjaforseti leggur áherslu á að styrkja tengslin við Evrópu og fá stuðning við aðgerðir Bandaríkjanna í Írak meðan á fimm daga ferðalagi hans til Evrópu stendur. Hann lagði áherslu á frið í Mið-Austurlöndum og lýðræðisvæðingu. **Sjá síðu 4**

**UMSÁTURSÁSTAND Á FASTEIGNAMARKAÐI** Það er víðar en á suðvesturhorni landsins sem margir bítast um þær fáu eignir sem í boði eru. Spurn eftir húsnæði á Akureyri er jafnvel meiri en í Reykjavík. Fasteignasalar tala um umsátursástand á markaðnum. Vestfirðir skera sig þó úr. **Sjá síðu 6**

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM FLOTT** Það verður heldur bjartara vestan til en verið hefur og þurrt að kalla. Áfram bjartviðri austan til. Fremur milt í veðri. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**FAGURFRÆÐI OG TORTÍMING**
Benedikt Hjartarson bókmenntafræðingur heldur erindi á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins í Norræna húsinu í dag klukkan 12.05. Erindið nefnir hann Fagurfræði og tortíming.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |




**Dagblaðalestur á þriðjudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.


# Siv og Una María víki

**Siv Friðleifsdóttur og Hansínu Björgvinsdóttur var ekki boðið á stofnfund Brynju félags framsóknarkvenna í Kópavogi. Óskað er eftir undanþágu til að félagið geti sent fulltrúa á flokksþing og farið fram á að Siv og Una víki sæti úr landsstjórn á meðan fjallað er um málið.**

**STJÓRNMÁL** Brynja, félag framsóknarkvenna í Kópavogi, var stofnað á sunnudag og er þetta fjórða framsóknarfélagið í sveitarfélaginu. Stofnfélagar kvenfélagsins eru 61. Þar af eru um 40 sem áður höfðu skráð sig í Freyju fyrir aðalfund sem síðar var úrskurðaður ólöglegur.

Athygli vakti að hvorki Siv Friðleifsdóttur, oddvita Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, né Hansínu Björgvinsdóttur, bæjarstjóra í Kópavogi, var boðið til fundarins. Hins vegar var Valgerður Sverrisdóttir heiðursgestur en konurnar sem stofnuðu Brynju eru meðal annars sagðar tengjast Páli Magnússyni, aðstoðarmanni Valgerðar. Einnig eru þær sagðar tengjast bróður hans Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og þingmanns Reykjavíkurkjördæmis norður auk fleiri frammámanna í kjördæminu. Er talað um konur tengdar varaþingmanninum Guðjóni Ólafi Jónssyni og bróður hans Einari, Gesti Gestssyni og Þorláki Björnssyni formanns kjördæmaráðs Reykjavíkurkjördæmis norður. Af þeim 43 konum sem skráðu sig í Freyju fyrir síðasta aðalfund voru 21 flutt á milli framsóknarfélaga, en 22 voru nýir félagar.

Aðalheiður Sigursveinsdóttir segir Brynju stofnaða til að taka þátt í störfum Framsóknarflokksins í Kópavogi. Sigurbjörg Vilmundardóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, hafi ekki verið boðin velkomin í Freyju og því hafi komið til átaka á aðalfundi. „Við vorum sakaðar um að reyna yfirtöku á félaginu en við höfum alltaf hafnað því. Við studdum sitjandi formann og vildum með því sýna að við værum ekki komnar í ófriði," segir Aðalheiður.

Eftir að aðalfundur Freyju var úrskurðaður ólögmætur var stjórn Freyju sent bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um næsta aðalfund. Í svarbréfi er Sigurbjörgu boðið í stjórn Freyju, líkt og boðið var á aðalfundinum, þegar Ingibjörg Ingvadóttir, ritari Freyju og dóttir Hansínu Björgvinsdóttur, bauðst til að víkja úr stjórninni.

Aðalheiður segir að vegna afstöðu Sivjar hafi henni ekki verið boðið á stofnfund Brynju. „Hún hafði látið þau orð falla að við værum ekki í þessu af alvöru og hefðum ekki sjálfstæðar skoðanir og það kom aldrei til álita að bjóða Siv."

Frestur til að senda inn fulltrúa á flokksþing er liðinn, en Brynjukonur hafa óskað eftir undanþágu til að senda þangað fulltrúa. Það er landsstjórn flokksins sem ákveður hvort undanþága verði veitt. „Við óskum eftir því að Siv Friðleifsdóttir og Una María Óskarsdóttir, sem báðar koma að þessu máli, víki sæti," segir Aðalheiður en báðar sitja þær í landsstjórn Framsóknarflokksins. **- bs/ss**



MYND AP

**FRELSINU FEGIN** Palestínska konan Ameera Abo Draa faðmaði son syn Mohemmed fast í gær, eftir að Ísraelar slepptu henni úr varðhaldi í bænum Tulkarem á Vesturbakkanum. Hún var ein af 500 Palestínumönnum sem Ísraelar slepptu í gær, eins og lofað var á leiðtogafundi Ísraela og Palestínumanna í Egyptalandi fyrr í þessum mánuði. Er þetta talið merki um að Ariel Sharon vilji styrkja Mahmoud Abbas, forseta Palestínu í sessi.

Ungur drengur týndur í tæpa viku:

# Strauk frá Stuðlum og er leitað

**MEÐFERÐ** Leit stendur yfir að 14 ára dreng sem strauk af meðferðarheimilinu á Stuðlum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins strauk drengurinn síðastliðinn miðvikudag og hefur því verið týndur í tæpa viku, þegar þetta er skrifað. Lögreglan hefur svipast um eftir drengnum, auk þess sem foreldrar hans hafa leitað hans, en hann var ófundinn þegar fréttin var unnin í gær.

„Við erum með opna meðferð," sagði Sólveig Ásgrímsdóttir forstöðumaður á Stuðlum. „Börnin eru ekki lokuð inni. Þau fara út í frímínútum, þau fara í dagleyfi og í helgarleyfi. Það er til í dæminu að börn geti látið sig hverfa, en það kemur örsjaldan fyrir, um það bil í 3 – 6 skipti á síðasta ári. Aðrar tölur liggja ekki fyrir. Þetta er eitthvað sem getur gerst þegar verið er með fólk í meðferð þar sem þarf að byggja upp ákveðið traust og vinna með því. Víðtækar rannsóknir hafa sýnt að lokuð meðferðarúrræði virka ekki."

Sólveig sagði, að foreldrar þyrftu að samþykkja vistun á Stuðlum væru börnin undir 15 ára aldri. Eftir það þyrftu börnin að skrifa undir sjálf, ásamt foreldrum. Ef barn hyrfi væru foreldrar, barnaverndaryfirvöld og lögregla látin vita. Þau kæmu þó alltaf aftur til baka. **- jss**



**STUÐLAR**
Börn eru í opinni meðferð á meðferðarheimilinu að Stuðlum.

Skilvísi eykst:

# Vanskil í lágmarki

**EFNAHAGSMÁL** Þótt skuldsetning íslenskra heimila og fyrirtækja sé með allra hæsta móti um þessar mundir hafa vanskil aldrei verið minni. Þetta kemur fram í tölum Fjármálaeftirlitsins.

Vanskil í lok síðasta árs voru 1.6 prósent af útistandandi skuldum en voru 3,1 prósent í árslok 2003. Vanskil í lánum til fyrirtækja lækkuðu úr 2,5 prósentum í 1,6 prósent á milli áranna.

Vanskil einstaklinga lækkuðu einnig mikið. Í árslok 2003 voru 5,5 prósent lána í vanskilum hjá einstaklingum en í árslok 2004 var þetta hlutfall 2,6 prósent. Vanskilin námu tæpum 8.7 milljörðum.

Síðustu þrjá mánuði síðasta árs jukust lán einstaklinga hjá lánastofnunum um tæpa 100 milljarða. **- þk**

Breyting á eignarhaldi VÍS:

# Meiður í kjölfestuhópinn

**VIÐSKIPTI** Meiður, fjárfestingarfélag bræðranna í Bakkavör og KB banka, hefur keypt hlut í Vátryggingafélagi Íslands fyrir um fimm milljarða króna.

Meiður er eftir viðskiptin fjórði stærsti hluthafi VÍS með sextán prósenta hlut og hefur hug á að auka hann í 20 prósent. Nýtt hlutafé var gefið út og keypti Meiður það allt.

Markmiðið með breytingum á eignarhaldinu er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins að fá sterkan einkafjárfesti í hópinn, en fyrir eru félög í samvinnurekstri stórir eigendur. **- hh / sjá síðu 18**




## SPURNING DAGSINS

*Aðalsteinn, hvenær verður megavika?*

**„Það er alltaf megavika hjá okkur.“**

Aðalsteinn Steinþórsson er stjórnarformaður Lyfjavers sem er fyrsta apótekið hér á landi til að bjóða upp á heimsendingarþjónustu.

Edda PP kaupir Prentmet ehf:

# Oddi fær aukna samkeppni

**VIÐSKIPTI** Edda Printing and Publishing Ltd., hefur keypt prentsmiðjuna Prentmet ehf og dótturfélag þess, Prentverk Akraness, af Guðmundi Ragnari Guðmundssyni og Ingibjörgu Steinunni Ingjaldsdóttur. Fyrir á Edda PP allt hlutafé í Edda Printing LLC, prentsmiðju í Pétursborg í Rússlandi. Eigendur Eddu PP eru Björgólfur Guðmundsson, Magnús Þorsteinsson, Páll Bragi Kristjónsson og Þór Kristjánsson. Áætlað er að sameiginleg velta fyrirtækisins verði rúmir þrír milljarðar, þar af rúmlega helmingur ytra.

Páll Bragi Kristjónsson, sem einnig er forstjóri Eddu útgáfu, segir að þrátt fyrir kaupin verði áfram leitað hagstæðustu tilboða hverju sinni fyrir Eddu útgáfu.

Stærsti keppinautur Eddu PP hér á landi er prentsmiðjan Oddi sem prentað hefur drjúgan hlut af bókum Eddu útgáfu. Oddi átti hlut í prentsmiðjunni í Pétursborg, en hefur selt hann til núverandi eigenda Eddu PP. **- ss**



**PRENTMET EHF**
Edda Printing and Publishing Ltd., hefur keypt prentsmiðjuna Prentmet efh.

Breska matvælastofnunin:

# Hættulegt litarefni

**MATVÆLI** Umhverfisstofnun barst viðvörun frá bresku matvælastofnuninni á föstudaginn um matvæli og fóður sem greinst hafa með ólöglegt rautt litarefni sem kallast Sudan-1. Yfir 350 vörutegundir í Bretlandi hafa greinst með litarefnið sem talið er krabbameinsvaldandi.

Litarefnið mun hafa verið í sósu frá fyrirtækinu Premier Foods sem er notuð í ýmis matvæli, sérstaklega skyndirétti, sósur eða önnur unnin matvæli. Slíkar vörur hafa verið fjarlægðar úr hillum í Bretlandi. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er umrædd sósa ekki á markaði hér á landi. **- bs**



**GUÐLAUGUR BJÖRGVINSSON**
Guðlaugur tekur við viðurkenningunni fyrir hönd Mjólkursamsölunnar. Með á myndinni eru börn sem fengið hafa verðlaun fyrir ljóð frá Mjólkursamsölunni og birst hafa á mjólkurfernum.

Laxnessfjóðrin:

# Samsalan verðlaunuð

**MENNING** Laxnessfjöðrin, viðurkenning sem ætluð er að örva æskufólk til að leggja rækt við íslenska tungu, var afhent í fyrsta sinn í gær, á alþjóðlegum móðurmálsdegi. Það var Mjólkursamsalan sem hlaut viðurkenninguna fyrir öflugt og áhrifaríkt starf en fyrirtækið þykir hafa elft málvitund unglinga með markvissri fræðslu og samstarfi við skóla á síðustu árum.

Viðurkenningin sem er mótuð í líki arnarfjaðrar er eftir Erling Jónsson myndhöggvara. ■

Samkeppnisráð:

# Úrskurðað um dylgjur

**SAMKEPPNI** Samkeppnisráð úrskurðaði í gær að Hnit hf., hafi brotið gegn samkeppnislögum með því að gefa í skyn í bréfi til ýmissa sveitarfélaga að keppinautur noti gamlan og úreltan búnað við loftmyndatöku.

Það voru Loftmyndir ehf sem kvörtuðu undan bréfi Hnitar, þar sem ekki væri öðrum fyrirtækjum að dreifa á þessum markaði. Að mati Loftmynda var verið að vísa til þess í bréfinu að Loftmyndir hafi keypt notað tæki til loftmyndatöku á árinu 2003. **- ss**

# Löng bið eftir fáum úrræðum

**Það er ólýsanlega sárt þegar níu ára barnið þitt stendur fyrir framan þig og segir: „Mamma ég vil bara fá að deyja.“ Þetta segir varaformaður Barnageðs, félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Það er alltof löng bið eftir of fáum úrræðum til handa fjölskyldu og aðstandendum barna með geðraskanir. Þetta segir Sesselja Jörgensen varaformaður Barnageðs, sem er félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga.

Sesselja þekkir þessi málefni af eigin raun, því eitt barna hennar og eiginmanns hennar þjáist af slíkum sjúkdómi og barátta fjölskyldunnar hefur verið löng og ströng. Þeir sem taka þátt í starfi Barnageðs vilja gjarnan ná til fleiri foreldra barna með geðraskanir og miðla af reynslu sinni, persónulegri og faglegri. Sesselja bendir á að einn sé kannski að ganga í gegnum eitthvað sem annar eigi eftir. Þar fáist leiðbeiningar og reynsla. Aðstandendur geti svo leitað hver til annars á miklum erfiðleikatímabilum. Þá geti sameinaður hópur foreldra lagst á eitt til að þrýsta á um úrbætur á sviðum heilbrigðisþjónustu, menntamála og félagsmála.

„Sá sem á svona barn einangrast algjörlega heima hjá sér,“ segir Sesselja. „Það er ekki hægt að fá venjulega barnapössun, því unglingar ráða ekki við það. Sá eini sem gat passað fyrir okkur var bróðir minn, sem er átta árum eldri heldur en ég. Við hjónin fórum aldrei neitt saman, heldur sitt í hvoru lagi. Hitt sat heima með veika barnið.“

Sesselja segir foreldra barns með geðraskanir fá endalaus símtöl út af því til dæmis frá skólanum. Svo þurfi að sækja fundi hér og fundi þar til að reyna að fá úrræði fyrir barnið.

„Svo þarftu að hugsa um hin systkinin og passa að þau gleymist ekki í þessu öllu saman. Það þarf að reyna að fá þau til að skilja það og lifa með því sem er í gangi, að svo miklu leyti sem þau geta það, þegar fárveikur bróðir eða systir er á heimilinu. Sá sem ekki hefur gengið í gegnum þetta skilur það ekki. Það er ólýsanlega sárt þegar níu ára barnið þitt stendur fyrir framan þig og segir: „Mamma, ég vil bara fá að deyja.“ Það er ofboðslega erfitt að höndla það að barninu manns skuli geta liðið svona illa.“

Opinn fundur fyrir aðstandendur og áhugafólk um geðraskanir barna og unglinga verður í kvöld klukkan 20.00 í húsnæði Sjónarhóls að Háaleitisbraut 13. Þar verður ráðgjafarþjónusta Sjónarhóls kynnt og spjallað yfir kaffibolla eftir kynninguna.

**jss@frettabladid.is**



**BARNAGEÐ**
Sesselja Jörgensen varaformaður Barnageðs, félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga segir aðstandendur þurfa að þjappa sér saman, deila með sér gleði og sorg og þrýsta á um úrbætur í kerfinu.

Lögreglan í Reykjavík:

# Lýst eftir stúlku

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir Jónu Thuy Phuong Jakobsdóttur. Hún er á fimmtánda ári og til heimilis að Skeljagranda 2 í Reykjavík. Þeir sem geta gefið einhverjar upplýsingar um ferðir hennar eða dvalarstað eru beðnir að hafa samband við lögregluna í Reykjavík í síma 444 1000.

Jóna, sem er af asísku bergi brotin, er um 160 sentimetrar á hæð, svarthærð, grönn með brún augu. Ekki er vitað hvernig hún er klædd. Lögreglan lýsti áður eftir Jónu fyrir um hálfum mánuði síðan en hún lét vita af sér í millitíðinni. **- bs**

Athugun lyfjastofnunar:

# Lögmæti póstsendinga

**LYFJAFYRIRTÆKI** Lyfjastofnun kannar nú hvort starfsemi Lyfjavers samræmist ákvæðum lyfjalaga. Lyfjaver hefur ákveðið að bjóða upp á ókeypis heimsendingarþjónustu hvert á land sem er. Samkvæmt lyfjalögum er póstverslun með lyf ólögleg.

Í lögunum segir að lyf skulu afgreidd þannig að sjúklingur eða umboðsmaður hans veiti þeim viðtöku í lyfjabúð og um leið séu nauðsynlegar upplýsingar veittar sem og ráðgjöf. Séu lyf send lengri eða skemmri veg skal afhending vera í höndum þjálfaðs starfsfólks. **- bs**

## EVRÓPA

**DÆMDIR FYRIR IRA-AÐILD** Fimm menn sem handteknir voru vopnaðir og í fölsuðum lögreglubúningum voru fundnir sekir um aðild að IRA. Sérstakur hryðjuverkadómstóll fjallaði um mál mannanna og dæmdi hvern og einn í fjögurra ára fangelsi.

VERK AÐ VINNA



NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS
27. FEBRÚAR
www.hi.is

Mikil ásókn í stuttar sumarferðir í ár:

# Ferðavenjur að breytast

**FERÐAMÁL** Forráðamenn ferðaskrifstofunnar Úrvals-Útsýnar ætla að bjóða upp á beint flug frá Akureyri til Tyrklands í ágústmánuði. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á slíka ferð. Uppselt er í ferðina sem verður ein af mörgum beinum flugferðum félagsins frá Akureyri í sumar. Þetta þykir til marks um aukna útþrá landsmanna – og breyttar ferðavenjur.

Að sögn Harðar Gunnarssonar framkvæmdastjóra hefur bókun á sólarlandaferðum verið mun meiri í ár en á sama tíma í fyrra og tekur Bjarni H. Ingólfsson markaðsstjóri Heimsferða í sama streng, aukningin nemi allt að 30 prósentum.

Guðrún Sigurgeirsdóttir hjá Úrval-Útsýn segir að ferðamáti Íslendinga sé að breytast. Þriggja vikna ferðir séu nánast að verða óþekkt fyrirbrigði. Guðný telur breytingarnar stafa af því að ferðir séu mun ódýrari nú en áður og því sækist Íslendingar í fleiri og styttri ferðir. Algengast er að fólk bóki vikuferðir og eru staðir eins og Costa del Sol og Kanaríeyjar meðal vinsælustu áfangastaðanna að þessu sinni. ■



**METAÐSÓKN**
Að sögn ferðafrömuða má búast við allt að 30 prósenta aukningu á ferðum landsmanna til sólarstranda í ár, frá fyrra ári. Myndin er frá Kanaríeyjum.



Mundi Sturla selja Hringveginn?
1 Akureyri
51 Akranes
47 Hvalfjörður
1 Akureyri
51 Akranes
Ath! Einka-vegur
Nei!
Grunnnetið er þjóðvegur fjarskipta á Íslandi og sameign þjóðarinnar.
Það eru mistök að selja Grunnnetið með Landssímanum.
„Er vit í þessu?“
„Nei þetta er hringavitleysa“
og
vodafone™
Tryggjum frjálsa samkeppni
í fjarskiptum á Íslandi

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 21.02.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61, 07 | 61,37 |
| Sterlingspund | GBP | 115,77 | 116,33 |
| Evra | EUR | 79,72 | 80,16 |
| Dönsk króna | DKK | 10,71 | 10,77 |
| Norsk króna | NOK | 9,61 | 9,67 |
| Sænsk króna | SEK | 8,74 | 8,80 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,70 | 93,26 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,56 -1,03%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Barnaþrælkun:

# 210 milljónir látnar þræla

**BÖRN** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, telur að 210 milljónir barna víða um heim neyðist til að vinna fyrir sér við skelfilegar aðstæður. Námagröftur, vændi og hermennska eru meðal þeirra verkefna sem þau eru neydd til að inna af hendi. Flest fá greidd smánarlaun, ef nokkur.

Í nýrri skýrslu UNICEF kemur fram að börn allt niður í fimm ára gömul þurfi að þræla við illan kost. Sums staðar eru þau beinlínis notuð sem heimilisþrælar en barnaþrælkun fyrirfinnst um allan heim. Í Asíu eru börn gjarnan látin vinna í efnaverksmiðjum, í Afríku í grjótnámum og í Suður-Ameríku í málmbræðslum. Í Norður-Ameríku eru börn talin ódýrt vinnuafl í landbúnaði og í Evrópu eru dæmi um börn í kynlífsþrældómi. 41 prósent barna í Afríku þarf að sjá sjálfu sér farborða.

UNICEF segir að eina leiðin til að binda enda á þessa óhæfu sé að uppræta fátækt í heiminum. Því hvetja samtökin hinar ríkari þjóðir að láta enn meira fé af hendi rakna til þróunaraðstoðar. **- shg**



MYND AP

**RÆNDUR BERNSKUNNI**
Börn allt niður í fimm ára gömul neyðast til að vinna fyrir sér við ömurleg störf víða um heim.

Óvenjulegur þjófnaður:

# Þjófar stálu sundlaug

**NOREGUR, AP** Fátt er svo fast að þjófar geti ekki stolið því. Að því komst Norðmaðurinn Arild Nicolays-s en þegar hann kom að sumarbústað sínum og sá að þjófar höfðu haft sundlaugina á brott.

Þjófarnir hafa verið afar ákveðnir því það er meira en að segja það að stela sundlauginni, sem var grafin í jörðina og boltuð niður. Það kom þó ekki í veg fyrir að þeir losuðu um sundlaugina, flyttu á bílpall og héldu á brott með hana. Þjófarnir tóku líka allan búnað sem tengdist sundlauginni og hefur það væntanlega tekið þá nokkurn tíma að ná öllu upp úr jörðinni. ■

Nytjastuldur í Keflavík:

# Buxur, kaffi og franskar

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær nítján ára Keflvíking í hundrað daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaðartilraun. Pilturinn hafði aðfaranótt 26. maí í fyrra farið inn á Flughótel í Keflavík og látið þar greipar sópa.

Í dómnum segir að starfsfólk hafi komið að honum þegar pilturinn var búinn að taka og setja í poka „í þjófnaðartilgangi tvo kaffipoka, tvö handklæði, buxur, vasaljós, og poka af frosnum frönskum kartöflum.“ Pilturinn gekkst við brotinu og var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi. Fyrr á árinu gekkst hann undir dómsátt fyrir ölvunarakstur. **- bs**

Innbrot og fjársvik:

# Tveggja mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir fjársvik, þjófnað og að taka við þýfi. Maðurinn hafði meðal annars framvísað greiðslukorti fyrirtækis í leyfisleysi og brotist inn í íbúðarhúsnæði og stolið þaðan verðmætum.

Brotin voru framin í ágúst og september í fyrra. Maðurinn játaði brot sín skýlaust og var það virt honum til refsilækkunar. Til viðbótar við fangelsisvistina var manninum gert að greiða allan sakarkostnað. **- bs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FÍKNIEFNI Í NESKAUPSTAÐ** Karlmaður milli fertugs og fimmtugs var handtekinn með lítilræði af hassi í Neskaupstað í gær. Talið er að efnið hafi verið ætlað til einkaneyslu.

# Bush sækist eftir stuðningi Evrópu

**Bandaríkjaforseti leggur áherslu á að styrkja tengslin við Evrópu og fá stuðning við aðgerðir Bandaríkjanna í Írak meðan á fimm daga ferðalagi hans til Evrópu stendur. Hann lagði áherslu á frið í Mið-Austurlöndum og lýðræðisvæðingu.**

**BRUSSEL, AP** Lýðræðisþróun var lykilatriðið í málflutningi George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær, á fyrsta degi ferðalags hans um Evrópu. Hann sækir heim þjóðarleiðtoga og áhrifamenn til að treysta tengsl Evrópu og Bandaríkjanna og sækja stuðning Evrópuríkja við aðgerðir Bandaríkjanna í Írak. Annað meginatriðið í málflutningi forsetans var friður fyrir botni Miðjarðarhafs.

Bush sagði nauðsynlegt fyrir Vesturlönd að koma á friði í Mið-Austurlöndum. Hann hét stuðningi við friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna. „Stærsta tækifæri okkar og helsta markmið núna er friður í Mið-Austurlöndum,“ sagði Bush. Hann skoraði einnig á Sýrlendinga að hætta afskiptum af málefnum Líbanons og láta heimamönnum eftir stjórn lands síns.

Bandaríkjaforseti hvatti til þess að lýðræði yrði styrkt í nokkrum löndum, þeirra á meðal Rússlandi og Egyptalandi. „Við verðum að minna Rússa á að bandalag okkar byggir á frjálsum fjölmiðlum, þróttmikilli stjórnarandstöðu, valddreifingu og réttarríki,“ sagði George W. Bush og vísaði til samstarfs Bandaríkjanna og Evrópuríkja. Rússnesk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að draga úr valddreifingu.

**„Stærsta tækifæri okkar og helsta markmið núna er friður í Mið-Austurlöndum**

Bandaríkjamenn vilja að fleiri ríki komi að því að tryggja öryggi í Írak. „Sumar Evrópuþjóðir tóku þátt í baráttunni fyrir því að frelsa Írak, aðrar ekki,“ sagði Bush. „Nú er það hagur allra þjóða að takast megi að koma á frjálsu og lýðræðislegu ríki í Írak, sem berst gegn hryðjuverkum, fyrirmynd frelsis og uppspretta raunverulegs stöðugleika á svæðinu.“

Í dag funda leiðtogar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Þar er búist við að öll ríki samþykki að leggja eitthvað til þjálfunar íraskra herforingja, staðfesti stuðning sinn við uppbyggingu í Afganistan og að þau hugleiði jafnvel aðkomu Atlantshafsbandalagsins í Mið-Austurlöndum ef Ísraelar og Palestínumenn komast að samkomulagi um frið. ■



**BUSH OG GUY VERHOFSTADT, FORSÆTISRÁÐHERRA BELGÍU, Á GÓÐRI STUND**
„Bandalag Evrópu og Norður-Ameríku er helsta stoð öryggismála á nýrri öld,“ sagði George W. Bush í ræðu. „Sterk vinátta okkar er nauðsynleg fyrir frið og velmegun á heimsvísu og engar tímabundnar deilur, engar skammvinnar deilur ríkisstjórna né nokkur kraftur á jörð mun nokkurn tíma komast upp á milli okkar.“



**KONUNGUR Á KJÖRSTAÐ**
Jóhann Karl Spánarkonungur mætti á kjörstað en meirihluti Spánverja sat heima.

Stjórnarskrá ESB:

# Varað við áhugaleysi

**BELGÍA, AP** Forystumenn Evrópusambandsins lýstu áhyggjum af lítilli þátttöku í spænsku þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrá Evrópusambandsins og vöruðu við því að áhugaleysi almennings kynni að valda vandamálum þegar kæmi að því að afla stuðnings við stjórnarskrána.

Drjúgur meirihluti Spánverja, 76,7 prósent, greiddi atkvæði með stjórnarskránni. Það olli hins vegar vonbrigðum að kjörsókn var aðeins 42 prósent og hefur aldrei verið minni á Spáni frá því lýðræði komst á eftir andlát einræðisherrans Francisco Franco árið 1975. ■

Líbanir mótmæla:

# Burt með Sýrlendinga

**LÍBANON, AP** Tugþúsundir Líbana tóku þátt í mótmælum gegn stjórn landsins og kröfðust þess að hún færi frá völdum. Efnt var til mótmælanna viku eftir að Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra, var ráðinn af dögum.

Reiði manna beindist að Sýrlendingum og þeim líbönsku stjórnmálamönnum sem fylgja þeim að málum. „Burt með Sýrland“ og „Við viljum ekki þing sem er dyravörður fyrir Sýrlendinga“ mátti heyra mótmælendur kalla þar sem þeir veifuðu líbanska fánanum og börðu trommur. ■


FISKBÚÐIN ÁRBJÖRG

**við JL-Húsið**

**Opið 08:00-18:30**

S: 552 5070

**Ýsuflök 390**

**Roðlaus beinlaus 590**

**Ýsa í sósum 590**

**Tilboðið gildir í dag og á morgun.**

Þar sem fiskurinn stoppar stutt


## Veðrið

**ÁFRAM VORVEÐUR**
Litlar breytingar verða á veðri dagsins frá því sem verið hefur. Reyndar helst það að það verður að líkindum bjartara vestan til en síðustu daga. Veðrið verður áfram fremur milt þó heldur muni draga niður í hitanum næstu daga.

**VEÐURHORFUR NÆSTU HELGI**
Á laugardag: Hæg breytileg átt og fremur bjart í flestum landshlutum. Hiti víðast yfir frostmarki.
Á sunnudag: Hæg breytileg átt og víðast bjartviðri. Frostlaust sunnan til annars vægt frost.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Fimmtudagur




Hæg breytileg átt.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C léttskýjað | París | 2°C alskýjað | Torrevieja | 15°C skýjað |
| Osló | -3°C alskýjað | Prag | 1°C snjóél | Róm | 11°C skýjað |
| Stokkhólmur | -4°C alskýjað | Amsterdam | 2°C léttskýjað | New York | 6°C snjókoma |
| London | 6°C skýjað | Varsjá | 1°C alskýjað | Miami | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Voltaren
Dolo
20 comprimés filmés
Fljótvirkt
bólgueyðandi
verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni
Fæst án
lyfseðils
VoltarenDolo ®
Díklófenak-K 12,5 mg
**Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur.** Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



## KJÖRKASSINN

*Gafstu blóm á konudaginn?*

**Niðurstöður gærdagsins á** visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 20,41% |
| Nei | 79,59% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**
*Drekkur þú mjólk?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun.

Undarlegt veðurlag á landinu:

# Þétt þoka og hlýindi

**VEÐUR** Mikil þoka hefur grúft yfir höfðuborginni síðustu daga sem er fremur óvenjulegt á þessum árstíma. Orsök þessara óvenjulegu hlýinda og þoku er hæð langt suður í hafi sem hefur beint til okkar hlýju og röku lofti frá því á laugardagskvöld.

Theodór Hervarsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir líklegt að það verði þoka við Breiðafjörð í dag. Hins vegar spáir hann því að það muni létta til á suðvestur horninu. Spáð er bjartviðri fyrir norðan.

Þoka myndast þegar hlýtt rakt loft berst yfir kaldan sjó. Við það þéttist rakinn og myndar þokudropa eða súld ef rakinn er nógu mikill. Austfjarðarþokan er þekkt fyrirbæri hérlendis en eystra er mjög algengt að þoka myndist á sumrin af sömu orsökum. Hiti í Reykjavík í gær var 5-6 gráður en fór upp í 14 gráður á Dalvík klukkan 15:00 í gær.

Til marks um veðurblíðuna var um ellefu stiga hiti í Hlíðarfjalli við Akureyri í gær. Um helgina voru menn mjög bjartsýnir á að veðrið þar yrði gott fyrir skíðaiðkun næstu daga. **- shv**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HRESSINGARGANGA Í ÞOKUNNI**
Þórir Þórarinsson á göngu með Kát á Sæbrautinni í gærdag.

Bátsbruninn í Sandgerði:

## Eldsupptök enn ókunn

**SLÖKKVISTARF** Skipverjar á netabátnum Val GK-185 sem skemmdist mikið í bruna í Sandgerðishöfn í fyrrakvöld voru nýlega búnir að yfirgefa bátinn þegar eldsins varð vart. Tilkynning um brunann barst um klukkan átta.

Rannsókn á orsökum brunans stendur enn yfir.

Báturinn hafði verið við veiðar undan Suðurlandi og hafði verið áætlað að hann færi aftur á miðin klukkan tíu sama kvöld.

Valur GK6-185 er 170 lesta yfirbyggður troll- og netabátur í eigu útgerðarinnar Stakkar hf. Eigandi hennar, Jóhann Magnús Ólafsson segist ekki gera sér grein fyrir tjóninu en báturinn sé mjög illa farinn. ■

Sumarhús í Ólafsfirði:

## Ónýtt eftir eldsvoða

**SLÖKKVILIÐ** Eldur kviknaði í gömlu timburhúsi við Aðalgötu 3 í Ólafsfirði í fyrrinótt. Engan sakaði en húsið var mannlaust.

Það var rétt fyrir miðnætti sem íbúar við næstu götu urðu varir við blossa inni í húsinu og höfðu samband við slökkvilið.

Talið er að kviknað hafi í út frá eiturmettuðum gufum en húseigendur höfðu verið að lakka gólf fyrr um kvöldið og höfðu kveikt á rafmagnsofni í rýminu. Auðveldlega gekk að ráða niðurlögum eldsins en húsið sem er notað sem sumarhús er talið ónýtt. ■

Akureyri:

## Réttindalaus undir stýri

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Ökumenn tveggja bíla fengu að dúsa í fangageymslum lögreglunnar á Akureyri í nótt vegna gruns um fíkniefnamisferli. Lögreglan stöðvaði ökumennina í almennu eftirliti og kom í ljós að annar þeirra var réttindalaus. Ökumennirnir tveir og farþegar í bílunum voru vistaðir um tíma í fangageymslum lögreglunnar þar sem grunur lék á að þeir hefðu fíkniefni undir höndum. Mönnunum var sleppt að rannsókn lokinni. ■

## LEIÐRÉTTING

Erlendu starfsmennirnir sem búa í ósamþykkta leiguhúsnæðinu við Hvaleyrarbraut 22 í Hafnarfirði vinna hjá Hraðbindingu sem starfar fyrir Ris, en vinna ekki hjá Ris eins og sagt var í frétt blaðsins á laugardag.

Í umfjöllun blaðsins á laugardag var rangt farið með föðurnafn Gunnars Grímssonar hjá tölvufyrirtækinu Miðheimum. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Umsátursástand á fasteignamarkaði

**Það er víðar en á suðvesturhorni landsins sem margir bítast um þær fáu eignir sem í boði eru. Spurn eftir húsnæði á Akureyri er jafnvel meiri en í Reykjavík, þrátt fyrir að verðið sé ekki orðið eins hátt. Fasteignasalar tala um umsátursástand á markaðnum. Vestfirðir skera sig þó úr.**

**FASTEIGNAVERÐ** Rúmlega 90 þúsund samningar um kaup á húsnæði hafa verið undirritaðir síðastliðin tíu ár og má gera því skóna að stór hluti þjóðarinnar hafi flust búferlum einu sinni eða oftar á þessum tíma. Mikill meirihluti allra kaupsamninga hefur verið á suðvesturhorninu en salan hefur líka tekið fjörkipp annars staðar á landinu – að Vestfjörðum undanskildum.

Athyglisvert er að spurn eftir húsnæði á Akureyri er jafnvel meiri en á suðvesturhorninu eins og sakir standa. Fasteignasalar í bænum segja að umsátursástand ríki um þær fáu eignir sem þar koma til sölu.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segir þessa þróun afar ánægjulega. „Þetta er að mínu viti einn besti mælikvarðinn á að hér sé það samfélag sem fólk fýsir að taka þátt í en vissulega hefur þessi þróun verið mun örari en okkur óraði fyrir. Vilji bæjaryfirvalda er að bregðast hratt við og það erum við að gera með auknu lóðaframboði."

Áþekkt ástand er að skapast á fasteignamarkaði austanlands. Fólksfjölgun eystra hefur þó ekki verið með þeim hætti sem spáð var í ljósi stórframkvæmda á svæðinu en er þó næg til að skapa talsverða spennu á íbúðamarkaðnum á Austurlandi.

Eina svæðið á landinu sem situr eftir í þessum efnum eru Vestfirðir en þar hefur verð á húsnæði staðið í stað og er í engum takti við aðra landsfjórðunga. Þingmenn svæðisins hafa eðlilega af þessu þungar áhyggjur og er Einar K. Guðfinnsson einn af þeim. „Þetta er lýsandi dæmi um bága félagslega stöðu Vestfjarða. Ég hef þó þær fregnir frá fasteignasala á Ísafirði að það sé eitthvað að birta til um þessar mundir en staðan er sannarlega önnur á Vestfjörðum en annars staðar á landinu."

Einar segir að sú hækkun húsnæðisverðs sem orðið hefur undanfarna mánuði og ár sé út úr kortinu ef mið er tekið af launaþróun á sama tíma. „Ég óttast að þær verðhækkanir sem orðið hafa eigi eftir að koma í bakið á fólki þegar fram líða stundir því þær hafa verið langt umfram launahækkanir. Það sjá það allir í hendi sér að fjárskuldbindingar upp á tugi milljóna króna fyrir venjulegan launamann geta ekki staðist til lengdar og mín skoðun er sú að ástandið í þessum málum í Reykjavík sé dæmi um bólu sem annaðhvort springur eða hjaðnar fyrr en síðar." **albert@frettabladid.is**



**EINAR K. GUÐFINNSSON**
Einar segir hækkun húsnæðisverðs undanfarin misseri algjörlega út úr kortinu.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**
Mikil verðhækkun á húsnæði á Akureyri er mjög jákvæð þróun að mati bæjarstjórans.



**FRÁ PATREKSFIRÐI**
Fasteignaverð á Vestfjörðum hefur ekki haldist í hendur við aðra staði á landinu og er hægt að gera kjarakaup á húsnæði þar ef miðað er við almennt fasteignaverð á landinu. Fáir áttu von á því þegar lánaprósenta vegna húsnæðiskaupa var aukin að það ýtti undir frekari fólksflótta frá veikustu byggðum landsins en það hefur komið á daginn.

**DÆMI UM HÚSNÆÐISVERÐ Á VESTFJÖRÐUM:**

| | |
|---|---|
| 4 herbergja nýleg íbúð í fjölbýli í Bolungarvík | 3,9 milljónir |
| sambærileg eign í Reykjavík | ca. 17-20 milljónir |
| 104 fermetra endurnýjað einbýlishús á Tálknafirði | 3,5 milljónir |
| sambærileg eign í Reykjavík | ca. 18-24 milljónir |
| 113 fermetra hæð á Patreksfirði | 3.6 milljónir. |
| sambærileg eign í Reykjavík | ca. 15-19 milljónir |

Forystumenn sjía ósammála um næsta forsætisráðherra:

# Sótt gegn vígamönnum í Ramadi

**ÍRAK, AP** Bandarískar og íraskar hersveitir streymdu inn í Ramadi, settu upp vegatálma, leituðu í bílum og lokuðu nokkrum borgarhlutum af í gær. Aðgerðirnar voru hluti af sókn þeirra gegn írösku vígamönnum í borginni og nokkrum öðrum borgum og bæjum við Efratfljót.

Íbúar í Hadithah sögðu að bandarískar herþotur hefðu varpað sprengjum á borgina en ekki var vitað til þess að nokkur hefði fallið.

Á sama tíma og aðgerðirnar stóðu yfir við bakka Efrat-fljóts funduðu meðlimir Sameinaða íraska bandalagsins í Bagdad og reyndu að komast að niðurstöðu um hver skyldi verða næsti forsætisráðherra landsins. Flokkarnir sem standa að bandalaginu skipuðu 21 manns nefnd sem á að tilnefna tvo frambjóðendur til embættisins.

Ibrahim al-Jaafari varaforseti og Ahmad Chalabi, fyrrum samstarfsmaður Bandaríkjanna, þóttu lengi líklegastir í embætti forsætisráðherra en málin flæktust í gær þegar spurðist út að Adel Abdul-Mahdi fjármálaráðherra kynni að gefa kost á sér í embættið en hann hafði áður dregið sig í hlé. Abdul-Mahdi tengist Íran sterkum böndum og er það sumum þyrnir í augum. ■



**KVEÐJAST Í FUNDARLOK**
Iyad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, kveður hér manninn sem þykir hvað líklegastur til að hafa embættið af honum, Ibrahim al-Jaafari.



# hp compaq nx9020

## fartölva + prentari = frábært tilboð




**Þegar kemur að því að velja tölvubúnað skipta gæði og þjónusta höfuðmáli**

hp er eini framleiðandinn í heiminum sem býður upp á heildarlínu í tölvubúnaði. hp fartölvurnar er margverðlaunaðar og hp prentarar mest seldu prentarar í heimi.

- Intel Celeron M 360 örgjörvi (1,4Ghz)
- 15" TFT skjár með 1024x768 upplausn
- 256 MB DDR vinnsluminni
- 60GB harður diskur
- DVD+RW geislaskrifari
- Þráðlaust (802.11b/g) netkort og 10/100 netkort
- Microsoft Windows XP Professional

**hp deskjet 5740 litaprentari - fylgir með**

- Allt að 23 bls/mín í svörtu
- Allt að 18 bls/mín í lit
- Prentar ljósmyndir á jaðar pappírs



**Afborgun á mánuði**

**kr. 3.450***

Tilboðsverð kr. 139.900

*Tölvulán í 48 mán. fyrir námsmenn m.v. 9% vexti, skv. vaxtatöflu S24 þann 17.02.2005.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

**Kynntu þér málið á fartolvur.is, s24.is eða í síma 570 1000**

invent

**Söluaðilar:**
**Höfðborgarsvæðið:** HP búðin – Oddi – Office1 – Penninn
**Landsbyggðin:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík
NetX, Egilsstöðum – Samhæfni, Reykjanesbæ – Stefna, Akureyri
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands, Selfossi

S24 ...og þú hagnast



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir nýfæddur sonur Beckham-hjónanna?

2 Hvað voru margir læknar sviptir lækningaleyfi á síðasta ári?

3 Hvað eru mörg ár frá því að Kvennablaðið kom út í fyrsta sinn?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Samkeppnisráð um blóðrannsóknir:

# Landspítali ekki á almennum markaði

**RANNSÓKNIR** Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna máls sem reis vegna fyrirhugaðs flutnings rannsókna frá heilsugæslustöðvum til Rannsóknarstofnunar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Rannsóknarstofan í Mjódd hafði sent erindi þessa efnis til samkeppnisstofnunar, þar sem talið var að fyrirhugaðri starfsemi hinnar nýju rannsóknarstofu LSH kæmi til með að raska verulega samkeppni á rannsóknarmarkaði.

Niðurstaða samkeppnisráðs er sú, að frjáls samkeppni merki að aðili bjóði vöru sína eða þjónustu á markaði. Upplýst sé í máli þessu að RLSH veiti ekki rannsóknaþjónustu á hinum almenna markaði heldur séu rannsóknir fyrst og fremst framkvæmdar í þágu eigin starfsemi heilbrigðisyfirvalda.

Mat samkeppnisráðs sé að starfsemi RLSH er lýtur að rannsóknum fyrir heilbrigðisyfirvöld í landinu teljist ekki í frjálsri samkeppni við aðrar rannsóknarstofur. ■



**BLÓÐRANNSÓKNIR**
Landspítali keppir ekki við aðrar rannsóknarstofur á almennum markaði, segir samkeppnisráð.

Atlantsolía:

# Sjö nýjar stöðvar

**VIÐSKIPTI** Atlantsolía ætlar að byggja sjö nýjar bensínstöðvar á þessu ári. Í dag verður tekin skóflustunga að nýrri stöð í Njarðvík en á næstu mánuðum stendur til að byggja stöðvar við Kaplakrika í Hafnarfirði, á Dalvegi í Kópavogi, á Sprengisandi, í Skeifunni og á Höfða.

Þá er fyrirtækið með lóð á Ísafirði þar sem til stendur að reisa nýja stöð á árinu. „Það er vonandi að neytendur fylki sér á bak við okkur svo við getum fært kvíarnar enn meira út,“ segir Geir Sæmundsson framkvæmdastjóri. Fyrir rekur Atlantsolía þrjár stöðvar. ■





**ÁRBÆJARAPÓTEK**
Tveir grímuklæddir menn ógnuðu starfsfólki með hnífi.

Vopnað rán:

# Ræningjanna enn leitað

**LÖGREGLUMÁL** Tveggja manna sem rændu Árbæjarapótek klæddir samfestingum og með grímu var enn leitað þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi. Tveir voru handteknir um helgina grunaðir um ránið en þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum og eru ekki taldir tengjast ráninu.

Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, vill ekki lýsa þeim aðferðum sem notaðar eru við leitina. Hann segir málið vera í rannsókn og hvert spor sem stigið er sé spor í rétta átt.

Mennirnir sem rændu apótekið ógnuðu starfsfólki með hnífum og höfðu á brott með sér örvandi lyf.

- hrs

# Flýr undan Fljótsdalslínum

**Bóndinn á Eyrarteigi í Skriðdal sér fram á að íbúðarhús hans verði óíbúðarhæft og verðlaust þegar Fljótsdalslínur verða lagðar 148 metrum frá húsinu. Landsnet bauð 1,2 milljónir króna í bætur en því var hafnað. Eignarnám jarðarinnar hefur verið heimilað.**

„Það kom mér ekki á óvart að eignarnámsheimild hefði verið veitt á minni jörð. Hins vegar kemur á óvart að henni hafi verið synjað annars staðar,“ segir Sigurður Arnarson, skógarbóndi á Eyrarteigi á Skriðdal.

Iðnaðarráðuneytið hefur heimilað Landsneti að taka jörðina eignarnámi, auk tveggja annarra jarða á Héraði. Ráðuneytið synjaði hins vegar ósk um að hið sama gilti um tvær jarðir í Reyðarfirði á þeirri forsendu að ekki þótti sýnt að samningar hefðu verið fullreyndir.



**„Þá buðu þeir mér 1,2 milljónir fyrir húsið en ég hafnaði því umsvifalaust**

Eignarnámið er veitt svo leggja megi Fljótsdalslínur 3 og 4 en um þær er rafmagn frá Kárahnjúkavirkjun leitt í álverið í Reyðarfirði.

„Það á alveg eins við um mig að samningar hafi ekki verið reyndir til fullnustu. Ég nefndi það bara ekki í athugasemdunum og ekki við aðra en mig að sakast.“

Sigurður gefur ekki mikið fyrir þær samningaviðræður sem þó fóru fram. „Þeir buðu mér ákveðna fjárhæð en ég sagðist vilja fá húsið bætt að fullu. Þá buðu þeir mér 1,2 milljónir fyrir það en ég hafnaði því umsvifalaust. Þá sögðust þeir taka jörðina eignarnámi og þar með lauk samningaviðræðunum.“

Sigurður segir ekki koma til greina að búa áfram í íbúðarhúsinu eftir að háspennulínurnar verða komnar í hlaðið hjá honum en þær eiga að standa 148 metrum frá húsinu. „Ég tek ekki áhættuna á að ala upp börn í nágrenni við þessar línur.“ Hann mun því flytja í burtu ásamt sambýliskonu sinni og tveimur börnum þegar línurnar verða settar upp á næsta ári. Hann veit þó ekki hvert.

Sigurður er ötull skógarbóndi og hefur plantað á landinu sem Landsnet fær landnýtingarréttindi á. Nokkur þúsund plöntur fara forgörðum. „Það verður lagður vegur yfir plönturnar og þar sem línurnar liggja verður skógurinn höggvinn áður en hann snertir þær. Ég keypti jörðina fyrir rúmum áratug til að rækta skóg.“ Sigurður getur fallist á þær bætur sem honum voru boðnar fyrir landið, í það minnsta segir hann ekki stóran ágreining um þær. Það er hins vegar húsið sem styrinn stendur um.

Matsnefnd eignarnámsbóta mun úrskurða um bætur til handa Sigurði og fjölskyldu.

bjorn@frettabladid.is



**TENGIVIRKI Í SKRIÐDAL**
Rafmagnslínurnar munu standa í 148 metra fjarlægð frá íbúðarhúsinu á Eyrarteigi. Sigurður bóndi segir ekki koma til greina að búa áfram í íbúðarhúsinu eftir að háspennulínurnar verða komnar í hlaðið hjá honum.


DV

Grét yfir myndunum af dauða sonar míns





Banamaður sonarins segir myndirnar sýna að hann hafi fengið of þungan dóm

DV – hefur þú séð DV í dag?


Tveir skattsvikarar fundnir sekir:

# Dæmdir í háar fjársektir

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær tvo karlmenn í skilorðsbundið fangelsi og til tug milljóna fésekta fyrir að standa ekki skil á sköttum og staðgreiðslu opinberra gjalda. Mál mannanna tengjast ekki.

Í öðru málinu var 37 ára gamall maður dæmdur fyrir að hafa á árunum 2001 og 2002 ekki staðið skil á virðisaukaskatti að andvirði rúmlega níu milljóna króna og staðgreiðslu opinberra gjalda að andvirði rúmlega sex milljóna króna.

Í hinu málinu var fimmtugur maður dæmdur fyrir að hafa á árunum 1997 til 2000 rangfært á skattskýrslur og þannig haft undan tæplega 5,5 milljónir króna í virðisaukaskatt. Auk þess kom hann sér undan greiðslu tekjuskatts að andvirði rúmlega níu milljóna króna.

Báðir mennirnir gengust við brotum sínum og þóttu samvinnufúsir við afgreiðslu málanna. Sá fyrri var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi en sá seinni í fimm mánuði. Báðir dómarnir eru skilorðsbundnir til tveggja ára. Þá þeim fyrri gert að greiða 30,6 milljónir í sekt í ríkissjóð, en sá seinni rúmlega 29 milljónir. Greiði þeir ekki sektirnar innan fjögurra vikna þurfa þeir að sæta tólf mánaða fangelsi.

- bs



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS**
Mennirnir gengust báðir við brotum sínum og þóttu samvinnufúsir við afgreiðslu málanna.

Barði mann með flösku:

# Skilorðsbundið fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær mann á 23. aldursári í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir að hafa slegið mann með bjórflösku í andlitið og sparkað í höfuð hans með þeim afleiðingum að bein í andliti brotnuðu.

Við refsimat var litið til þess að sá dæmdi játaði brot sitt skýlaust auk þess sem kærandinn er talinn hafa átt „nokkur upptök“ að átökunum. Kærandinn dró málið á sínum tíma til baka þar sem sátt hafði náðst um skaðabætur en lagði kæruna fram aftur þegar hann fékk ekki peningana.

- bs

Héraðsdómur Reykjaness:

# Tæpt ár fyrir kjálkabrot

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær 33 ára gamlan karlmann í tíu mánaða fangelsi fyrir líkamsárás, innbrot og þjófnað. Manninum var gefið að sök að hafa ráðist á konu í íbúð sinni að morgni gamlársdags árið 2003 og misþyrmt henni með þeim afleiðingum að hún kjálkabrotnaði.

Þá braust hann inn í hús og bifreið sumarið 2004 og stal þaðan verðmætum. Maðurinn játaði brot sitt skýlaust.

- bs





# nýr lífsstíll

ferskt
fljótlegt
þægilegt

10-11
...þegar þér hentar

...bara á
flugfelag.is
23. feb. - 1. mars

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.999 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.299 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.999 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 27479 02/2005

Forráðamenn Súðavíkurhrepps:

# Ávaxta pundið í verðbréfum

**FJÁRFESTINGAR** Súðavíkurhreppur hefur lagt 200 milljónir króna í verðbréfasjóði Íslenskra verðbréfa. Á hreppsnefndarfundi í síðustu viku var samþykkt að setja 80 milljónir króna í sjóðsstýringu en áður hafði fyrirtækinu verið falið að ávaxta 120 milljónir í eigu hreppsins. „Við erum ekki að taka áhættu heldur setja peninga í tiltölulega örugga sjóði þar sem lítilla sveiflna er að vænta," segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Hann viðurkennir þó að fimm til tíu prósent fjárins sé í sjóðum þar sem áhættan kann að vera meiri.

Hreppnum græddis fé við sölu hlutabréfa í Orkubúi Vestfjarða og Hraðfrystihúsi Gunnvarar og er hluti þess ávaxtaður með þessum hætti. „Við framfleytum okkur yfir núllið á vöxtunum," segir Ómar og þvertekur fyrir að bréfakaupin séu til marks um að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna í landinu sé góð, öfugt við það sem almennt er haldið fram.

- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÓMAR MÁR JÓNSSON SVEITARSTJÓRI**
Hreppnum græddist fé við sölu hlutabréfa í Orkubúi Vestfjarða og Hraðfrystihúsi Gunnvarar og er hluti þess ávaxtaður með þessum hætti.

# Sjö króna sekt fyrir hvert tóbaksgramm

**Bannað er með lögum að flytja inn munntóbak. Allt munntóbak sem finnst er gert upptækt á Keflavíkurflugvelli og sektað fyrir hvert gramm sem næst. Heildsali sem blaðið veit um selur um 250 kíló af munntóbaki á mánuði.**

**TÓBAK** Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli tók 103 kíló af munntóbaki sem fannst í farangri flugfarþega síðasta árs. Þeir sem eru stöðvaðir með munntóbak í fórum sínum eru sektaðir um sjö krónur á hvert gramm eða um 350 krónur á hverja dós. Tollurinn í Reykjavík fann og lagði hald á 23 kíló af munntóbaki í fyrra.

Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, segir suma vera með nokkrar dósir í fórum sínum en aðra vera með nokkra tugi dósa. Á Keflavíkurflugvelli var sektað fyrir um 750 þúsund krónur á síðasta ári. „Það er erfitt að standa í þessu þar sem ekki gilda sömu reglur alls staðar. Helst finnst munntóbak í farangri þeirra sem koma frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi," segir Kári. Sumir verða reiðir þegar tollgæslan gerir munntóbakið upptækt að sögn Kára. Hann bætir jafnframt við að þó munntóbakið sé bannað í flestum löndum Evrópu sé það leyfilegt í nokkrum nágrannalöndum okkar. „Við tökum allt munntóbak sem við finnum. Okkur er ekki stætt á öðru því þetta er ólöglegt og okkur ekki heimilt að hleypa fólki í gegn með tóbakið," segir Kári en margir eru háðir tóbakinu og eru að flytja það með sér til einkaneyslu. Munntóbakið sem tollurinn leggur hald á fer í brennslu hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

> **„Það er erfitt að standa í þessu þar sem ekki gilda sömu reglur alls staðar**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**NEYTANDI MUNNTÓBAKS**
Smásali munntóbaks segir neyslu munntóbaks fara vaxandi þó það færist í vöxt að neytendur taki neftóbak í vörina til að þurfa ekki að pukrast með kaup á tóbakinu.

Munntóbakssmásali sem blaðið ræddi við hefur meðal annars selt bæði tollvörðum og lögreglumönnum munntóbak. Yfirleitt keyrir hann tóbakið heim til viðskiptavina en fyrir kemur að það sé afhent á bensínstöðvum eða á öðrum almenningsstöðum eða þá að kaupendur komi heim til hans og sæki vöruna. Sjálfur er hann með lítinn hóp viðskiptavina og er aðallega að selja vinum sínum og nokkrum til viðbótar. Hann kaupir munntóbakið af heildsala sem selur smásölum um 2500 dollur hálfsmánaðarlega eða um 125 kíló. Veit hann að minnsta kosti um tvo söluturna í Reykjavík selja munntóbak undir borðið. Smásalinn undrast að munntóbak sé bannað á meðan neftóbak er leyft en margir neytendur munntóbaks hafa farið þá leið að taka venjulegt neftóbak í vörina.

**hrs@frettabladid.is**

Skoðunarkerfi í sjávarútvegi:

# Breytingar á eftirlitsskyldu

**SJÁVARÚTVEGUR** Undirbúningsnefnd skipuð af sjávarútvegsráðherra leggur til að komið verði á fót samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í sjávarútvegi sem fjalli bæði um eftirlit með gæðamálum og veiðieftirliti. Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir mikilvægt að allir hagsmunaðilar taki þátt í samráðsnefndinni.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru að áfram eigi að byggja á því skoðunarkerfi sem nú er við lýði, þróa það frekar og bæta. Skoðað verður hvernig skoðunarstofur geti tekið við auknum verkefnum við framkvæmd eftirlitsins. Þetta kemur fram í fyrstu áfangaskýrslu nefndarinnar, sem kynnt var á blaðamannafundi í sjávarútvegsráðuneytinu í gær.

Markmiðið með stofnun samráðsnefndar er að skapa vettvang til gagnkvæmra skoðanaskipta og umræðu um starfshætti og rekstur eftirlitsins, umræðu og kynningar á nýjum breytingum. Nefndin mun starfa áfram undir stjórn Vilhjálms Egilssonar ráðuneytisstjóra. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**TÍU TILLÖGUR KYNNTAR**
Árni M. Mathiesen og Vilhjálmur Egilsson kynna tillögur nefndarinnar á blaðamannafundi í gær.






**Rabami 585**
Verð kr.
**47.900**



**Rabami 767**
Verð kr.
**64.900**



**Rabami 820**
Verð kr.
**62.900**



**Rabami 830**
Verð kr.
**81.400**

Skrifborðsstólarnir frá **Rabami** eru gæddir öllum þeim stillimöguleikum sem skrifborðsstólar þurfa að búa yfir. Stólarnir eru hannaðir í samvinnu við danska sjúkra- og iðjuþjálfa. **Verð frá 47.900 kr.**

**Meðmæli fagmanna:**
*„Okkur í atvinnulegri endurhæfingu á Reykjalundi finnst kostur að skrifborðsstólarnir frá Rabami séu með mismunandi setur og bök sem henta mismunandi vinnu og einstaklingum. Stólarnir eru vel bólstraðir með góðu áklæði og hafa fjölbreytilega stillimöguleika sem auðvelt er að komast að og læra á."*

**Iðjuþjálfar hjá Reykjalundi.**

RABAMI

Verslunin er opin **kl. 08–18**
virka daga og **kl. 10–14**
á laugardögum

Hafið samband í síma **515 5100**
og fáið nánari upplýsingar eða sendið
okkur fyrirspurn á **husgogn@oddi.is**

ODDI

Prentsmiðjan Oddi hf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5100 • Fax 515 5101

www.oddi.is



**SNÆVI ÞAKTIR GONDÓLAR**
Það var lítið um rómantískar siglingar í gondólum Feneyja í gær enda kalt í veðri og snjókoma síðustu daga búin að þekja gondólana snjó.

Þingmenn ósáttir við nýja ríkisstjórn Qureia:

# Gamalt vín á nýjum belgjum

**MIÐ-AUSTURLÖND, AP** Ahmed Qureia forsætisráðherra tryggði sér stuðning tuga þingmanna við breytta ríkisstjórn á stormasömum fundi með þingmönnum Fatah-hreyfingarinnar í fyrrinótt. Óvíst er hins vegar hversu langt það dugir því mikillar andstöðu gætir meðal þingmanna við nýju ríkisstjórnina.

Það sem vakti óánægju er hversu litlar breytingar verða á ríkisstjórninni. Einungis fjórir koma nýir inn í ríkisstjórnina en í henni sitja 24 ráðherrar. „Þetta er nýtt ráðuneyti með gömlum andlitum vegna þess að núverandi forysta trúir ekki á breytingar,“ sagði stjórnmálaskýrandinn Hani al-Masri. Viðbúið er að nýja stjórnin sitji aðeins í fáa mánuði, staðfesti þingheimur hana, og að ný stjórn taki við eftir kosningar í maí.

Ísraelar slepptu í gær 500 palestínskum föngum úr fangelsi. Föngunum var vel fagnað þegar þeir sneru aftur á Vesturbakkann og Gaza. Einn áhorfandi lét lífið þegar hann var skotinn af slysni þegar skotið var upp í loft til að fagna lausn fanganna.



**FORYSTA FATAH**
Mahmoud Abbas forseti, í forsæti, og Ahmed Qureia forsætisráðherra, til hægri við hann, reyndu að vinna stuðning þingmanna Fatah við nýtt ráðuneyti Qureia.

Frækileg björgun:

# Á gúmmíbát í sjö vikur

**ÁSTRALÍA** Ástralska strandgæslan skýrði frá því um helgina að tekist hefði að bjarga þremur mönnum sem höfðu verið á reiki í opnum gúmmíbát í alls sjö vikur en leit hafði nokkru



áður verið hætt og mennirnir allir taldir af. Fundust þeir skammt utan við Kyrrahafseyjuna Kiribati og var ástand þeirra bærilegt nema mikil þreyta hrjáði þá og var talið ljóst að björgun hefði ekki mátt verða mikið seinna.

Ferðaskrifstofa Austurlands:

# Markaðssókn erlendis

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hlutafé Ferðaskrifstofu Austurlands hefur verið aukið um 15 milljónir króna og segir Arngrímur Viðar Ásgeirsson, einn eigenda ferðaskrifstofunnar, að hlutaféð verði einkum notað til markaðssetningar erlendis: „Við erum í samstarfi við átta erlendar ferðaskrifstofur sem sérhæfa sig í útivistarferðum og stefnum á að fá um 150 ferðamenn til landsins í gegnum þær í sumar.“

Eigendur Ferðaskrifstofu Austurlands eftir hlutafjáraukninguna eru auk Arngríms: Byggðastofnun, Hannibal Guðmundsson, Erla Ingadóttir og ferðaþjónustuaðilar á Austurlandi.

- kk

Byggingarframkvæmdir við Mývatn:

# Fyrstu húsin í fimmtán ár

**NÝBYGGINGAR** Verktakafyrirtækið Sniðill í Mývatnssveit áformar að reisa tvö parhús með fjórum íbúðum í Reykjahlíðaþorpi á næstu mánuðum en það eru fyrstu húsin sem byggð eru í þorpinu í hálfan annan áratug. Byrjað er á jarðvinnu við fyrra parhúsið og eru báðar íbúðirnar seldar.

Ingólfur Jónasson, framkvæmdastjóri Sniðils, segir fasteignaviðskipi lífleg í Mývatnssveit um þessar mundir, þrátt fyrir hrakspár og dökkt útlit í atvinnumálum Mývetninga í kjölfar lokunar Kísiliðjunnar í nóvember síðastliðnum. „Svo virðist sem fólk vilji búa hérna og það hefur enginn fólksflótti brostið á enn sem komið er,“ segir Ingólfur.

Alls starfa 14 manns hjá Sniðli og vinna þeir við margvísleg verkefni, auk húsbygginga. „Þessa dagana eru starfsmenn frá okkur að vinna við uppsetningu á leikmynd vegna íslensk-amerísku spennumyndarinnar Last Winter sem að stórum hluta verður tekin upp við Mývatn,“ segir Ingólfur.

- kk



**SNIÐILSHÚS Á LAUGUM**
Sniðill byggði tvö parhús á Laugum í fyrra og eru þau eins og húsin sem byggð verða við Mývatn nema hvað þau verða steypt.

Hreindýraveiðar:

# Aldrei fleiri umsóknir

**SKOTVEIÐAR** Hreindýraráði bárust 1.600 umsóknir um 800 veiðileyfi en síðastliðinn föstudag var dregið á milli umsækjenda. Karen Erla Erlingsdóttir, starfsmaður umhverfisstofnunar, segir að eftirspurn eftir veiðileyfum hafi aukist



stöðugt undanfarin fimm ár en umsóknir hafi þó aldrei verið fleiri en í ár. „Veiðileyfin kosta frá 35 þúsund krónum og upp í 110 þúsund krónur en dýrast er að skjóta tarfa á Fljótsdalsheiði,“ segir Karen Erla.

- kk




GOTT FÓLK McCANN

TM ÞAKKAR GÓÐAR VIÐTÖKUR Á NÝJUM OG EINFALDARI BÍLATRYGGINGUM

Í júní 2004 kynnti TM nýjar og breyttar bílatryggingar. Bónuskerfið var lagt niður og teknar upp einfaldari og sanngjarnari tryggingar sem viðskiptavinir og aðrir bíleigendur kunna vel að meta.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN – *þegar mest á reynir!* · SÍMI 515 2000 · tm@tmhf.is · www.tmhf.is

Bresk stjórnvöld svara umhverfisráðherranum á Íslandi:

# Plútóníummagnið á reiki

**UMHVERFISMÁL** Ástæðan fyrir því að þrjátíu kíló af plútóníum koma ekki fram við birgðatalningu í Sellafield-kjarnorkuendurvinnslustöðinni er bókhaldslegs eðlis, að því er fram kemur í svari breskra stjórnvalda við fyrirspurn Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra.

Bretarnir segja að við endurvinnsluna séu efni skilin í sundur og þá gerist það oft að mælingar í vinnsluferlinu sýni meira eða minna magn en flutt var í stöðina til endurvinnslu.

Umhverfisráðherra óskaði upplýsinga frá breskum stjórnvöldum eftir að í ljós kom að yfirmenn Sellafield gátu ekki gert fyllilega grein fyrir hvað hefði orðið af plútóníum sem dugar til að byggja sjö til átta kjarnorkusprengjur.

Í umhverfisráðuneytinu fengust þær upplýsingar að áfram yrði fylgst með stöðu mála í Sellafield.



**KJARNORKUENDURVINNSLUSTÖÐIN Í SELLAFIELD**
Stjórnendur Sellafield segja ekki ástæðu til að hafa áhyggjur þó minna magn plútóníums komi fram við mælingu en flutt var í stöðina. Ástæðan er vandamál í talningu en ekki að efnið sé týnt.

Dýragarðsstarfsmaður:

# Banað af ungum fíl

**AUSTURRÍKI, AP** Stjórnendur dýragarðsins í Vín segja ekki ástæðu til að endurskoða öryggisreglur dýragarðsins þrátt fyrir að fíll hafi kramið umsjónarmann sinn til bana. Þetta er annað dauðsfallið á þremur árum sem dýr í garðinum valda, í fyrra skiptið rifu þrír jagúarar starfsmann dýragarðsins í sig fyrir framan gesti.

Fíllinn Abu skorðaði umsjónarmann sinn af upp við vegg og rak tennur sínar í hann. Umsjónarmaðurinn, sem hafði annast Abu frá fæðingu hans fyrir fjórum árum, lést samstundis að því er lögregla segir.



**FÍLLINN ABU**
Abu banaði umsjónarmanni sínum þegar hann var að þvo hann.

Ólafur Ólafsson hættir formennsku meðal eldri borgara:

# Ósáttur við sinnuleysi stjórnvalda

**ALDRAÐIR** Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, lét af formennsku í Félagi eldri borgara í Reykjavík á aðalfundi þess um helgina. Margrét Margeirsdóttir félagsráðgjafi var kjörin í hans stað en hún var áður varaformaður.

„Þetta var ánægjulegur tími, skemmtilegur og upplífgandi," segir Ólafur en hann var kjörinn formaður árið 1998. „Það var gott að berjast með góðu fólki og auðvitað reyni ég að vinna áfram eins og ég get."

Ólafur gagnrýnir hvernig stjórnvöld hafa brugðist við því sem hann segir sjálfsagðar kröfur eldri borgara. „Um þriðjungur ellilífeyrisþega hefur dregist afur úr öðrum hópum þegar horft er til tekna. Það er sagt að kaupmáttur hafi aukist um 40 til 50 prósent frá 1995 en hann hefur aðeins aukist um níu prósent hjá ellilífeyrisþegum. Og sé horft til ársins 1988 hefur kaupmátturinn minnkað."

Ólafur er ósáttur við sinnuleysi stjórnvalda gagnvart öldruðum og segir hópinn afskiptan. „Eldri borgarar eiga greinilega ekki sæti í forgangsröðinni," segir hann og bendir á að auk kjaramálanna sitji margt á hakanum, til dæmis almenn aðstoð við þá sem þurfa.

- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÓLAFUR ÓLAFSSON**
Gagnrýnir stjórnvöld fyrir að sinna ekki málefnum eldri borgara.

Eldri borgarar í Reykjavík:

# Segja lög um málefni aldraðra löngu úrelt

**ALDRAÐIR** Félag eldri borgara í Reykjavík telur að lög um málefni aldraðra séu byggð á úreltum sjónarmiðum sem ekki eru í tak við nútímaleg viðhorf og eru dragbítur á eðlilega og nauðsynlega framþróun. Í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins á laugardag er því meðal annars beint til stjórnvalda að þau láti kanna hvort ekki sé rétt að flytja yfirstjórn málefna aldraðra frá heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins.

Þá er þess óskað að heildarstefna í málaflokknum verði mörkuð og skuli hún byggð á hugmyndafræði um jafnrétti og mannréttindi.

Einnig var samþykkt hvatning til yfirvalda um fjölgun hjúkrunarrýma, þjónustuíbúða og dagvistarplássa og því beint til stjórna hjúkrunarheimila að ófaglært starfsfólk verði hvatt til að sækja námskeið í umönnun. Einnig að útlendu starfsfólki verði gert kleift að læra íslensku að frumkvæði og með stuðningi vinnuveitenda.

Þá er skorað á lyfjaverðsnefnd að lækka lyfjaverð til samræmis við það sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

- bþs





**Enginn bónus – lægri iðgjöld**
Iðgjaldaskráin einfölduð og lækkuð um allt að 75% hjá öllum.

**Enginn bónusmissir**
15.000 kr. iðgjaldsálag einu sinni í stað þess að missa bónus vegna tjóns.

**Allir eru jafnir**
TM gefur ungu fólki tækifæri til að sanna sig sem ábyrgir bílstjórar.

**TM-Öryggi**
Nóg að tryggja bílinn til að fá TM-Öryggi og hagkvæmari kjör.

TM
BÍLAR

**FBL GREINING:** NIÐURRIF Á LAUGAVEGI

# *Blómaskeið eða banabiti?*



Laugavegurinn hefur verið mikið í umræðunni undanfarið en borgaryfirvöld hafa heimilað að 25 hús þar verði rifin. Sitt sýnist hverjum um þessi áform. Rétt er að hafa í huga að heimild borgaryfirvalda er ekki skipun um niðurrif húsanna; eigendum húsanna er í sjálfvald sett hvort þeir kjósi að nýta heimildina eða ekki. Á móti kemur að í heimildinni felst ákveðinn hvati til að rífa húsin því gert er ráð fyrir að heimildin hækki lóðarverðið og eigendur freistist frekar en ella til að selja fasteign sína stórhuga byggingarverktökum. Með öðrum orðum eru þessi hús reitir sem borgaryfirvöld gætu hugsað sér að sjá aðrar útfærslur á en eru fyrir.

Skipulagsyfirvöld vonast til að með þessum aðgerðum verði hægt að auka byggingarpláss á Laugarvegi og niður að Hverfisgötu um allt að 65 þúsund fermetra. Gert er ráð fyrir að nýbyggingar samanstandi bæði af verslunarhúsnæði og íbúðum en yfirvöld telja að íbúum á nálægu svæði við Laugaveg gæti fjölgað um allt að þrjú þúsund á næstu tíu til fimmtán árum.

Mótmælin við niðurrifi á Laugavegi eru tvíþætt: Í fyrsta lagi óttast sumir að nýbyggingarnar muni stinga í stúf við húsin sem fyrir eru. Oft benda menn á Laugaveg 7 eða Laugaveg 77 máli sínu til stuðnings, en þau hús þykir sumum jaðra við sjónmengun. Borgaryfirvöld svara því til að í deiliskipulagi séu þeir sem hyggjast rífa og byggja ný hús bundnir ströngum skilmálum um að viðhalda því byggðarmynstri sem fyrir er.

Í annan stað er niðurrifi mótmælt á grundvelli sögulegs gildis húsanna og að það séu fyrst og fremst þessi gömlu hús sem ljái Laugaveginum sérstöðu sína og geri hann þar með eftirsóknarverðan sem verslunargötu. Ef húsin eru rifin séu menn einmitt að ganga gegn markmiði sínu, sem er endurreisn Laugavegarins. Stuðningsmenn niðurrifs telja aftur á móti að nýbyggingar við götuna séu forsenda þess að gatan fái að þroskast eðlilega og dafna á ný.

## SPURT & SVARAÐ

FÆRÐ Á VEGUM



JÓN RÖGNVALDSSON

### *Fjármunir sparast*

Mikil hlýindi hafa verið á landinu að undanförnu og flestir þjóðvegir því orðnir greiðfærir. Jón Rögnvaldsson er vegamálastjóri.

**Er slík færð á þessum árstíma einsdæmi?**

Nei, það hafa nú verið snjóléttir vetur undanfarið. Síðastliðinn vetur var færðin orðin mjög góð þegar komið var fram á þennan árstíma. Fjallvegir á miðhálendinu eru þó enn lokaðir.

**Sparast ekki fé með þessu?**

Vonandi verður það ef þetta helst áfram en það skal tekið fram að veturinn það sem af er hefur verið heldur vondur, mikill snjómokstur og eins höfum við þurft að bregðast við mikilli hálku en slíkt er kostnaðarsamt. Það er ekki enn hægt að segja til um hvernig veturinn kemur út fjárhagslega.

# Er allt vænt sem vel er grænt?

**Nýleg rannsókn bendir til að ekki sé hollt fyrir ung börn að alast eingöngu upp á grænmetisfæði. Grænmetisætur vísa því algerlega á bug og segja börn sín síst pattaralegri en önnur börn.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GYÐA HRUND ÞORVALDSDÓTTIR**
Í dag borðar Gyða einungis vegan-mat og kveðst aldrei hafa verið hraustari.

Þeim fjölgar stöðugt sem sneiða hjá kjöti og fiski og neyta þess í stað einungis grænmetis og jurtafæðis. Þeir sem hafa tileinkað sér svonefnt vegan-mataræði ganga skrefinu lengra því þeir sniðganga allan mat sem inniheldur snefil af dýraafurðum, bæði af siðferðisástæðum og vegna þess að þeir telja að slíkur matur sé einfaldlega miklu hollari en sá hefðbundni. Mjólkurafurðir og egg eru á meðal þess sem vegan-fólk neitar sér um svo og matvæli sem innihalda aukaefni sem eru komin úr dýraríkinu. Ýmsar súkkulaðitegundir innihalda lesitín sem er unnið úr mjólk og í sojaostum sem seldir eru hérlendis er mjólkurduft.

**Kjötið létti lundina**

Deildar meiningar eru hins vegar um hvort rétt sé að setja ung börn á vegan-mataræði. Í nýlegri bandarískri rannsókn er því haldið fram að slík fæða sé þeim beinlínis skaðleg þar sem ýmis næringarefni sem börnum eru nauðsynleg eru ekki fyrir hendi í vegan-mat. Forvígismaður rannsóknarinnar heldur því fram að börn mæðra sem sneiða alfarið hjá mat úr dýraríkinu séu smávaxnari og meira seinþroska en börn sem fá kjöt og mjólk reglulega. „Það er því siðferðislegur ábyrgðarhluti að setja ung börn á strangan vegankúr.“

544 afrísk börn tóku þátt í rannsókninni og höfðu þau öll alist upp á korn- og baunamat sem er snauður af bætiefnum á borð við járn, sink og B12-vítamíni. Um tveggja ára skeið var sumum þessara barna gefið dálítið kjöt daglega, önnur fengu mjólkurglas á dag og hjá enn öðrum var mataræðið óbreytt. Þau börn sem fengu kjöt og mjólk tóku að dafna betur og sýna meiri framfarir í skóla en hin börnin. Auk þess voru þau léttari í lund og fjörugri.

Vísindamennirnir undirstrikuðu að þótt rannsóknin hefði verið gerð í fátæku samfélagi í Afríku hefði hún beina þýðingu fyrir Vesturlandabúa. Talsmenn vegan-hreyfingarinnar vísa þessum niðurstöðum hins vegar á bug og benda á aðrar rannsóknir sem sýna að börn þeirra séu yfirleitt hraustari en jafnaldrar þeirra sem neyta kjöts.

**Grænmetisbörnin pattaraleg**

Margir Íslendingar eru grænmetisætur en vegan-lífsstíll er enn sem komið er ekki mjög algengur. Gyða Hrund Þorvaldsdóttir hefur um nokkurt skeið eingöngu borðað vegan-mat og kveðst aldrei hafa verið hressari. „Ég finn mikinn mun á mér, hef ekki orðið veik eftir að ég sleppti mjólkurafurðum og eggjum, ég er búin að standa af mér allar flensur sem hafa gengið,“ segir Gyða og bætir því við að mígreni sem áður hrjáði hana sé nánast á bak og burt.



**GRÆNMETI Á DISKINN MINN**
Deildar meiningar eru um hvort rétt sé að setja ung börn á stíft grænmetismataræði.

Því þarf ekki að koma á óvart að Gyða dregur niðurstöður bandarísku rannsóknarinnar í efa enda segir hún öll nauðsynleg næringarefni fyrirfinnast í vegan-mataræðinu. „Soyabaunin er próteinríkasta afurð í heiminum, tófú er mjög kalk- og steinefnaríkt og omega-3 fitusýran sem allir segja að sé svo mikilvæg úr blessuðum fisknum færðu úr hör- og sólblómafræjum. Grænkál og spínat gefur okkur járn og soyamjólk er oftast kalkbætt.“

Innan Samtaka grænmetisætna er starfræktur sérstakur mæðrahópur og segir Gyða að börn þessara kvenna séu einhver þau pattaralegustu sem hún hefur á ævi sinni séð, jafnvel yfir kjörþyngd ef eitthvað er. Rannsóknir sýna að konur sem eru á vegan-fæði er síður hætt við brjóstakrabbameini og auk þess er mjólk sem þær framleiða án ýmissa eiturefna sem stundum finnast í brjóstamjólk kvenna sem neyta hefðbundins matar. Offita er nánast óþekkt á meðal grænmetisætna og þeim er jafnframt síður hætt við hjarta- og æðasjúkdómum.

Eina vandamálið sem grænmetisætur segjast glíma við hérlendis er fátæklegt úrval af mat sem þeim hentar. Til að bæta gráu ofan á svart eru sojavörur og annar varningur sem tilheyrir vegan-eldhúsinu settur í efra þrep virðisaukaskattsins. Stjórnvöld líta því á hollustuna sem munaðarvöru.

sveinng@frettabladid.is

MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 07: 14.02. - 20.02.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | mbl.is | 160.549 | 1.160.852 | 6.035.424 |
| 2. | visir.is | 149.757 | 557.204 | 5.085.467 |
| 3. | leit.is | 97.449 | 426.836 | 1.657.867 |
| 4. | hugi.is | 97.031 | 198.389 | 1.203.885 |
| 5. | eve-online.com | 57.711 | 234.914 | 3.284.005 |
| 6. | barnaland.is | 45.546 | 217.895 | 5.205.487 |
| 7. | ruv.is | 33.748 | 95.222 | 404.427 |
| 8. | reykjavik.is | 20.353 | 31.601 | 216.027 |
| 9. | bt.is | 14.032 | 26.645 | 178.943 |
| 10. | humor.is | 13.980 | 37.825 | 212.934 |
| 11. | visindavefur.hi.is | 13.631 | 17.693 | 76.879 |
| 12. | doktor.is | 13.043 | 23.264 | 245.545 |
| 13. | textavarp.is | 11.957 | 23.173 | 31.274 |
| 14. | kvikmynd.is | 11.932 | 20.404 | 343.998 |
| 15. | femin.is | 11.280 | 27.957 | 358.429 |
| 16. | sport.is | 11.160 | 31.407 | 156.535 |
| 17. | shopusa.is | 10.937 | 21.366 | 58.107 |
| 18. | vikurfrettir.is | 10.864 | 29.169 | 137.037 |
| 19. | rsk.is | 10.460 | 21.964 | 113.163 |
| 20. | tonlist.is | 8.033 | 12.187 | 78.650 |
| 21. | althingi.is | 7.923 | 18.543 | 106.460 |
| 22. | habil.is | 7.038 | 14.901 | 128.422 |
| 23. | spamadur.is | 6.418 | 15.236 | 108.971 |
| 24. | gras.is | 6.343 | 19.652 | 56.840 |
| 25. | nams.is | 6.221 | 9.961 | 54.191 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MENNINGARHEIMAR MÆTAST**
Þessir herramenn létu sig ekki vanta á pallana í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum en þar fer nú fram alþjóðlegt tennismót og eru milljón dalir í verðlaun, um 61 milljón krónur. Kona nokkur lætur sér hins vegar fátt um finnast.

Ökukennaranám:

# Ökukennarar í KHÍ



**ÓLAFUR PROPPÉ, REKTOR KHÍ**

**NÁM** Kennaraháskóli Íslands mun eftirleiðis annast nám fyrir verðandi ökukennara og endurmenntun fyrir starfandi ökukennara. Skólinn bauð upp á ökukennaranám fyrir nokkrum árum og hefur það nú verið endurskoðað og endurbætt.

Ökukennaranámið verður á vegum Símenntunarstofnunar KHÍ.

Ólafur Proppé, rektor KHÍ, og Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, undirrituðu nýverið samning um námið. **- bþs**


upplifðu
ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Hefurðu farið í hestaferð?



Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is

Ísland er þitt – vitjaðu þess!

Himinn og haf / SÍA

www.toyota.is

Takmarkað magn - ótakmörkuð gæði




**Corolla Sedan**
*Verð frá:* **1.240.000** kr.
*Einkaleiga Glitnis:* Frá **28.999** kr. á mán.*
*Bílasamningur Glitnis:* Frá **19.772** kr. á mán.**

## Eigð´ann eða leigð´ann

Nú gefst þér kostur á að eignast Corolla Sedan 1,4l hjá Toyota betri notuðum bílum. Takmarkað magn í boði. Nýttu þér áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti. Allir notaðir bílar hjá okkur fara í gegnum strangt skoðunarferli.

* m.v. 24 mán.
** m.v. 50% erlenda mynt og 50% krónur og 20% útborgun.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 27417 02/2005

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Mikilvægt er að efnahagsumræðan sé yfirveguð og byggð á þekkingu.

## Vafasamar yfirlýsingar

Forystumenn Framsóknarflokksins hafa að undanförnu farið mikinn í umræðum um þróun efnahagsmála. Við lestur á sumu sem þar hefur komið fram er ekki hægt að verjast þeirri hugsun að þingmenn flokksins sæki þekkingu sína í skóla fyrrverandi formanns síns, sem hagfræðiprófessor sagði frægan víða um lönd fyrir yfirgripsmikla vanþekkingu sína á efnahagsmálum.

Þannig skrifar þingflokksformaður Framsóknarflokksins, Hjálmar Árnason, grein á heimasíðu sinni þar sem hann dustar rykið af gömlum marxisma og skýrir hækkun húsnæðisverðs út frá þeim kenningum. Síðast þegar fréttist njóta þær kenningar engrar viðurkenningar meðal helstu fræðimanna á sviði hagfræði, nema ef vera skyldi í Norður-Kóreu og á Kúbu.

**Hagfræðingar eru almennt þeirrar skoðunar að stýrivextir muni hækka í nokkrum áföngum á þessu ári. Skoðun forsætisráðherra er því á skjön við væntingar helstu sérfræðinga í efnhagsmálum.**

Lækkun langtímavaxta hefur að óbreyttum öðrum þáttum þau áhrif að húsnæðisverð hækkar. Lækkun fjármagnskostnaðar fer því að hluta til í hækkun húsnæðisverðs. Þegar aðrir þættir eru óhagstæðir, svo sem að framboð er takmarkað, getur húsnæðisverð hækkað meira en hagsaukinn af lækkandi vöxtum. Þannig virkar markaður og lögmál hans gilda í samfélagi okkar hvort sem okkur líkar betur eða verr. Hjálmar Árnason er miðað við greinina á heimasíðunni sannfærður um að hagkerfinu sé meira og minna handstýrt.

Formaður flokksins og forsætisráðherra hefur bent á að lækkandi húsnæðisvextir hafi ýmis jákvæð áhrif, þótt ljóst sé að þeir hafi kynt undir þenslu. Þá megi ekki gleyma að þeir sem þegar eiga njóti hækkandi eignaverðs. Árni Magnússon félagsmálaráðherra hefur eins og Halldór tekið hófstilltari og skynsamlegri afstöðu til hækkana á húsnæðismarkaði en formaður þingflokksins. Sjálfsagt er að skoða afleiðingar húsnæðishækkana og mikilvægt að huga að þeim hópi í samfélaginu sem lokast úti vegna þeirra. Eitt af því sem þar þarf að ræða er breytt hlutverk Íbúðalánasjóðs. Þar geta stjórnmálamenn beitt sér til að tryggja aðgengi þeirra sem minnst hafa milli handanna að öruggu húsnæði.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hættir sér þó út á hálli ís í öðrum yfirlýsingum. Yfirlýsing hans um að frekari stýrivaxtahækkanir Seðlabankans en þegar eru ákveðnar ættu ekki að vera nauðsynlegar, var ekki snjöll. Hagfræðingar eru almennt þeirrar skoðunar að stýrivextir muni hækka í nokkrum áföngum á þessu ári. Skoðun forsætisráðherra er því á skjön við væntingar helstu sérfræðinga í efnahagsmálum. Í annan stað er gagnrýnivert að forsætisráðherra láti frá sér afgerandi skoðun á framtíðarvaxtaákvörðunum Seðlabankans. Bankinn er sjálfstæð stofnun sem hefur skilgreint hlutverk. Ekki verður séð að forsætisráðherra hafi forsendur til að vita betur en sérfræðingar bankans. Ólíklegt verður að telja að kollegar Halldórs í löndum sem við viljum bera okkur saman við myndu gefa slíkar yfirlýsingar. Sjálfstæði ákvarðana Seðlabankans í vaxtamálum og trúverðugleiki hans eiga að vera hafin yfir allan vafa. Yfirlýsing Halldórs er fremur til þess fallin að Seðlabankinn hækki vexti fyrr og hraðar en ella til þess að taka af öll tvímæli um hvar forræðið í stjórn peningamála liggi.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engum að treysta

Þegar maður er frægur eða ríkur er engum hægt að treysta. Þessi gömlu sannindi koma í hugann þegar fréttist af því að náinn vinur Bush-fjölskyldunnar bandarísku, rithöfundurinn Doug Wead, hefði með leynd hljóðritað margra klukkustunda samtöl sem hann átti við George Bush árið 1998 þegar hann var að velta fyrir sér forsetaframboði. Í trausti þess að Wead væri traustsins verður lét Bush ýmislegt flakka sem hann mundi ekki segja opinberlega. Nú hefur Wead birt þetta efni vegna þess



„að þjóðin eigi rétt á því að vita hvernig forsetinn hugsi". Látum hræsnina liggja milli hluta, auðvitað er Wead aðeins að næla sér í peninga. Hitt er athyglisvert að í rauninni er enga bombu að finna í þessum einlægu samtölum; allir vita að á yngri árum var notkun Bush á vímuefnum ekki til fyrirmyndar og í rauninni dettur engum í hug að gera það slys að tilefni árása á hann. Frekar er ástæða til að ætla að fáir vilji eftir þetta tala við Doug Wead undir fjögur augu.

### Ekki í fyrsta sinn

Leynilegar upptökur eru annars ekki nýmæli í bandarískri stjórnmálabaráttu. Vinkona Monicu Lewinsky, lærlingsins fræga í Hvíta húsinu, tók með leynd upp samtöl við hana þar sem hún sagði frá sambandi sínu við Clinton forseta og notaði játningarnar síðan gegn henni opinberlega. Ekki stórmannlegt.

### Gömul hugmynd

Tillaga Hjálmars Árnasonar framsóknarþingmanns um að gera Surtsey að ferðamannastað er ekki ný af nálinni. Hún var rædd fyrir fimm árum á ráðstefnu um framtíð byggðar í Vestmannaeyjum en fékk ekki hljómgrunn. Bentu náttúrufræðingar þá á að erfitt yrði að stunda ferðaþjónustu á eynni án þess að grípa inn í friðunina og þá náttúrulegu þróun sem átt hefur sér stað í Surtsey. Ferðamennskan myndi rýra gildi eyjarinnar. Þau rök eru óbreytt en svo er það alltaf spurningin hverju menn vilja fórna fyrir fjárhagslegan ávinning ferðaþjónustufyrirtækja.

**gm@frettabladid.is**

## Meira nám á skemmri tíma?

Í DAG
NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Hugmyndir um styttingu náms til stúdentsprófs eru áhugaverðar. Menntamálaráðherra ferðast nú um landið til að ræða þessar hugmyndir og hugsanlega útfærslu þeirra við kennara. Það er að heyra á ráðherra að undirtektir séu jákvæðar og kennarar áhugasamir. Það er hinsvegar að heyra á einhverjum kennurum að þeir hafi uppi efasemdir um þessar hugmyndir. Það er reyndar ekki nýtt að nemendur geti lokið stúdentsprófi að loknu þriggja ára námi í framhaldsskóla. Það hefur verið hægt í áfangakerfi árum saman og duglegir og áhugasamir nemendur hafa nýtt sér þá leið unnvörpum. Kostur þessa kerfis hefur einmitt verið val nemenda, sumir hafa lokið námi á þremur árum, aðrir á fjórum og enn aðrir jafnvel á fimm árum.

En nú er stefnt að því að þrjú ár dugi flestum eða öllum. Menntamálaráðherra segir meðal annars að með lengingu skólaársins í grunnskólum á undanförnum árum hafi skapast svigrúm til að flytja námsefni þangað úr framhaldsskólunum. Með öðrum orðum, tíminn í grunnskólum er ekki nýttur sem skyldi, þar er hægt að læra meira. Úr fjarlægð berast óljósar minningar um hugmyndir um meira vettvangsnám, fjölbreyttara nám, ferðalög nemenda og fleira sem rætt var um að svigrúm gæfist fyrir með lengra skólaári. Eitthvað hefur farið minna fyrir slíku en marga kennara dreymdi um. Meðal annars virðist fjárskortur gjarnan vera til trafala þótt ekki vanti áhuga né hugmyndir meðal kennara.

En það er önnur saga. Það er áhugaverð hugmynd að þjappa námsefni saman í grunnskólanum. Það er örugglega hægt að byrja fyrr að kenna ensku en nú er gert og má reikna með að slík kennsla fari af stað mjög fljótlega. Það má hinsvegar spyrja

**Ég hef dálitlar efasemdir um að fleiri skóladagar þýði að nemendur þroskist hraðar og geti þar með tekið hraðar við meira námsefni.**

hvort grundvöllur sé til að færa málfræðikennslu neðar en nú er gert, sömu spurningar vakna einnig varðandi stærðfræði og fleiri námsgreinar. Í nýútkomnu tölublaði Skímu, málgagns móðurmálskennara, spyr Gunnlaugur Ásgeirsson kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð hvort menn trúi því að hægt sé að láta fimmtán ára nemendur gera það sama og sextán ára nemendur gera nú og ná sama árangri eða betri. Kennarar á unglingastigi horfa á nemendur sína taka nánast stökkbreytingum í þroska frá 8. og upp í 10. bekk. Þetta lýtur ekki bara að líkamlegum þroska þótt hann sé mikill og oft sýnilegri en sá andlegi. Þetta lýtur líka að námslegum þroska, hæfileikanum til að tileinka sér mismunandi námsefni. Það sem þvælist fyrir nemendum í 8. bekk endalaust þrátt fyrir takmarkalausar atrennur og óþrjótandi hugmyndir um ólíka nálgun verður allt í einu leikur einn í 9. bekk. Mörgum kennurum finnst þetta benda til þess að nemendur 8. bekkjar séu kannski ekki alveg tilbúnir til að tileinka sér þetta tiltekna námsefni, til þess þurfi að hafa náð þeim þroska sem flestir í 9. bekk hafa náð.

Það er líka undarlegt ef ekki dapurlegt að hlusta á og lesa um þessar hugmyndir sem allar virðast tengjast bóklegu námi. Árum saman hefur verið um það rætt að efla verklega kennslu, auka áherslu á verklegar greinar, efla sjálfstraust þeirra nemenda sem eiga betra með verklega hluti en bóklega. Þrátt fyrir fögur áform er engu líkara en talað hafi verið í vestur en farið í austur. Áherslan á bóklegt nám eykst stöðugt, m.a. fyrir tilstilli samræmdra prófa sem verða stærri þáttur í lífi grunnskólanemenda með hverju árinu.

En þetta eru sjálfsagt bara venjulegar úrtöluraddir úr kennarahópnum og því verður ekki á móti mælt að kennarar hafa haft tilhneigingu til að fara í vörn, bregðast heldur illa við hugmyndum um breytingar og reyna frekar að stíga á bremsuna en hitt. Því verður reyndar heldur ekki á móti mælt að oftar en ekki hafa þeir ástæðu til, ástæðu sem þeir byggja á langri reynslu. Of oft hefur nefnilega verið hent inn nýjum hugmyndum og til þess ætlast að kennarar vinni eftir þeim án nauðsynlegs undirbúnings. Það er góður siður að skoða hvert skal stefna áður en lagt er af stað. Það er hinsvegar alls ekki alltaf gert, ekki heldur í skólakerfinu.

Ég hef dálitlar efasemdir um að fleiri skóladagar þýði að nemendur þroskist hraðar og geti þar með tekið hraðar við meira námsefni. Sérstaklega hef ég þó efasemdir þegar ég hugsa til þeirra nemenda sem eiga erfitt með bóklegt nám og hafa jafnvel lítinn stuðning heima fyrir, búa jafnvel við slæmt atlæti. Slíks eru því miður dæmi. Mikilvægast er þó að velta því fyrir sér hvert við ætlum áður en við leggjum af stað og hverja við ætlum að taka með okkur.




SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
Vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.59 | 13.41 | 18.25 |
| AKUREYRI | 8.49 | 13.26 | 18.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


## heilsa o.fl.

Kaffi virkar gegn sykursýki

BLS. 4



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagur 22. febrúar, 53. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**


**Bílar & farartæki**

**Keypt & selt**

**Þjónusta**

**Heilsa**

**Skólar & námskeið**

**Heimilið**

**Tómstundir & ferðir**

**Húsnæði**

**Atvinna**

**Tilkynningar**


**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Steinunn var í öllum íþróttum þegar hún var yngri en stundar núna snjóbretti þegar vel viðrar.

# Gaman að rölta um og skoða borgina

***Steinunn Helga Jakobsdóttir, ein af ritstýrum blaðsins Orðlaus, fékk nóg af íþróttum einn daginn en heldur sér samt sem áður í formi með skemmtilegri hreyfingu.***

„Ég var algjört íþróttafrík þegar ég var yngri. Ég var í gjörsamlega öllum íþróttum; sundi, körfubolta, fótbolta, glímu og svo framvegis. Síðan fékk ég einfaldlega nóg þegar ég fór í menntaskóla og hætti í öllu saman. Núna hef ég helst skellt mér á snjóbretti á veturna þegar er einhver snjór og vel viðrar,“ segir Steinunn, sem er líka alltaf á leiðinni í ræktina. „Ég fékk árskort í líkamsrækt gefins fyrir fjórum mánuðum en ég er ekki enn farin. Ég fer í næsta mánuði. Ég ætla alltaf að byrja í næsta mánuði,“ segir Steinunn og hlær. „Það kemur samt að því að ég fer í ræktina.“

„Ég geng líka mjög mikið. Ég á engan bíl þannig að ég geng allt sem ég þarf að fara. Þá næ ég að dreifa huganum. Ég var líka að fá mér iPod þannig að ég get hlustað á tónlist á göngunni. Mér finnst voðalega hollt og gaman að rölta um og skoða borgina,“ segir Steinunn, sem hugsar ekkert allt of mikið um mataræðið.

„Ég drekk mjög mikið kaffi og gos, sem er náttúrulega ekki hollt, en ég er mjög lítið fyrir skyndibitamat og mér finnst grænmetisréttir mjög góðir. Ég er samt ekki mikið að spá í hvað er hollt fyrir mig og hvað ekki. Ég blanda þessu náttúrlega svolítið saman. Ég borða ekki bara grænmeti en ég lifi alls ekki á ruslfæði. Mér finnst það ekkert skemmtilegt,“ segir Steinunn, sem er aldeilis heppin með það.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í heilsu*

**Farsóttafréttir** er nýtt fréttabréf um sóttvarnir sem kemur út hjá Landlæknisembættinu. Það er gefið út á vegum sóttvarnalæknisins og ritstjóri þess er Jónína Margrét Guðnadóttir. Farsóttafréttir munu framvegis koma út mánaðarlega á íslensku og ensku og fjalla um það sem efst er á baugi hverju sinni.



**Hvítar tennur** eru í tísku og ýmsar aðferðir eru viðhafðar til að fá fram ferskt og fallegt bros. Tannkrem sem lofa hvítari tönnum geta þó verið varasöm og jafnvel rispað tennur auk þess sem notkun þeirra er ávísun á tannkul hjá þeim sem hafa viðkvæmar tennur. Varasamt getur líka verið að ganga of oft í gegnum hvítunarmeðferðir, einkum ef sprungur eru í tönnum, óþéttar fyllingar eða glerungurinn er þunnur. Þetta kom fram í Svenska Dagbladet í gær og studdist það þar við eigin könnun.

**Kemísk efni** sem notuð eru í viss ilmvötn geta verið skaðleg konum, fóstrum og börnum á brjósti og auk þess haft áhrif á DNA-samsetningu sæðisfrumna karlmanna. Þetta kemur fram í rannsókn sem Greenpeace-samtökin hafa fengið hollenska rannsóknarstofu til að gera. Sænska Aftonbladet segir frá.

*heilsa@frettabladid.is*




**Ferskur andardráttur**
Þrífðu tunguna vel þegar tennurnar eru burstaðar. Hægt er að nota sérstaka tungusköfu til verksins eða bara tannbursta, og skola með munnskoli á eftir. Með því að þrífa tunguna getur maður dregið úr andfýlu og minnkað líkur á tannholdsbólgum.


Hanskar eru mikið notaðir við ýmsa matvælaframleiðslu.

# Latexhanskar geta vakið ofnæmisviðbrögð

***Dæmi eru um að fólk með latexofnæmi fái slæm einkenni eftir að hafa borðað matvæli sem hafa verið snert með latexklæddum höndum.***

„Okkur hafa borist fregnir um að fólk með latexofnæmi fái viðbrögð þegar það borðar mat sem hefur verið snertur með latexhönskum,“ segir Jóhanna E. Torfadóttir, sérfræðingur á matvælasviði Umhverfisstofnunar. Jóhanna sat fyrir svörum á fjölmennu málþingi Náttúrulækningafélags Íslands nýlega sem fjallaði um fæðuóþol og ofnæmi. Þar var líka Davíð Gíslason, sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum, og staðfesti hann að fram hefðu komið slæm tilfelli sem rekja mætti til notkunar latexhanska í matvælaiðnaði og hjá tannlæknum. Einnig gætu dúkarnir sem tannlæknar vinna í gegnum vakið þessi viðbrögð.

Jóhanna segir Umhverfisstofnun stefna að því að ráðast í rannsókn á þessu máli en sökum anna hafi hún ekki náð að koma því verkefni af stað. „Við erum algerlega á byrjunarreit,“ segir Jóhanna og heldur áfram: „Það stendur til að safna saman sérfræðingum til að ræða þetta en ég hef skoðað gögn um þetta mál og spurst fyrir um það á Norðurlöndunum. Mér vitanlega er enginn búinn að rannsaka þetta til hlítar en ég veit að það eru tvö eða þrjú ríki í Bandaríkjunum búin að banna notkun á latexhönskum út af þessu.“


Samlokur eru oft settar saman af latexklæddum höndum.

Jóhanna segir latexofnæmi ekki algengt. „Við erum auðvitað ekki að tala um stóran hóp. En það sem eykur þörfina á að rannsaka þetta mál er að viðbrögðin geta verið svo alvarleg hjá sumum einstaklingum.“

*gun@frettabladid.is*

# Blýmengun hættuleg

***Veldur hegðunarvandamálum og árásargirni hjá börnum.***

„Blýmengun getur gert börn að glæpamönnum,“ segir í nýjum niðurstöðum vísindamanna í Bandaríkjunum. „Jafnvel lítið magn af blýi getur valdið árásargirni og hegðunarvandamálum hjá börnum.“

Dr. Herbert Needleman við Pittsburgh-háskóla hefur komist að því í rannsóknum sínum að unglingar sem voru ítrekað handteknir fyrir glæpi höfðu meira blýmagn í líkamanum en aðrir hópar. „Það eru vissulega fleiri þættir sem skipta máli en ef blýmengun væri minni væru færri glæpir framdir í Bandaríkjunum,“ sagði Needleman á ráðstefnu nýlega. Hann mælir með að ung börn séu mæld reglulega þar sem það sé ekki kostnaðarsamt. „Þá er hægt að gera ráðstafanir eins og að fjarlægja börnin frá mengunarvaldinum.“

Lengi hefur verið vitað að blý veldur skemmdum á heilanum og ríkisstjórnir víða hafa tekið á vandanum, meðal annars með því að framleiða blýlaust bensín og málningu. En dr. Needleman segir nýjar sannanir fyrir því að meira


Þessi blýklumpur er sakleysislegur en blýmengun er stórhættuleg.

að segja í litlu magni sé blýið mjög skaðlegt,

Larry Silverman, sérfræðingur hjá umhverfisráðuneyti Bandaríkjanna, segir þó að fólk verði að axla persónulega ábyrgð. „Jafnvel þó suma glæpi megi rekja til blýmengunar er engum greiði gerður með því að kenna blýi um allt sem aflaga fer. Fólk verður að læra að axla eigin ábyrgð,“ segir Silverman.

## Ungt blóð í gamla vöðva

**Gamalt blóð virðist valda því að skemmdir vöðvar í eldra fólki eru lengur að jafna sig.**
Enginn nýr sannleikur er fólginn í þeirri fullyrðingu að skemmdir vöðvar í eldra fólki eru lengur að jafna sig en í yngra fólki. Hins vegar hafa nýjar rannsóknir leitt það í ljós að það er ekki vöðvunum sjálfum um að kenna heldur blóðinu sem rennur í gegnum þá. Gerðar voru tilraunir á músum í Stanford-háskóla sem sýndu sig að skemmdir vöðvar í eldri músum voru mun fljótari að jafna sig ef þeir fengu nýtt og ungt blóð. Svo virðist sem frumurnar sem laga vöðvana ef þeir eru skemmdir séu mun virkari hjá þeim yngri en eldri. Frumurnar úr eldri músunum voru settar saman við blóð úr yngri músum, sem varð til þess að virkni þeirra jókst til muna.
Með þessa vitneskju í farteskinu geta vísindamenn nú lagst í það að finna hvað það er í unga blóðinu sem eykur virkni frumanna. Hins vegar er það hægara sagt en gert og jafnast á við að finna nál í heystakk að finna rétta efnið.


ROPE YOGA
NÚ FYRIR STRÁKA
2X Í VIKU - HÁDEGISTÍMAR - 9.900 KR. Í 7 VIKUR
SKRÁNING HJÁ GUÐBJÖRGU ÓSK Í SÍMA 555-3536 EÐA 695-0089. KENNSLA ER HAFIN.
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri

EAS Myoplex máltíðardrykkir
Auðveld og hagkvæm lausn þegar tryggja á líkamanum öll næringarefnin sem hann þarf til vaxtar og viðhalds.
Fyrsta flokks hráefni til að hámarka vöðvasöfnun og grenningu.
Myoplex. No.1 í íþróttanæringu.
Njóttu bragðsins, finndu muninn!
EAS ÁSKORUN
EAS Myoplex vörur fást m.a. í heilsuræktarstöðvum, Heilsuhúsinu, apótekum, Hreysti og Fríhöfn. Nánari upplýsingar fást í síma 555-2866 eða á www.eas.is.

Smoothies drykkirnir eru:
100% ÁVEXTIR
1 flaska = tveir ávextir
Engin aukaefni
Enginn viðbættur sykur
Máltíð í flösku!
Arka • sími 899-2363

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio-Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

ROPE YOGA
Rope Yoga er heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjótum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.
Rope Yoga bönd
kr. 19.900.-
Rope Yoga æfingastöð
kr. 59.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

# Hrakspár!

Munu börn okkar lifa lengur en barnabörn okkar? Þessar hrakspár sérfræðinga hafa komið fram meðal annars vegna mjög mikilla breytinga til hins verra á lifnaðarháttum í vestrænum samfélögum. Matur sem við borðum í dag er meira og minna tilbúinn þegar við kaupum hann. Tilbúinn matur er oft „brasaður" af framleiðendum auk þess sem fylli- og bragðefnum hefur verið bætt í hann.

### Getum við gert eitthvað í þessu?

Við gerum flest of lítið til að bæta fyrir innihald, eða öllu heldur innihaldsleysi, fæðunnar. Þetta á ekki einungis við neyslu okkar á tilbúinni fæðu heldur einnig mataræði okkar almennt eins og heilsu- og holdafar okkar og barnanna sýnir svo glögglega. Í dag er hátt í fjórðungur (25%) íslenskra barna of feitur og held ég að það sé raunveruleiki sem við sem þjóð ættum ekki að þurfa að vakna við á hverjum degi.

### Hvað er hægt að gera STRAX?

Auðveldlega er hægt að gjörbreyta innihaldi fæðunnar til hins betra með því að auðga mataræði með grænmeti og með því að auka hlut ávaxta og grófs kornmetis.

### En er þetta bara mataræði okkar?

Burtséð frá mataræðinu stöndum við frammi fyrir því að gangverk þjóðfélagsins verður sífellt flóknara og hraði þess er sívaxandi. Gangverkið, umhverfið í kringum okkur, tekur jafnvel hraðari breytingum en við erum búin undir.

### Hverju veldur þetta?

Þetta birtist meðal annars í stöðugum tímaskorti hjá okkur og að vissu leyti getum við fundið samlíkingu í mataræði því þetta er ekki ólíkt því að hægt er að kalla fram skortseinkenni eins steinefnis með ofneyslu annars.

### Hvað er vandamálið, vitum við ekki hvað er að?

Nákvæmni er boðskapur dagsins og nær allt er mælt, skimað og greint svo hægt sé að stjórna gangverkinu. Heilsufarsmælingar sýna æ verri útkomu. Andleg vandamál og líkamleg virðast haldast í hendur og sífellt vex fjöldi þeirra sem eru óánægðir með líf sitt og ekki síður lífsstíl.

### Vanlíðan

Ýmsar birtingarmyndir vanlíðunar, svo sem átröskun, eru meira áberandi með hverju árinu sem líður. Samhliða þessu er sú staðreynd að þeir hafa aldrei verið fleiri sem borða of mikið á sama tíma og fólk sveltur í heiminum.

### Og lausnin er?

Kæri lesandi, lausnina, eða megnið af henni, getur þú lesið í næsta pistli sem verður hér eftir viku. Þetta og fleiri hollráð er einnig að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar, www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



# Unglingsstúlkur þurfa að drekka meiri mjólk

***Ný herferð á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og mjólkurframleiðenda í Bretlandi hefst í mars.***

Í herferðinni á að vekja athygli á kostum mjólkur, jógúrts og osts fyrir unglingsstúlkur. Staðreynd er að unglingsstúlkur hafa ekki mikinn áhuga á heilsuskilaboðum af þessu tagi og því hafa mjólkurframleiðendur skorað á fjölmargar auglýsingastofur í Bretlandi að búa til kröftugar auglýsingar. Margir unglingar vita ekki um kosti mjólkurafurða og gera sér ekki grein fyrir kalkþörf líkamans. Könnun á vegum mjólkurframleiðanda sýndi að næstum því 75 prósent unglingsstúlkna neyta ekki nóg af mjólkurafurðum en herferðin stendur yfir í tvö ár og ætti að bæta úr því.



**Mjólk er góð eins og segir í slagorðinu.**

BIOMEGA
-gæðin vís
LIÐA PLÚS
- gott fyrir liðina -
Byggir upp liðbrjósk.
Glúkósamín 500gm
og Kondróítin 400 mg
fæst í apótekum og stórmörkuðum.



Hvítlaukur gegn ofurbakteríum



HVÍTLAUKUR getur drepið bakteríur, sem eru orðnar ónæmar fyrir öflugustu lyfjum. Kemur það fram í rannsóknum, sem unnar hafa verið við Háskólann í Austur-London. Í hvítlauknum er sagt efni, sem kallast allicin, og það geti drepið fjölónæmar sjúkrahúsbakteríur á borð við klasakokka. Yfirleitt eru þær ekki skaðlegar heilbrigðu fólki en geta valdið banvænni sýkingu í þeim, sem eru veikir fyrir. Ron Cutler, einn vísindamannanna, segir að kraftur hvítlauksins að þessu leyti hafi raunar verið kunnur í aldaraðir.

Morgunblaðið 04.01. 2004




Ofursterkar töflur úr apóteki náttúrunnar

GULLI MIÐINN TRYGGIR GÆÐIN

Hvítlaukstöflur úr ferskum hvítlauk eru þeim mun virkari sem þær innihalda meira af virka efninu ALLICIN. Bestur árangur í rannsóknum hefur náðst með töflum sem innihalda yfir 3,6 mg af allicin. Þess vegna eru 4 mg af allicin í hverri hvítlaukstöflu frá Heilsu. Þær eru engu að síður lyktarlausar. **Það er leitun að sterkari hvítlaukstöflum.**

*Nánari upplýsingar um hvítlauk má finna í Nýju íslensku lyfjabókinni (Lyfjabókaútgáfan), Bætiefnabókin (Mál og menning) og www.heilsa.is/bætiefni*

heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

KRAFTAVERK

# Fleiri konur deyja úr hjartasjúkdómum en karlar

***Hjarta- og æðasjúkdómar kosta velferðarkerfi Evrópu 233 milljarða evra árlega.***

Í viðbót við framangreindan beinan kostnað af hjarta- og æðasjúkdómum er ótalinn óbeinn kostnaður sem samfélagið þarf að borga vegna vinnutaps og minni framleiðslugetu sem áætlað er að nemi árlega 35 milljörðum evra (um 2.800 milljörðum króna). Þá er ótalinn kostnaður sem þjóðfélagið greiðir vegna umönnunar sjúklinga utan heilbrigðiskerfisins. Þessar upplýsingar má finna í bókinni „Tölulegar staðreyndir um hjarta- og æðasjúkdóma í Evrópu árið 2005“ sem evrópsku og bresku hjartasamtökin gefa út.

Í bókinni koma fram ýmsar sláandi upplýsingar. Þar kemur meðal annars fram að árlega deyi yfir 4,35 milljónir Evrópubúa úr hjarta- og æðasjúkdómum og að þeir sjúkdómar dragi flesta til dauða. Fleiri konur deyja vegna hjarta- og æðasjúkdóma en karlar.



**Árlega deyja fimm hundruð Íslendingar af völdum hjarta – og æðasjúkdóma. Annríkt er á hjartadeildum um alla Evrópu.**

Á hverju ári deyja um 500 Íslendingar af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Rannsóknir Hjartaverndar hafa sýnt að á síðasta aldarfjórðungi hefur nýgengi (hve margir greinast með sjúkdóminn) kransæðastíflu lækkað um 40% og dánartíðni hefur lækkað um 55% á sama tíma. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun eru hjarta- og æðasjúkdómar enn þá algengasta dánarorsök hérlendis. Þessir sjúkdómar herja á fólk á besta aldri, oft öllum að óvörum enda geta forstig undirliggjandi æðakölkunar verið einkennalaus. Hjartavernd hvetur fólk til að láta mæla helstu mælanlegu áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma eins og til dæmis kólesteról og blóðþrýsting, ekki seinna en um fertugt og fyrr ef ættarsaga er til staðar. Með því að láta mæla þessa þætti gefst í sumum tilfellum tækifæri til að bregðast við í tíma og halda áfram þessari jákvæðu þróun. ■

# Kál og spínat verndar augun

***Grænt grænmeti virkar sem vörn gegn útfjólubláu ljósi.***



Vísindamenn við Ohio-háskóla hvetja fólk til að borða grænt grænmeti, svo sem kál af ýmsu tagi og spínat. Þeir segja grænmeti af þessu tagi innihalda tvær gerðir andoxunarefna sem vernda augun gegn útfjólubláu ljósi og geta þar með dregið úr líkunum á að fólki fái ský á auga. Rannsókn vísindamanna leiðir í ljós að líkurnar á að sterkt sólarljósið hafi skemmandi áhrif á augu minnkuðu um meira en helming hjá þeim sem borða grænt grænmeti að staðaldri. Vitað er E-vítamín hefur svipuð áhrif á augun en samkvæmt þessari rannsókn eru áhrif þess mun minni en grænmetisins. ■

# Áföll valda alvöru hjartasárum

***Líkaminn bregst illa við vondum fréttum en sárin jafna sig þó á nokkrum vikum.***

Vond tíðindi, eins og fregnir af láti ættingja eða sambandsslit, geta í alvöru valdið hjartasárum. Þetta kemur fram í nýlegri bandarískri rannsókn en niðurstöðurnar voru birtar í The New England Journal of Medicine

Líkaminn bregst við slíkum fregnum með auknu flæði af adrenalíni og stresshormónum og í mörgum tilfellum hefur það bein áhrif á hjartað. Einkennin geta minnt á hjartasjúkdóm og jafnvel hjartaáfall, en góðu fréttirnar eru þær að þessi hjartasár er hægt að lækna og yfirleitt jafnar fólk sig á nokkrum vikum.



**Sorgartíðindi geta haft áhrif á hjartað þannig að einkennin minni á hjartasjúkdóm.**

Þeir sem stóðu að rannsókninni ætla að rannsaka nánar hvort erfðafræðilegir þættir valdi því að sumir bregðast við erfiðleikum með þessum hætti og hvers vegna eldri konur eru í sérstakri hættu. ■

# Kaffidrykkja gegn sykursýki

FINNAR DREKKA MEST KAFFI Í HEIMI OG VIRÐAST SLEPPA VIÐ SYKURSÝKI.

Þeir sem drekka mest kaffi eru í minnstri hættu á að fá áunna sykursýki samkvæmt nýrri könnun sem gerð var á fjórtán þúsund Finnum. Finnar drekka mest kaffi í heiminum en í könnuninni kemur fram að karlmenn sem drekka þrjá til fjóra kaffibolla á dag eru í 27 prósent minni hættu á að fá áunna sykursýki. Konur eru í 29 prósent minni hættu. Enn fremur eru þeir sem drekka tíu bolla eða meira á dag í enn minni hættu á að fá sykursýki og minnkaði hætta kaffisjúklinganna um 79 prósent hjá konum en 55 prósent hjá körlum.



**Auðvelt var að framkvæma könnunina í Finnlandi því þar drekka margir kaffi.**

Yfirburðagæði og styrkleiki
Þú finnur muninn!
Certified Organic New Zealand – Vottað lífrænt
Lifestream Spirulina
Súrefnistæmdar umbúðir til að næringarefnin varðveitist.
Fæst í apótekum

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Jurtir til að hressa uppá sál og líkama.
Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík
Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

Smoothies drykkirnir eru:
Engin aukaefni
Enginn viðbættur sykur
Máltíð í flösku!
100% ÁVEXTIR
1 flaska = tveir ávextir
Arka • sími 899-2363

ER BEÐIÐ EFTIR ÞÉR?
einkamal.is

Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
Fyrir bætta líðan og betri stjórn á lífi þínu.
Kvöld- og helgarnámskeið í boði,
næstu námskeið eru:
I. stig kvöldnámskeið (þrjú kvöld)
1. – 3. mars.
II. stig kvöldnámskeið (þrjú kvöld)
8. – 10. mars.
Hafðu samband í síma 553 3934
milli kl. 10 og 12 virka daga.
Guðrún Óladóttir reikimeistari

Slim-Fast
- nærir og grennir
Berglind léttist um 7 kíló* með Slim-Fast
* á 2 mánuðum
AUGLÝSINGASTOFAN SKAPARINN EHF.

metasys
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys
Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.
Fyrir konur og karla
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 11–17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Allar heilsuvörur á einum stað

Mjólkuróþol
Lífrænt kalk + steinefni
Hylki og Duft
Certified Organic – Vottað lífrænt
Lifestream Natural Calcium
Fæst í apótekum

## HEIMILIÐ

### Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar yfirbreiðslur yfir sófa og stóla. Opnunartími, mánudaga til fimmtudaga 12-18:30 og laugardaga 11-15. www.sofalist.is Síðumúli 20 2. hæð s. 553 0444.




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Ísskápur, frystikista, hillusamstaða og fl. búslóð. Uppl. í s. 568 1422.

### Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

### Barnavörur



Nýjar vörur frá Diesel og Ticket to heaven. 50-70% afsláttur að völdum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3. Sími 555 6688.

### Dýrahald



Til sölu 5 mán. hreinræktaður Dobermann. Verð 100 þús. Svör sendist á nr001@visir.is fyrir 25 feb.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

Ættbókafærðir. Labrador hvolpar til sölu. Eru til afh. fljótlega. Uppl. í s. 476 0011.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Hljóðlát, björt og falleg 75 fm 2ja herb. íbúð við Laugaveg. Þvottaaðstaða. 65 þ. á mán. Allt innifalið. S. 821 2545 & 822 1482.

2ja herb. 55 fm. íbúð til leigu í Seláshverfi. Mánaðarleiga kr. 65 þús. Sími 693 2662 eða 895 4616 e. kl. 16.

Skrifstofuhúsnæði. Til leigu við Fossaleynir. pn 112 Rvík. Rými frá 17 fm upp í 180 fm í nýtt húsnæði, mikið af bílastæðum. Upplýsingar í s. 893 1901.

Góð 2ja herbergja kjallaraíbúð á svæði 104 í Reykjavík til leigu. Verð 55 þús. á mán. Uppl. í s. 699 6789.

Til leigu falleg 3ja herbergja íbúð á svæði 101. Skammtímaleiga. Uppl. í s. 868 9786.

### Húsnæði óskast

Rólegur og reyklaus karlkennari á miðjum aldri m. gamlan kött óskar e. húsnæði í Rvk. og nágrenni. kisuheimili@visir.is

Skilvís og reglusamur 40 ára karlmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í ca. 3-4 mán. Uppl. í síma 898 1493 og gkonradsson@simnet.is

25 ára reykl. kona utan af landi óskar eftir 3ja herb. íbúð á höfuðb. sv. Góðri umgengni og reglusemi heitið. Uppl. í s. 866 7339.

Íbúð óskast í eða við miðbæinn. Verð ca. 50-70 þús. Erum 2 og erum bæði í góðu starfi og reyklaus. Uppl. í s. 867 6124 Birgir.

Einstæð móðir utan af landi óskar eftir 4ra herb. íbúð sem fyrst. Uppl. í s. 868 6793.

### Sumarbústaðir



Til sölu 25 fm sumarbústaður + ris. Verð 1.500 þús. Uppl. í s. 845 5376 & 555 2271 e. kl. 19.

### Geymsluhúsnæði




## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Halló Viltu vera þinn eigin herra?**
Óska eftir söluráðgjöfum um land allt til að selja Volare. Lítill stofnkostnaður auðvelt að byrja, enginn lager.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is www.volares.tk www.aloegel.tk**

**Atvinna - kvöldsölustarf !**
Mán - fös kl. 17:00 - 22:00
Góð laun + bónus og góð aðstaða.
**Getur hentað 18 ára - 70 ára +**
**Nánari upplýsingar: bm@bm.is**
**Sími 822 5052.**

**Tekju- og árangursetning !**
**25% - 50% sölulaun.**
" Frjáls vinnutími "



**Charlott' undirföt**
Gefðu sjáfri þér tækifæri, slástu í hópinn. Við viljum ráða nokkrum hressa sölufulltrúa, til að selja hin glæsilegu frönsku Charlott' undirföt, fyrir dömur og herra. Auðveld söluvara- Frjáls vinnutími- Einstakt sölukerfi- Mikil endursala Engin sölureynsla áskilin. Við þjálfum þig. Áhugasamir sendi tölvupóst á: charlott@simnet.is eða í síma 568 2770

**Verkstjóri á lager.**
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, með innflutning á byggingavörum, óskar eftir að ráða ábyrgan og skipulagðan starfsmann með stjórnunarhæfileika sem gæti hafið störf sem fyrst.
**Nánari upplýsingar fást hjá Ragnari eða Guðmundi í síma 577 2050 eða á skrifstofu Formaco ehf. að Fossaleyni 8, Reykjavík.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Veitingahúsavinna**
Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki til þjónustustarfa. Umsóknir og uppl. á staðnum daglega. Kringlukráin.

**Sjómenn ATH!**
Háseta og vélavörð vantar á 200 tonna netabát sem er að hefja veiðar frá suðurlandi næstu daga. Uppl. í s. 863 2692 & hjá skipstjóra í s. 863 6665

Vantar starfsfólk til verksmiðjustarfa nú þegar. Uppl. í s. 588 3665 milli kl. 10-14 í dag.

Stóll til leigu á hárgreiðslustofu í Garðabæ. Uppl. í s. 869 5055.

Óskum eftir trésmiðum og verkamönnum í almenna byggingavinnu. S. 660 0770.

Sjómann vantar á 25 tonna netabát sem gerður er út frá þorlákshöfn. Uppl. í s. 899 6582 eða 892 3031.

**Kópavogsbúar ath.**
Okkur í pósthúsinu vantar fólk til að dreifa í Kópavoginum. Nánari uppl. í s. 585 8330 milli kl. 7 & 17.

**Vantar þig vinnu?**
Við hjá Pósthúsinu erum að leita að harðduglegu fólki til að dreifa Fréttablaðinu og DV. Prófaðu að hringja í okkur og fá frekari upplýsingar, það er aldrei að vita nema þú finnir eitthvað við þitt hæfi. Þú nærð í okkur í síma 585 8330 alla daga vikunnar milli 7 og 17.30.

Okkur vantar starfsmann í pökkun og aðstoð í prentsal hjá BROS auglýsingavörum. Upplýsingar veitir verkstjóri á staðnum Síðumúla 33 milli kl. 9 - 13:00. Einnig í s. 820 4031.

Óskum eftir röskum eða ábyrgum starfsmanni í bakaríið Austurveri frá kl. 13-19. Upplýsingar í síma 568 1120 & 860 7222. Bakaríið Austurveri.

Bifreiðaverkstæði í kópavogi óskar eftir bifvélavirkja eða manni vönum bifreiðaviðgerðum. Uppl. í s. 554 6350 milli 8-17.

Óskum eftir barþjón og glasabörnum á bar í miðbænum. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í s. 844 1304 milli kl. 14 og 16.

Viltu vinna með hressu fólki á skemmtilegum vinnustað? Þá erum við að leita að þér. Okkur vantar starfsmann í hlutastarf í vaktavinnu sem er jákvæður, hress og skemmtilegur. 18 ára aldur er skilyrði. Hlöllabátar Bíldshöfða. Upplýsingar á staðnum og í síma 892 9846.

**Fín aukavinna**
Vantar fólk á aldrinum 18-70 ára. Í símasölu frá 18-22 á kvöldin. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

### Atvinna óskast

Duglegur maður óskar eftir vinnu í Reykjavík, er með próf til að vinna á gröfu. Uppl. í s. 820 2912.

Óska eftir aðstoðarmanni við flísalagnir. Uppl. í s. 869 6448.

**pósthúsið**

**Vantar þig vinnu ?**
Við hjá Pósthúsinu erum að leita að harðduglegu fólki til að dreifa **Fréttablaðinu og DV.**
Hvort sem þú ert morgunhani eða nátthrafn höfum við starf til að bjóða þér.
Prófaðu að hringja í okkur og fá frekari upplýsingar því það er aldrei að vita nema þú finnir eitthvað við þitt hæfi.
**Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.**

Þú nærð í okkur í síma **585-8330** alla daga vikunnar frá **7.00–17.30.**

**pósthúsið**

Okkur á pósthúsinu vantar fólk til þess að bera út um virka daga annars vegar og helgar hins vegar í eftirtalin póstnúmer:

**101**
**104**
**105**
**107**
**200**
**240**

**Upplýsingar í síma 585-8330.**




## TILKYNNINGAR

### Ýmislegt

Guðrún Maríasdóttir, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést laugardaginn 19. febrúar

### Einkamál




## FASTEIGNIR

**OPIÐ HÚS**
**HVERFISGATA 44**



Neðri sérhæð í glæsilegu nýuppgerðu timburhúsi. Hæðin 82 fm 3ja-4ra herb. með 42 fm rými í kjallara (ekki full lofthæð). Eignin skilast fullbúin þann 1. maí 2005. Allar innréttingar eru frá húsasmiðjunni, fallegt eikarparket á gólfum og upprunalegar lakkaðar fulningahurðir. Mikil lofthæð í íbúðinni og fallegir loftlistar og rósettur. Nýjar raflagnir, nýjar skolplagnir og nýtt tvöfalt verksmiðjugler.



**Gyða Gerðarsdóttir,** sölumaður tekur á móti gestum milli kl. 17:00 – 19:00 í dag.

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

**SAMLESNAR AUGLÝSINGAR**
FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Belgíska Kongó
Örfáar sýningar eftir
**Borgarleikhúsið**

Vélsleðakerrur
**Víkurvagnar**

Skákvörur
**Penninn Eymundsson, Hallarmúla**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Rafmótorar – gírmótorar
**Fálkinn**

Benecol fyrir þá sem vilja lækka kólesteról
**Mjólkursamalan**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Loftræstiviftur
**Fálkinn**

Heitur matur, heitur matur
**Þín verslun, Seljabraut**

Skrifstofuvörur á tilboði
**Penninn Húsgagnadeild**

Virkni Benecols er vísindalega staðfest
Benecol fyrir þá sem vilja lækka kólesteról
**Mjólkusamsalan**

## SJÓNARHORN



Árni Veigar og Kristófer stöðvast í miðri sveiflu til að líta í linsu ljósmyndarans/Ljósmynd: Róbert







365

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku.
Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

## Vantar þig aukavinnu?

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043.
Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

digital ísland DV

### Matstofa Vesturbæjar

## Bakari óskast í dagvinnu

Þarf að geta byrjað um mánaða mótin.
Um er að ræða ca. 70% starf.
**Uppl. Gefur Ásta 699-1079.**

# SAMKEPPNISSTOFNUN
## óskar eftir að ráða yfirhagfræðing til starfa

Yfirhagfræðingur Samkeppnisstofnunar ber ábyrgð á hagfræðilegri greiningu, bæði í tengslum við sértækar rannsóknir á samkeppnismörkuðum og varðandi hagfræðilega meðferð stjórnsýslumála. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði í starfi og mun hafa áhrif á mótun hagfræðilegrar umræðu og rannsóknir hjá samkeppnisyfirvöldum í nánustu framtíð. Starfið er fjölbreytilegt og krefjandi og mun yfirhagfræðingur Samkeppnisstofnunar taka virkan þátt í því að vernda og efla samkeppni með framkvæmd samkeppnislaga.

**Starfssvið:**
- Hagfræðileg greining og rannsóknir
- Hagfræðileg ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumótun samkeppnissviðs
- Ritun greinargerða
- Rekstur mála á samkeppnissviði

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun í hagfræði, helst með áherslu á atvinnuvegahagfræði og tölfræðilega úrvinnslu, og/eða allnokkur starfsreynsla við hagfræðilega greiningu og rannsóknir
- Hæfni til að tjá sig í rituðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf og öðru sem umsækjandi vill taka fram þurfa að berast SAMKEPPNISSTOFNUN, Rauðarárstíg 10, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík, í síðasta lagi 18. mars nk. Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 552 7422.

Samkeppnisstofnun fer ásamt samkeppnisráði með framkvæmd samkeppnislaga á fyrsta stjórnsýslustigi og annast stofnunin dagleg störf ráðsins. Hlutverk samkeppnisyfirvalda felst m.a. í því að framfylgja banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og ákveða aðgerðir gegn slíkri háttsemi.

www.samkeppni.is

SAMKEPPNISSTOFNUN



# Átt þú barn eða ungling með **geðraskanir?**

## Hefur barnið þitt notið þjónustu á BUGL?

– Er barnið þitt að fá úrræði á vegum Barnaverndarstofu?

– Hefur þú áhuga á að hitta aðra foreldra í sömu stöðu?

Okkur langar að hitta þig þriðjudaginn 22. febrúar kl. 20 í Sjónarhóli, Háaleitisbraut 13. Þá munu Þorgerður Ragnarsdóttir og Hrefna Hannesdóttir kynna ráðgjafarþjónustu Sjónarhóls fyrir okkur.

**Spjall og kaffi á eftir.**



Hlökkum til að sjá þig

## BARNAGEÐ

Félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga

**Sími 695-5200**

## Aðalfundur samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju

**Aðalfundur samtakana verður haldinn laugardaginn 5. mars klukkan 13 á Hótel Lind.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

**Stjórn SARK**



ICEIDA

### Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir

## Styrki til meistara- og doktorsnáms.

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfar á grundvelli laga nr. 43 frá 1981. Í lögum um stofnunina segir í 2. gr.: "Stofnunin skal vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórnmálalegt sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna." Aðalsamstarfslönd ÞSSÍ núna eru fjögur Afríkuríki: Namibía, Malawi, Mozambique og Úganda.**

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir til umsóknar styrki til meistara- og doktorsnáms á starfssviði stofnunarinnar. Að þessu sinni verður veittur einn styrkur til doktorsnáms og tveir til meistaranáms.

Hlutverk rannsóknarstyrkja Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) er að styrkja íslenska nemendur í meistara- og doktorsnámi við háskóla til rannsóknarverkefna er snerta starfssvið stofnunarinnar. Rannsóknaverkefni skal nema að minnsta kosti 30 einingum af náminu og einkum tengjast þróunarsamvinnu á eftirtöldum sviðum:

- **Sjávarútvegi**
- **Jarðhita**
- **Fullorðinsfræðslu**
- **Heilbrigðismálasviði**
- **Uppbyggingu náms á háskólasviði**
- **Stefnu og straumum í þróunaraðstoð**

Sérstakan forgang hafa verkefnaumsóknir, sem tengjast samstarfslöndum ÞSSÍ og/eða nýst geta stofnuninni í starfsemi hennar.

Í umsókn skal að gera grein fyrir tilgangi og markmiði rannsókna, framkvæmdalýsingu ásamt tíma- og kostnaðaráætlun, leiðbeinanda og við hvaða háskóla rannsókn verður unnin.

Styrkirnir skiptast í tvennt: annars vegar rannsóknastyrki og hins vegar ferðakostnað. Reiknað er með að viðkomandi þurfi að kynna sér aðstæður í því landi sem rannsóknin miðar að.

Rannsóknastyrkirnir nema að hámarki **kr. 540.000** fyrir meistaraverkefni og **kr. 1.080.000** fyrir doktorsverkefni. Styrkir vegna ferðakostnaðar geta numið allt að **kr. 250.000** og greiðast gegn framvísun staðfestra ferðareikninga.

Umsókn skal senda inn til Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands, sem hefur umsjón með styrkjunum, á sérstöku eyðublaði, sem finna má á heimasíðunni http://www.rthj.hi.is

## Umsóknarfrestur er til 31. mars 2005.

Nánari upplýsingar fást hjá **Rannsóknaþjónustu Háskólans, s. 525 4900**, netfang: *rthj@hi.is* og hjá **Þróunarsamvinnustofnun Íslands,** Þverholti 13, sími 545 8980.

Vefslóð Þróunarsamvinnustofnunar Íslands er: http://www.iceida.is/index.html

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.816 **-1,60%**

**Fjöldi viðskipta:** 284
**Velta:** 3.645 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

Ekkert félag í Kauphöllinni hækkaði í gær

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **Líftæknisjóðurinn** | -18,75% |
| **Tryggingamiðstöðin** | -4,09% |
| **Bakkavör** | -2,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,20 -1,90% ... Atorka 5,95 -0,83% ... Bakkavör 26,40 -2,58% ... Burðarás 13,35 -2,20% ... Flugleiðir 14,10 -1,05% ... Íslandsbanki 12,30 -1,60% ... KB banki 519,00 -1,70% ... Kögun 50,50 -1,17% ... Landsbankinn 14,85 -2,30% ... Marel 54,60 – ... Medcare 5,95 -0,83% ... Og fjarskipti 3,86 -1,53% ... Samherji 11,15 -0,89% ... Straumur 10,00 -1,96% ... Össur 86,50 -1,70%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Spennandi kosning

Kosið verður um sjö sæti í bankaráði Íslandsbanka í dag. Átta eru í kjöri og ljóst að einn úr þeim hópi mun ekki setjast í bankaráðið að lokinni kosningu. Helgi Magnússon hyggst höfða til minni hluthafa og freista þess að komast í bankaráðið fyrir tilstilli stórra hluthafa sem ekki eru ráðandi í bankanum. Helgi fékk nokkurn stuðning slíkra í kosningum árið 2000. Mikið vatn hefur síðan runnið til sjávar og óvíst hvort Helga takist að vinna þá á sitt band nú, en gerist það telja menn að það verði líklega á kostnað Jóns Snorrasonar, sem situr í krafti eigin hlutar í bankaráðinu, eða Róberts Melax sem nýtur stuðnings Milestone sem er í eigu Wernersfjölskyldunnar. Aðrir frambjóðendur eru taldir eiga stólana vísa, þar með talinn Þórarinn V. Þórarinsson sem nýtur atkvæða Straums, en eignarhlutur Straums dugir fyrir tveimur mönnum í bankaráðið.



### Umhyggja úr óvæntri átt

Það vakti athygli íslenskra lesenda pakistanska dagblaðsins Daily Times að þar var um helgina fjallað um ástand efnahagsmála hér á landi. Í fréttinni er sagt frá miklum hagvexti hér á landi sem rakinn er til úrbóta í fjármálaumhverfinu á tíunda áratugnum. Megininntak umfjöllunarinnar, sem er byggð á skýrslu OECD, er hættan á ofhitnun í efnahagslífinu og sagt er frá baráttu Seðlabankans við að halda verðbólgunni innan þolmarka. Hér á landi er ekki mikið fylgst með þróun efnahagsmála í Pakistan, enda viðskipti milli landanna sáralítil. Fyrir áhugasama má þó geta þess að landsframleiðsla á mann var um fjórtán sinnum hærri á Íslandi en í Pakistan árið 2003 og hagvöxtur var þar um 5,8 prósent árið 2003.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Ekkert félag í **Kauphöll Íslands** hækkaði í verði í gær. Öll félögin í **Úrvalsvísitölunni** lækkuðu nema **Marel** sem stóð í stað.

**Hannes Guðmundsson** hefur sagt sig úr stjórn **Nýherja** þar sem hann hefur tekið við starfi útibússtjóra hjá **Íslandsbanka**. **Guðmundur Jóh. Jónsson** tók sæti í aðalstjórn í hans stað.

Hagnaður **Þormóðs ramma – Sæbergs** var 319 milljónir í fyrra. Árið 2003 var hagnaðurinn 502 milljónir en tæplega 1,1 milljarður árið 2002.

Í Lundúnum hækkaði **FTSE** vísitalan um 0,07 prósent í gær. Í Þýskalandi lækkaði **Dax** um 0,14 prósent og í Japan lækkaði **Nikkei** um 0,08 prósent.

# Meiður kaupir 16 prósent í VÍS

**Sterkur einkafjárfestir bættist í hóp samvinnufyrirtækja í eigendahópi VÍS með kaupum Meiðs á sextán prósenta hlut í félaginu.**

Meiður fjárfestingarfélag sem er í stærstum hluta í eigu bræðranna í Bakkavör og KB banka hefur keypt sextán prósenta hlut í Vátryggingafélagi Íslands. Meiður verður þar með fjórði stærsti hluthafi VÍS, en markmiðið er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins að Meiður auki hlut sinn í 20 prósent.

Nýtt hlutafé hefur verið gefið út í VÍS fyrir ríflega hundrað milljónir að nafnvirði og kaupir Meiður allt nýja hlutaféð. Síðasta gengi með hluti í VÍS var á genginu 49 og má því gera ráð fyrir að fjárfesting Meiðs nemi ríflega fimm milljörðum króna.

VÍS og Meiður hafa starfað saman sem stórir eigendur í KB banka. Stærsti hluthafinn í VÍS er Hesteyri sem er í eigu Skinneyjar, Þinganes á Hornafirði og Fisk Seafood á Sauðarkróki. Auk þeirra eru stærstu hluthafar Samvinnutryggingar og KB banki.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið unnið að innkomu Meiðs í hluthafahópinn um nokkurt skeið. VÍS hefur lengi verið í eigu fyrirtækja í samvinnurekstri og stendur hugurinn til þess að skerpa á eignarhaldinu með innkomu stórs einkafjárfestis.

Auk samvinnu Meiðs og VÍS í eigendahópi KB banka er talið að þessir aðilar hafi hug á að kaupa, ásamt fleiri fjárfestum, kjölfestuhlut ríkisins í Símanum. **- hh**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EIGNAST Í VÍS** Ágúst og Lýður Guðmundssynir eru stærstu eigendur Meiðs sem er kjölfestueigandi í KB banka. Meiður hefur nú eignast 16 prósenta hlut í VÍS og hefur hug á að auka hlut sinn enn frekar.


# Ferðamálaráðstefna 2005

**Ferðamálasamtök Suðurnesja (FSS) og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) boða til fundar um ferðamál í Eldborg Svartsengi kl.13:00 – 17:00 föstudaginn 25. febrúar 2005.**

**Erindi:**



**Mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir sveitarfélögin**
*Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri í Grindavík*



**Framtíðaruppbygging Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. og aukin samvinna við ferðaþjónustuna**
*Höskuldur Ásgeirsson framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.*



**Framtíðarsýn-framlag fyrirtækja og stjórnvalda**
*Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar SAF*



**Virkjanir, umhverfi og ferðaþjónusta**
*Albert Albertsson aðstoðarforstjóri Hitaveitu Suðurnesja hf.*

**Kynnt viðhorfskönnun ferðamanna til Suðurnesja**
*Rögnvaldur Guðmundsson ráðgjafi.*

**Kl. 15:30 kaffihlé**

**Pallborð:**

**Sóknin á Reykjanesi**








**Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæ,**
**Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri SSS,**
**Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri Grindavík,**
**Sigurður Ásbjarnarson bæjarstjóri Sandgerði,**
**Sigurður Jónsson bæjarstjóri Sveitarfélaginu Garði,**
**Jón Gunnarsson oddviti Vatnsleysustrandarhrepps.**

**Fundarstjórar:**




Kristján Pálsson formaður FSS
Guðbjörg Jóhannsdóttir atvinnuráðgjafi SSS

**Allir velkomnir**

***Fundarboðendur***

# Hagnaður Actavis fimm milljarðar

**Hagnaðurinn er undir spám greiningardeilda bankanna. Tekjuvöxtur félagsins var 43 prósent í fyrra og áfram er gert ráð fyrir vexti.**

Hagnaður Actavis í fyrra var minni en greiningardeildir bankanna gerðu ráð fyrir og framlegð af rekstrinum var umtalsvert minni en gert hafði verið ráð fyrir. Hagnaður Actavis var 62,7 milljónir evra. Það samsvarar ríflega fimm milljörðum króna.

**Spár greiningardeilda bankanna um hagnað Actavis***

| | |
|---|---|
| KB banki | 64.429 |
| Íslandsbanki | 63.400 |
| Landsbankinn | 65.300 |
| **Niðurstaða** | **62.656** |

**Tölur í þúsundum evra*




FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**SÁTTUR VIÐ VÖXTINN** Róbert Wessmann, forstjóri Actavis, segir að vöxturinn í rekstrinum hafi verið meiri en hjá nær öllum samkeppnisfyrirtækjum Actavis á alþjóðamarkaði.

Rekstrartekjur Actavis-samstæðunnar jukust um 43 prósent á milli áranna 2003 og 2004. Að sögn Róberts Wessmann, forstjóra Actavis, er vöxtur félagsins meiri en nánast allra annarra félaga sem eru í sambærilegum rekstri á alþjóðlegum markaði.

Áfram má gera ráð fyrir vexti í starfsemi Actavis og er meðal annars horft til Bandaríkjamarkaðs, sem er stærsti lyfjamarkaður heims. „Við höfum varið töluverðum tíma í að skoða Bandaríkin og viljum fara að sjá tekjur af okkar eigin lyfjum á þeim markaði árið 2006," segir Róbert.

Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Landsbankans, segir að framlegðin af rekstrinum (EBITDA-framlegð) sé töluvert lægri en spáð hafi verið. Hún segir að þetta megi meðal annars skýra með því að vöxtur í sölu lyfja undir vörumerki Actavis hafi verið meiri en hún hafði gert ráð fyrir en vöxturinn í sölu til þriðja aðila hafi verið minni. Með sölu til þriðja aðila er átt við að Actavis framleiðir lyf sem seld eru undir merkjum annarra fyrirtækja. Framlegðin af þeirri starfsemi er hærri en af sölu undir eigin merkjum.

Guðmunda segir einnig að kostnaður við sölu- og markaðsstarf hjá fyrirtækinu hafi vaxið hraðar en áætlanir hafi gert ráð fyrir.

Róbert segir að framlegðin af rekstrinum á fjórða ársfjórðungi sé lægri en ella sökum þess að þá hafi fallið til nokkrir óreglulegir gjaldaliðir. Annars vegar hafi þurft að afskrifa mikið magn birgða í Danmörku og hins vegar hafi fallið til kostnaður vegna breytinga á afsláttarkerfum í lyfsölu í Tyrklandi.

„Markaðskostnaður er að fara töluvert upp á milli ára út af Tyrklandi. Við settum einnig mikið í markaðssetningu á fjórða ársfjórðungi og meðal annars í Rússlandi þar sem við erum að auglýsa mikið í sjónvarpi," segir Róbert.

thkjart@frettabladid.is


## Aðalfundur Íslandsbanka hf.



**Aðalfundur Íslandsbanka hf. árið 2005 verður haldinn á Nordica Hótel í dag, þriðjudaginn 22. febrúar 2005, og hefst kl. 14.00.**

### Dagskrá

1. Aðalfundarstörf í samræmi við 10. grein samþykkta félagsins.
2. Tillögur bankaráðs til breytinga á samþykktum félagsins.
3. Tillaga um framlag í Menningarsjóð Íslandsbanka og Sjóvá.
4. Tillaga um heimild til bankaráðs til kaupa á eigin hlutum í Íslandsbanka hf.
5. Önnur mál löglega upp borin.

Dagskrá fundarins, tillögur og ársreikningar félagsins fyrir árið 2004 eru hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum bankans að Kirkjusandi, Reykjavík. Þessi gögn eru einnig aðgengileg á www.isb.is.

Atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað, Nordica Hótel, frá kl. 12.00 á fundardegi, þriðjudaginn 22. febrúar.

ÍSLANDSBANKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



ÍSLENSKI MARKAÐSDAGURINN
ráðstefna og Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin í Háskólabíói föstudaginn 25. febrúar.

## SKIPULAGÐUR ÁRANGUR!

**Markvissari markaðssetning skilar betri niðurstöðu.**

- Hver er lykillinn að vel heppnaðri markaðssókn?
- Hvað ber að hafa í huga, hverjir eru helstu lykilþættir og hvað er það sem skiptir höfuðmáli við gerð markaðsáætlunar?
- Er fagmennskan höfð að leiðarljósi í markaðsdeildum íslenskra fyrirtækja?
- Hvað segir ein virtasta auglýsingastofa Evrópu, BBDO?
- Hvað með Icelandair, Össur og Actavis, fyrirtæki í útrás sem hafa jafnvel lítið fé til að verja í markaðsmál í samanburði við samkeppnisaðila?

**Þessum spurningum og fleiri verður velt upp og svarað á Íslenska markaðsdeginum.
Ráðstefnan er öllum opin.**

## DAGSKRÁ 25. FEBRÚAR 2005

### Háskólabíó, salur 1

Kl. 9.00-9.15 **Ráðstefnan sett.**

Kl. 9.15-9.45 **Könnun IMG Gallup fyrir ÍMARK og SÍA, Hafsteinn Már Einarsson,** forstöðumaður IMG.

Kl. 9.45-10.30 **Halldór Harðarson,** markaðsstjóri Icelandair í Skandinavíu.



Kl. 10.30-10.45 **Kaffihlé.**

Kl. 10.45-11.45 **George Bryant,** Head of Planning AMV BBDO.



### Radisson SAS Hótel Saga, Súlnasalur

Kl. 12.00-13.15 **Hádegisverður, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir** frá Actavis, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs – sala til þriðja aðila.



### Háskólabíó, salur 1

Kl. 13.30-14.15 **Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir,** deildarstjóri á þróunarsviði Össurar **Edda Heiðrún Geirsdóttir,** yfirmaður markaðssamskipta á sölu- og markaðssviði Össurar.





Kl. 14.15-14.45 **Kaffihlé.**

Kl. 14.45-15.45 **Peter van Stolk,** President and CEO Jones Soda.



### Háskólabíó, stóri salur

Kl. 16.00-17.00 **Fyrirtækjakynning og sýning** í anddyri Háskólabíós. Léttar veitingar í boði Carlsberg.

Kl. 17.00-18.30 **Lúðurinn,** íslensku auglýsingaverðlaunin 2005.

## SKRÁÐU ÞIG STRAX!

Skráning fer fram á www.imark.is og í síma 511 4888. Þáttökugjald er 22.900 kr. fyrir ÍMARK-félaga, 30.400 fyrir aðra. Innifalinn er hádegisverður, kaffiveitingar, fundargögn, miði á Lúðurinn og taska með glaðningi til ráðstefnugesta.

ÍMARK
FÉLAG ÍSLENSKS MARKAÐSFÓLKS

ICELANDAIR · ICELANDAIR HOTELS www.icehotels.is · inn · SPARK · Margt smátt BÓLUR · Landsbankinn · SKJÁREINN · prentmet

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**ANDY WARHOL (1928-1987)**
lést þennan dag.



*„Ekki hafa neinar áhyggjur af því sem um ykkur er skrifað. Mælið bara dálksentímetrana.“*

***Fyrir utan að vera áhrifamikill myndlistarmaður var Warhol duglegur kvikmyndagerðarmaður. Á árunum 1963 til 1968 bjó hann til yfir 60 kvikmyndir. Frægasta kvikmyndin er frá árinu 1963 og heitir Svefn, en í henni sést maður sofa í átta tíma. Ævi listamannsins hefur einnig komið við sögu í mörgum myndum, en hann hafa meðal annars leikið Crispin Glover, David Bowie og Jared Harris, í myndunum The Doors, Basquiat og I Shot Andy Warhol.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Heimurinn frétti af kindinni Dolly

Þennan dag árið 1997 létu vísindamenn í Skotlandi fréttast um tilvist fyrstu skepnunnar sem tekist hafði að klóna svo vel færi. Þetta var kindin Dolly sem búin var til í Roslin-stofnuninni í Edinborg, en Dolly kom í heiminn 5. júlí árið 1996. Dolly var fyrsta spendýrið sem klónað var úr frumu fullorðinnar skepnu. Fyrri tilraunir til klónunar höfðu verið úr fósturfrumum.

Klónun kindarinnar Dollyar varð mjög umtöluð, enda fylgdu klónunargetunni siðferðileg álitamál og ótti meðal margra um að tæknina mætti nota til að klóna fólk. Dr. Ian Wilmut, sem fór fyrir hópi vísindamannanna skosku sem stóðu



**22. FEBRÚAR 1997**
Vísindamenn upplýstu um tilvist klónuðu kindarinnar Dollyar, en hún kom í heiminn rúmum sjö mánuðum áður.

að tilurð Dollyar, sagði hins vegar að klónun manneskja væri bæði ógeðfelld og ólögleg. Fréttir af tilurð Dollyar urðu til að æsa upp dýraverndarsinna og Skoska kirkjan lýsti því yfir að þótt rannsóknirnar væru „heillandi“ þá hefði hún sínar efasemdir.

Þá upplýsti Dr. Wilmut líka um hvernig komið hafði til að kindin var nefnd Dolly. „Dolly er búin til úr frumu mjólkurkirtils og okkur komu ekki hug nokkrir mjólkurkirtlar mikilfenglegri en á Dolly Parton.“

Árið 2003 var svo ákveðið að aflífa Dolly eftir að rannsókn dýralæknis leiddi í ljós að hún þjáðist af síversnandi lungnasjúkdómi. Skrokkur skepnunnar var hins vegar varðveittur og geta áhugasamir barið hann augum í þjóðminjasafninu skoska í Edinborg.

## MERKISATBURÐIR

**1630** Indjánar kynna enskum landnemum í Ameríku poppkorn.
**1819** Spánn eftirlætur Bandaríkjunum Flórída.
**1848** Uppreisn brýst út í Frakklandi.
**1903** Fríkirkjan nýja í Reykjavík vígð.
**1975** Herstjórnin í Eþíópíu lýsir því yfir að 2.300 skæruliðar hafi verið drepnir í bardögum í Erítreu.
**1979** Menningarverðlaun Dagblaðsins veitt í fyrsta sinn.
**1991** Sigríður Snævarr afhendir trúnaðarbréf sitt sem sendiherra í Svíþjóð. Hún var fyrst íslenskra kvenna til að gegna sendiherrastöðu.
**1995** Frakkar saka fimm Bandaríkjamenn um stjórnmála- og efnahagsnjósnir og reka þá úr landi.



†

*Ástkær kona mín, móðir, dóttir, systir okkar og barnabarn,*

**Hafdís Lára Kjartansdóttir,**

Melás 10, Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. febrúar. Útför verður haldin föstudaginn 25. febrúar kl. 14:00 í Keflavíkurkirkju. Viljum þakka þeim sem hafa sýnt okkur hlýhug og samúð.

**Bergþór Már Arnarsson, Kolfinna Björk Guðmundsdóttir, Sindri Freyr Guðmundsson, Kjartan Hafsteinn Kjartansson, Vilhjálmur Árni Kjartansson, María Ósk Kjartansdóttir og Sigríður Ingimundardóttir.**



†

*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför, ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Jónu J. Guðjónsdóttur,**

Miðvangi 41, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á 4. hæð Sólvangs í Hafnarfirði.

**Hulda Magnúsdóttir, Hinrik V. Jónsson, Jón V. Hinriksson, Guðrún Júlíusdóttir, Magnús Hinriksson, Guðríður Aadnegard, Ágúst Hinriksson, Margrét Steingrímsdóttir, langömmu- og langalangömmubörn.**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hluttekningu við fráfall og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,*

**Sigrúnar Kristinsdóttur**

Þangbakka 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A6 Landspítala, Fossvogi, fyrir góða umönnun.

**Kristinn Erlendsson, Ásta Guðmundsdóttir, Helga Erlendsdóttir, Ásmundur Gíslason, Sigrún Erlendsdóttir, Sigurgestur Ingvarsson, Guðrún Lísa Erlendsdóttir, Bragi Baldursson, Sturla Erlendsson, Þóra Þórhildur Guðjónsdóttir, Elísabet Erlendsdóttir, Björn Ásgrímsson Björnsson, Ingunn Kristinsdóttir Þormar, Kristín Kristinsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Besti vinur minn og eiginmaður, tengdasonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Eiríksson**

frá Þrasastöðum í Fljótum,

kvaddi þetta jarðlíf þriðjudaginn 15.febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 24. febrúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildar Landspítalans í s. 543 1151.

**Inger Marie Arnholtz, Elín Jóhannesdóttir Arnholtz, Gísli Sigurjón Jónsson, Axel Jónsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Hilmar Jónsson, María Helga Hróarsdóttir og barnabörn.**

**TÍMAMÓT**: 25 ÁR FRÁ DÓMI Í GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁLUM

# Endurupptaka ekki útilokuð í annarri tilraun

Í dag eru 25 ár síðan Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, en þá héldu margir að lokið væri einhverju umtalaðasta sakamáli Íslandssögunnar. Sex sakborningar voru dæmdir í fangelsi allt frá einu ári og upp í sautján ár. Sú var þó ekki raunin. Gerð var árið 1997 tilraun til endurupptöku, sem var hafnað. Síðan hafa verið gerðar lagabreytingar og enn eru uppi ráðagerðir um að fá málin tekin upp. „Síðasta orðið hefur ekki verið sagt í þessum málum,“ segir Erla Bolladóttir, ein af þeim sem dóm hlutu.

Guðmundar- og Geirfinnsmál komu upp árið 1974, en þau snúast um tvö mannshvörf, ótengd að öðru leyti en því að mikið til sama fólkið var dæmt fyrir aðild að þeim. Undir janúarlok 1974 hvarf ungur maður að nafni Guðmundur Einarsson eftir dansleik í Hafnarfirði og níu mánuðum síðar hvarf Geirfinnur Einarsson vinnuvélabílstjóri í Keflavík eftir stefnumót við óþekktan mann. Það mál var frá upphafi rannsakað sem sakamál og hugsanlegt morðmál.

Héraðsdómur féll í málunum 19. desember 1977 og svo hæstaréttardómurinn þremur árum síðar. Sævar Marinó Ciesielski, sem þyngstan dóm hlaut, hóf eftir afplánun baráttu fyrir því að málið yrði tekið upp að nýju. Aðrir sakborningar og fleiri til tóku undir þá kröfu. Eftir áralanga baráttu féllst Hæstiréttur á að kanna grundvöll fyrir endurupptöku, en kvað svo 15. júlí 1997 upp úr með að lagaskilyrðum fyrir endurupptöku væri ekki fullnægt. Úrskurðurinn kom mörgum mjög á óvart, meira að segja svo mjög að forsætisráðherra þjóðarinnar sagðist síðar þeirrar skoðunar að með Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hefði verið framið réttarmorð.



**HÆSTIRÉTTUR KVEÐUR UPP DÓM SINN** Dómur var upp kveðinn í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í Hæstarétti 22. febrúar árið 1980. Á myndinni eru frá vinstri: Björn Helgason hæstaréttarritari og dómararnir Þór Vilhjálmsson, Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, forseti Hæstaréttar, Benedikt Sigurjónsson og Ármann Snævarr.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður, sem annaðist endurupptökubeiðnina fyrir Sævar, segir úrskurðinn hafa komið mjög á óvart. „Það voru lögð fram fyrir Hæstarétt gögn sem sýndu fram á að málsmeðferðin var brot á öllum helstu grundvallarreglum um málsmeðferð í opinberum málum,“ sagði hann og bætti við að svo virtist sem dómstólar hefðu það grundvallarviðhorf að óheppilegt væri að viðurkenna mistök. „Þeir virðast telja að það grafi undan trú manna á dómstóla, en ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það myndi auka tiltrú manna á dómstólum ef þeir viðurkenndu mistök eins og allir aðrir þurfa að gera.“ Ragnar segir ekki loku fyrir það skotið að endurupptaka fáist þrátt fyrir úrskurð Hæstaréttar árið 1997. „Það þarf bara að leggja fram enn betri gögn. Svo er líka fyrir frumkvæði Davíðs Oddssonar búið að breyta lögunum síðan endurupptökunni var hafnað,“ sagði hann og taldi möguleika endurupptöku meiri nú en árið 1997.

## AFMÆLI

**Helgi Hallgrímsson**, fyrrverandi vegamálastjóri, er 72 ára í dag.
**Bryndís Víglundsdóttir** skólastjóri er 71 árs í dag.
**Eiður Ágúst Gunnarsson** söngvari er 69 ára í dag.
**Jóhann G. Jóhannsson**, tónlistar- og myndlistarmaður, er 58 ára í dag.
**Sigríður Þorgeirsdóttir** heimspekingur er 47 ára í dag.
**Sigurður Smári Gylfason**, framkvæmdastjóri ÍSHUG, er 41 árs í dag.
**Erlendur Eiríksson** leikari er 35 ára í dag.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1403** Karl VII Frakklandskonungur.
**1732** George Washington, fyrsti forseti Bandaríkjanna.
**1810** Frederick Chopin, tónskáld.
**1900** Giorgios Seferis, ljóðskáld.
**1900** Luis Bunuel, leikstjóri.
**1908** John Mills, leikari.
**1938** Ishmael Reed, rithöfundur.
**1944** Jonathan Demme, leikstjóri.
**1949** Niki Lauda, fyrrum ökumaður í Formúlu 1.
**1950** Miou-Miou, leikkona.
**1950** Julie Walters, leikkona.
**1958** Kyle MacLachlan, leikari.
**1973** Kimberly Davies, leikkona.
**1975** Drew Barrymore, leikkona.

## ANDLÁT

**Elísabet R. Jónsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík, lést laugardaginn 19. febrúar.
**Guðjón G. Guðjónsson**, Laugarnesvegi 89, Reykjavík, lést laugardaginn 19. febrúar.
**Guðrún Maríasdóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést laugardaginn 19. febrúar.

## JARÐARFARIR

11.00 **Björn Guðmundsson**, hjúkrunarheimilinu Eir, áður Miðtúni 2, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.
11.00 **Samúel J. Valberg**, húsgagnabólstrarameistari, áður á Kambsvegi 34, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.
13.00 Ingibjörg Ragnheiður Jóhannsdóttir, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.
13.30 **Katrín Guðmundsdóttir**, Tröðum, Hraunhreppi, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju.
16.00 Minningarathöfn um **Sigurbjörgu Bjarnadóttur**, Bakkabakka 4a, Neskaupstað, fer fram í Fella- og Hólakirkju.


15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is

Minningarkort Hjartaverndar
535 1825
HJARTAVERND

Í KVÖLD

# BAYERN MUNCHEN - ARSENAL

# REAL MADRID - JUVENTUS



## STÆRSTU LEIKIR Í SÖGU MEISTARADEILDARINNAR

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í kvöld | 19:30 | Bayern Munchen - Arsenal | Sýn | Á morgun | 19:30 | Barcelona - Chelsea | Sýn |
| Í kvöld | 19:30 | Real Madrid - Juventus | Sýn 2 | Á morgun | 19:00 | Manchester United - AC Milan | Sýn 2 |
| Í kvöld | 21:40 | Liverpool - Bayer Leverkusen | Sýn | Á morgun | 21:40 | Manchester United - AC Milan | Sýn |
| Í kvöld | 21:40 | Bayern Munchen - Arsenal | Sýn 2 | Á morgun | 21:40 | Barcelona - Chelsea | Sýn 2 |
| Í kvöld | 23:30 | Real Madrid - Juventus | Sýn | Á morgun | 21:40 | Porto - Inter Milan | Sýn |

515 6100 • syn.is • Skífan • Og Vodafone

sýn

– besta sætið

# sport

sport@frettabladid.is



*„Chelsea vildi kaupa mig en félagið kláraði aldrei málið. Þeir munu skilja mistök sín þegar mörkin mín slá félagið út úr Meistaradeildinni.“*

**Samuel Eto´o, sóknarmaður Barcelona, leiðist ekki að kynda upp í forráðamönnum Chelsea fyrir leikinn gegn Barcelona á morgun.**



*„Alveg sama hversu lélegur hann er, ekki orð. Hann verður að eiga það við sjálfan sig.“*

**Sigurður Jónsson, þjálfari Víkings, hefur ekki mikið álit á Hans Scheving, dómara leiks Víkings og ÍA í deildarbikarnum um helgina. Þessi fleygu orð lét hann falla til leikmanna sinna á meðan leik stóð.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

19 20 21 **22** 23 24 25

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Víkingur** og **Haukar** mætast í Víkinni í DHL-deild kvenna í handbolta.

### SJÓNVARP

- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um Meistaradeildina í fótbolta á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Bayern München** og **Arsenal** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 19.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn 2. Bein útsending frá leik **Real Madrid** og **Juventus** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 21.40 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Bayer Leverkusen** og **Liverpool** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 21.40 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn 2. Bein útsending frá leik **Bayern München** og **Arsenal** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 23.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Real Madrid** og **Juventus** í Meistaradeildinni í fótbolta.

Chelsea í vandræðum:

## Búið spil fyrir Bridge

**FÓTBOLTI** Í gær var staðfest að Wayne Bridge hefði tví-ökklabrotnað í leik Chelsea og Newcastle í bikarnum um helgina. Bridge, sem féll illa eftir samstuð við Alan Shearer, hefur þegar farið í aðgerð og mun ekki verða klár í slaginn á ný fyrr en í sumar. Meiðsli Bridge þýða að Jose Mourinho hefur nú engan vinstri bakvörð í sínum leikmannahópi og þykir líklegt að Paulo Ferreira muni spila á öfugum kanti gegn Barcelona á morgun og að Glen Johnson spili hægri bakvörð. ■

# Breyttir tímar á Hlíðarenda

**Valsmenn hafa þegar unnið tvo titla undir stjórn Willums Þórs Þórssonar og síðast þegar þeir unnu Reykjavíkurmeistaratitilinn fylgdi Íslandsmeistaratitillinn einnig í kjölfarið. Valsmenn hafa unnið tvö mót á síðustu þremur mánuðum en fyrir þann tíma hafði liðið verið titlalaust í 138 mánuði.**

**FÓTBOLTI** Valur er eitt sigursælasta knattspyrnufélag Íslands frá upphafi og hefur aðeins KR unnið fleiri Íslands- og bikarmeistaratitla samanlagt. Valsmenn hafa 19 sinnum orðið Íslandsmeistarar og 8 sinnum bikarmeistarar en síðasti áratugur hefur hins vegar verið algjörlega titlalaus, allt þar til Willum Þór Þórsson mætti á Hlíðarenda. Valsmenn hafa nefnilega byrjað tímabilið á besta hugsanlega hátt; unnið báða titlana sem hafa verið í boði, fyrst Íslandsmótið í innanhússknattspyrnu í lok nóvember og svo Reykjavíkurmeistaratitilinn í síðustu viku.



**NÝTT GULLALDARTÍMABIL?** Willum Þór Þórsson var fenginn til Vals til að reisa liðið upp úr þeirri lægð sem það hefur verið í undanfarin ár.

**FLESTIR STÓRIR TITLAR Í ÍSLENSKUM FÓTBOLTA:**

(Íslandsmeistarar + bikarmeistarar)

| | |
|---|---|
| KR | **34** (24+10, SÍÐAST ÍM 2003) |
| **VALUR** | **28 (19+8, ÍM 1987)** |
| ÍA | **27** (18+9, BM 2003) |
| **FRAM** | **25 (18+7, ÍM 1990)** |
| KEFLAVÍK | **7** (4+3, BM 2004) |
| **ÍBV** | **7 (3+4, ÍM+BM 1998)** |

Valsmenn byrjuðu deildabikarinn líka vel um helgina, Sigurbjörn Hreiðarsson tryggði liðinu sigur á Grindavík, 1-0, í fyrsta leik og hvort sem það er sigurganga stelpnanna í félaginu sem hefur kveikt í karlpeningnum eða tilkoma Willums Þór Þórssonar í þjálfarastólinn er ljóst að Valsmenn eru loksins meistarar á ný. Titlarnir þykja kannski ekki stórir í samanburði við titlana tvo sem verða í boði í sumar en titill er alltaf titill, sérstaklega þegar biðin hefur verið jafnlöng og hjá Hlíðarendafélaginu.

### Rýr uppskera þar til nú

Þegar Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Valsmanna, tók við bikarnum fyrir sigur á Íslandsmótinu í innanhússknattspyrnu hafði enginn Valsmaður lyft bikar í 138 mánuði og 15 daga, allar götur síðan Sævar Jónsson tryggði Valsmönnum sigur í Meistarakeppni KSÍ í maí 1993 með tveimur mörkum í 2-1 sigri á ÍA og tók síðan við bikarnum í leikslok. Hálfu ári fyrr hafði Sævar lyft bikarnum fyrir sigur í bikarkeppninni, sem er síðasti stóri titill karlaliðs félagsins, en Valur vann þá KA 5-2 í úrslitaleik.

Reykjavíkurmeistaratitilinn, sem Valsmenn tryggðu sér með sigri á erkifjendunum í KR í vítaspyrnukeppni í undanúrslitunum, er líka táknræn þegar litið er á söguna, því síðast þegar Valsmenn urðu Reykjavíkurmeistarar fylgdu þeir því eftir með því að vinna Íslandsmeistaratitilinn um haustið.



**ÍSLANDSMEISTARAR 1987** Valsmenn urðu síðast Íslandsmeistarar 1987 og hér sést fyrirliðinn Þorgrímur Þráinsson með Íslandsmeistarabikarinn.

Valsmenn unnu fimm Íslandsmeistaratitla á árunum 1976 til 1987 en frá því að Þorgrímur Þráinsson lyfti bikarnum í september 1987 hefur engum Valsmanni tekist að komast í tæri við Íslandsbikarinn góða.

Nú er að sjá hvort velgengi Valsliðsins nái eitthvað fram á sumar eða einskorðist bara við vetrar- og vormótin.

**ooj@frettabladid.is**



**ÞAÐ VAR LAGIÐ** Aðalsteinn Eyjólfsson fagnaði í gær þegar hann fékk laun í fyrsta skipti í þrjá mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Íslendingaliðinu TuS Weibern bjargað frá gjaldþroti:

## Mikill léttir fyrir alla aðila

**HANDBOLTI** Fjárhagsvandræði Íslendingaliðsins TuS Weibern – sem Aðalsteinn Eyjólfsson þjálfar og landsliðskonurnar Jóna Margrét Ragnarsdóttir, Sólveig Kjærnested og Dagný Skúladóttir leika með – leystust í gær þegar félagið gekk frá nýjum styrktarsamningum. Fyrir vikið fengu allir starfsmenn félagsins greidd laun en enginn hafði fengið krónu í tæpa þrjá mánuði.

„Það er óhætt að segja að þetta sé mikill léttir fyrir alla aðila,“ sagði Aðalsteinn í samtali við Fréttablaðið í gær en hann hafði gefið félaginu frest til 26. febrúar til þess að greiða honum það sem hann átti inni hjá félaginu. Að öðrum kosti væri hann farinn heim.

„Þessar fréttir koma á góðum tíma og nú er loksins ljóst að við getum klárað tímabilið,“ sagði Aðalsteinn en Weibern vann langþráðan sigur um helgina og á góða möguleika á að halda sér uppi í efstu deild. „Það eru allir mun bjartsýnni núna og stefnan er að tryggja sætið í deildinni. Það væri gaman að skilja við félagið í efstu deild því ég er enn ákveðinn í því að koma heim og fara í nám,“ sagði Aðalsteinn sem mun þjálfa kvennalið FH næsta vetur.

**henry@frettabladid.is**

Stjörnuleikur NBA-deildarinnar fór fram í Denver um helgina:

## Shaq alltaf í sigurliði frá árinu 2000

**KÖRFUBOLTI** Shaquille OíNeal var kannski ekki valinn besti leikmaður Stjörnuleiksins annað árið í röð en það þykir mörgum táknrænt um áhrif þessa frábæra miðherja. Austurdeildin vann Stjörnuleikinn gegn Vesturdeildinni í fyrsta sinn síðan 2001, en Shaq missti af þeim leik vegna meiðsla.

Shaq fór frá Los Angeles Lakers til Miami í sumar og hefur verið í sigurliði í Stjörnuleiknum í síðustu fjórum leikjum sem hann hefur spilað, allar götur síðan 1998. Shaq missti af leikjunum 2001 og 2002 vegna meiðsla en var í sigurliði Vesturdeildarinnar 2000, 2003 og 2004. Besti maður leiksins í ár, Allen Iverson, sparaði heldur ekki hrósið og sagði að Shaquille væri sá besti frá upphafi.

Líkt og oft áður stal Shaq sviðsljósinu með húmor sínum og skemmtilegri framkomu en auk þess skoraði hann 12 stig, tók 6 fráköst, stal 3 boltum og varði 3 skot. Í fyrra var hann valinn bestur eftir að hafa skorað 24 stig og tekið 11 fráköst í 136-132 sigri vestursins og árið á undan skoraði hann 19 stig í 155-145 sigri vestursins í tvíframlengdum leik.

Shaq hefur alls verið 12 sinnum valinn í Stjörnuleiknum en hefur þrisvar dottið út vegna meiðsla. Í þeim níu sem hann hefur spilað hefur kappinn sex sinnum verið í sigurliði og skorað í þeim 17,6 stig og tekið 8,6 fráköst að meðaltali.



**SANNUR SKEMMTIKRAFTUR** Shaq hefur ekki tapað í Stjörnuleik síðan árið 1998.

Það er ekki nóg með að O'Neal hafi skilað sínu inni á vellinum heldur er hann örugglega einn allra skemmtilegasti náunginn á svæðinu enda alltaf tilbúinn að gantast og grínast. Shaq er ekki bara frábær leikmaður heldur líka sannur skemmtikraftur.

**ooj@frettabladid.is**




**HAFÐU ÞETTA** Snarbilaður stuðningsmaður Burnley kýlir hér kvenkyns lögreglumann á leik Burnley og Blackburn um helgina. Hann var einn af þremur áhorfendum sem sluppu inn á völlinn í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allt vitlaust í enska boltanum um helgina:

# Bullur í sviðsljósinu

**FÓTBOLTI** Þótt leikur Burnley og Blackburn í enska bikarnum hafi endað með markalausu jafntefli verður seint sagt að ekkert fjör hafi verið á vellinum. Þrír áhorfendur stálu senunni þegar þeim tókst að hlaupa inn á völlinn.

Einn þessara áhorfenda var nakinn og hljóp friðsamlega um völlinn áður en hann var handsamaður. Næstur á svið var húmoristi mikill sem breikdansaði við mikinn fögnuð áhorfenda. Sá sem síðastur hljóp á völlinn fór beina leið til Robbie Savage, leikmanns Blackburn, og las honum lífsreglurnar enda er Savage ekki sérstaklega vinsæll hjá stuðningsmönnum andstæðinganna. Hann varð síðan trylltur þegar kom að því að teyma hann af velli og í látunum tókst honum að kýla einn lögreglumann. Til þess að toppa líflegan leik fékk varnarmaður Burnley smápening í höfuðið úr stúkunni.

„Það er ótrúlegt að þrem áhorfendum skuli hafa tekist að komast inn á völlinn,“ sagði ævareiður stjóri Blackburn, Mark Hughes. „Hvað ef hann hefði verið með hníf á sér? Svona má ekki gerast.“

Roy Carroll, markvörður Manchester United, fékk einnig smápening í höfuðið á Goodison Park þar sem Everton tók á móti Man. Utd. Ýmsu lauslegu var kastað inn á völlinn í þeim leik, þar á meðal farsímum. Mikil slagsmál brutust út eftir leikinn þar sem 33 voru handteknir og fimm lögregluþjónar slösuðust. Bullurnar komust einnig í sviðsljósið á leik Rangers og Celtic í Skotlandi en þar fékk Fernando Ricksen, varnarmaður Rangers, kveikjara í höfuðið.

henry@frettabladid.is

Felix Magath er sigurviss fyrir leikinn gegn Arsenal:

# Njótum góðs af vetrarfríinu

**FÓTBOLTI** Meistaradeild Evrópu fer á fullt skrið á nýjan leik í kvöld þegar 16 liða úrslit keppninar hefjast. Fjórir stórleikir eru á dagskrá og þeir stærstu eru líklega viðureignir Bayern München og Arsenal annars vegar og Real Madrid og Juventus hins vegar. Auk þess sækir Liverpool lið Bayer Leverkusen heim og PSV og Monaco mætast í Hollandi.

Líklegt þykir að Michael Ballack missi af leiknum við Arsenal en hann á við lítilsháttar meiðsli í læri að stríða. „Meiðslin eru þess eðlis að ef við tækum áhættu með því að láta hann spila á ný of snemma gæti hann orðið frá í einhverjar vikur. Það viljum við sleppa við,“ segir Felix Magath, þjálfari Bayern, og bætir við að sínir menn séu í betri stöðu þar sem þeir séu nýkomnir úr vetrarfríi þýsku knattspyrnunnar.

„Við hlóðum batteríin á meðan Arsenal var í erfiðastu jólatörn í heimi. Það gæti riðið baggamuninn.“

Fabio Capello, þjálfari Juventus, og Zinedine Zidane, leikmaður Real Madrid, eiga það sameiginlegt að mæta sínum fyrrverandi liðum í kvöld en báðir ætla þeir sér sigur og ekkert annað. „Ef við vinnum Juve munum við ná mjög langt. Ef við getum unnið Juve getum við unnið alla,“ segir Zidane. Capello segir slæmt gengi Juventus í ítölsku deildinni undanfarið skýrast að miklu leyti af þessari viðureign. „Leikmenn hafa verið með hugann við leikina gegn Real og eru staðráðnir í að yfirstíga þá hindrun sem spænska liðið er.“

Steven Gerrard verður í banni gegn Leverkusen og munar þar um minna fyrir Liverpool. Leverkusen saknar einnig lykilmanns en varnarjaxlinn Jens Nowotny meiddist illa í leik um helgina og verður ekki með.

- vig



**FELIX MAGATH** Bayern mæta fullir sjálfstrausts í leikinn gegn Arsenal eftir 5–0 sigur á Dortmund um helgina.


PHOTOSHOP EXPERT

„Adobe Certified Expert gráðan er tvímælalaust einhver bestu meðmæli sem fólk getur fengið hvað Photoshop CS varðar. Þetta er námskeið fyrir ákafa notendur.“



Christopher Lund ljósmyndari er kennari námskeiðsins

MARKMIÐ

Markmiðið með þessu námskeiði er að gera nemendur mjög færa um að vinna sjálfstætt með Photoshop myndvinnsluforritið. Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Kennt er á forritið með það í huga að það nýtist fólki í starfi. Námið hentar því þeim sem hafa grunn en vilja fá dýpri þekkingu og skilning á nær óendanlegum möguleikum þessa vinsæla verkfæris. Innifalið í námskeiðinu er alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna:
- *Adobe Certified Expert.*

INNTÖKUSKILYRÐI

Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa góða undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu og einhverja reynslu af Photoshop eða hafa lokið grunnnámi í Photoshop. Einnig er góð enskukunnátta nauðsynleg þar sem mikið af námsgögnum er á ensku.

KENNSLUHÆTTIR

Námið byggir bæði á fyrirlestrum og verklegum æfingum og þarf að gera ráð fyrir nokkru heimanámi.

TÍMI

Kennt er á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum kl. 18:00 - 22:00. Námskeiðið hefst 3. mars og lýkur 10. maí.

Athugið! Flest stéttarfélög styrkja félagsmenn til náms hjá NTV.

**Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólans www.ntv.is**



ntv.is

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn | Hlíðasmára 9 | 201 Kópavogur | Sími 544 4500




# STUÐ MILLI STRÍÐA | Í eina sæng

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** KEMST UPP MEÐ AÐ GEFA EKKI BLÓM


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Mikið finn ég til með þeim ræfilskörlum sem eru ofurseldir bjánalegum hefðum og þurfa að færa eiginkonum sínum og kærustum blóm, súkkulaði eða einhvern annan álíka fjára á konudaginn. Væri ekki nær að gera alla daga að konudögum, eða bara konu- og karladögum, frekar en að skikka fólk með auglýsingum og hópþrýstingi til að taka þátt í árvissum skrípaleik? Dagar af þessu tagi eiga það líka flestir sameiginlegt að snúast upp í andhverfu sína. Fólk er til dæmis alltaf að keyra í bílunum sínum á bíllausa deginum og á þeim reyklausa púar skríllinn, rétt eins og alla aðra daga, sígarettur á veitingastöðum þannig að sómakærir góðborgarar geta ekki snætt flatböku með alls kyns offitandi og kransæðastíflandi óþverra í ró og næði.

Konudagurinn og allur gróðurinn og glingrið sem fylgir honum hefur þannig sáralítið með ást og hlýju í garð makans að gera. Umstangið í kringum hann er kvöð, samfélagslegt ok, sem verður til þess að þeir sem ekki taka þátt eiga það á hættu að þurfa að sofa á sófanum í nokkra daga.

Þessir konu-, karla-, bónda-, mæðra- og Valentínusardagar eru því rétt eins til þess fallnir að ala á óeiningu og fölskum tilfinningum. Þyki fólki virkilega vænt hvoru um annað ætti það að einbeita sér að því að sýna kærleik og hlýju á hverjum degi og fara sátt að sofa á hverju kvöldi frekar en að bera ást sína á falskt tilfinningatorg þessara innihaldslausu daga.

Hér er ókeypis ástarráð frá manni sem gefur konum ekki blóm í tilefni þess að hjá honum er annar í konudegi í dag. Notið aðeins eina sæng. Tvær sængur eru eitur í sambandinu þar sem það gefur ykkur kost á að rúlla ykkur upp og út í horn og sofna í fýlu. Það að deila einni og sömu sænginni allar nætur gerir hverja tvo einstaklinga nánari en allur heimsins arfi og rósir með þyrnum.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



## Á HESTBAKI

**JENS EINARSSON** FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# Hinn klassíski reiðbúningur

Keppnistímabil hestaíþrótta er hafið. Flokkaskiptar töltkeppnir eru auglýstar um hverja helgi hjá einstökum hestamannafélögum, allir fá tækifæri til að spreyta sig á móti jafningjum. Mót á þessum árstíma eru hæfilega kæruleysisleg, knapar klæða sig eftir veðri og fínheitin látin bíða betri tíma. Það leiðir hins vegar hugann að því hvort snyrtimennska í klæðaburði á hátíðlegri mótum sé eins og hún ætti að vera.

Sjálfur mun ég víst seint teljast flottur í tauinu og er því kannski að hætta mér út á hálan ís. En þegar myndbönd frá nýliðnum landsmótum eru skoðuð hrekkur maður óneitanlega við, vegna þess einfaldlega að knapar eru á stundum alls ekki nógu fínir miðað við tilefnið. Það sem einkum sker í augu er svokallaðar skóbuxur, oftast dökkar, og grófbotna „vinnuskór“ úr þykku leðri.

Það er engin spurning að þetta er mjög þægilegur klæðamáti í dagsins önn, en það er líka það sem hann er: Vinnufatnaður! Þegar menn svo í þessu að neðanverðu dubba sig



**VEL KLÆDD KONA** Falleg kona, flink á hesti, vel klædd. Tanja Gundlach á Hrönn frá Godemor.

upp í fínan reiðjakka, sem kannski er fenginn að láni og passar ekki alveg, verður heildarmyndin pínleg. Mest lummó eru knapar í skóbuxum með rennilás við ökklann og hafa hann frárenndan. Það minnir einhvern veginn á yfirgefið tjald í lok verslunarmannahelgar.

Hallærislegasti reiðfatnaður sem sést hefur á síðari árum er þó án efa landsliðsbúningur Svía, sem samanstendur af dökkum jakka og hvítum skóbuxum, sem sennilega á að sameina hefðina (hvítar reiðbuxur) og tískuna. Þetta er alveg mislukkað. Það er engu líkara en hópur lækna hafi stolist úr vinnunni en ekki haft tíma til að klára að skipta um föt. Þegar Jóhann Friðriksson í Kápunni kom fyrstur knapa fram í skóbuxum á landsmóti 1982 vakti það töluverða athygli. En munurinn var sá að klæðnaður hans var í heildina fínn: Sportlegur mittisjakki, fínir skór, brot í buxunum – allt í brúnu, sennilega pantað frá einhverri Saddle-breed hestabúð í Ameríku. Hann var flottur.

Hinn sígildi reiðfatnaður er dökkur jakki, hvítar reiðbuxur, fallegur reiðhjálmur og glansandi svört eða brún reiðstígvél, helst úr leðri. Hvít skyrta og bindi eru að sjálfsögðu við. Búningur þýska landsliðsins er dæmi um „elegant“ reiðfatnað og litlar skreytingar í

fánalitum á hjálmi eða hnakkdýnu eru smart. Á landsmótum ættu knapar að leggja metnað í að vera fínir alla daga mótsins, jafnt í forkeppni sem úrslitum. Maður veit aldrei hvenær besta myndin er tekin og þá er skemmtilegra að vera í rétta tauinu.

# Ánægjuleg reynsla

**TÓNLIST**

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Tríó Reykjvíkur**

Tónleikar Kammermúsíkklúbbsins í Bústaðakirkju

**Niðurstaða:** Það var ánægjuleg reynsla að heyra Tríó Reykjavíkur flytja þessi verk. Tríóið hefur náð samhæfingu sem gerir heildina sterkari en summuna af ágæti einstaklinganna sem það skipa.

Kammermúsíkklúbburinn hélt tónleika í Bústaðakirkju síðastliðið sunnudagskvöld. Tríó Reykjavíkur lék verk eftir Ludwig van Beethoven og Dmitri Shostakovich. Tríó Reykjavíkur skipa þau Guðný Guðmundsdóttir fiðla, Gunnar Kvaran selló, og Peter Maté píanó.

Tvö verk voru flutt á tónleikunum. Tríó í B dúr opus 97 eftir Beethoven, sem gengið hefur undir nafninu Erkihertogatríó, og Tríó í e moll opus 97 eftir Shostakovich. Bæði þessi verk eru hreinar gersemar og gaman að fá þeim stillt upp hlið við hlið á tónleikum. Flestir tónlistarunnendur þekkja Erkihertogatríóið vel og kunna helstu stef þess utan að. Þar kennir ýmissa grasa en í eyrum nútímamanns er heillandi kunnugleg ljóðræna meðal helstu einkenna þess og menn þurfa að vitja sögubókanna til þess að minna sig á að Beethoven er hér með ýmsar djarfar tilraunir þar sem reynir á þolrif forms og stefrænnar úrvinnslu. Þótt Beethoven hafi umgengist aðalsmenn var hann sjálfur almúgamaður og þess gætir í tónlist hans. Heilbrigð alþýðleg jarðbinding er þar jafnan til staðar sem heldur fjarri allri tilgerð þótt ytri búningur sé stundum glæsilegur. Erkihertogatríóið er samið fyrir aðalsmenn með lakkaðar neglur en höfundurinn er greinilega maður hagnýtrar hugsunar, sá sem vinnur með eigin höndum og ber byrðarnar á eigin baki.

Shostakovich er túlkandi tuttugustu aldar, þeirrar aldar þegar menn stunduðu ofbeldi af meiri atorku og list en áður hafði þekkst. Shostakovich sér heiminn af sjónarhóli fórnarlamba ofbeldisins. Sá tónn í verkum hans sem sannastur er og dýpst ristir er tónn harmsins. Þegar hann brosir er það gretta. Það er háð þegar hann hlær.

Þetta má allt heyra í Tríói Shostakovich í e moll. Verkið á þann dularfulla eiginleika sameiginlegan með mörgum öðrum verkum höfundarins að svo virðist sem verið sé að flytja einhvern sterkan hlutlægan boðskap. Hver er tilgangurinn með hinni áhrifaríku tilvitnun í gyðingastefið í verkinu? Ber að hlæja? Ber að gráta? Þessu svarar auðvitað



**TRÍÓ REYKJAVÍKUR** Gunnar Kvaran, Peter Maté og Guðný Guðmundsdóttur fluttu verk eftir Beethoven og Shostakovich á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins í Bústaðakirkju.

hver hlustandi fyrir sig og þarf að passa sig að svara rétt.

Það var ánægjuleg reynsla að heyra Tríó Reykjavíkur flytja þessi verk. Tríóið hefur náð samhæfingu sem gerir heildina sterkari en summuna af ágæti einstaklinganna sem það skipa. Þetta er einmitt það markmið sem einna eftirsóknarverðast er í flutningi kammertónlistar. Meðlimir tríósins eru allir þekkt tónlistarfólk og allt hefur það sín listrænu einkenni, sem sveigð hafa verið til þjónustu við heildina með nýrri, ríkri útkomu. Jafnvægi milli hljóðfæra var gott og túlkunin mjög blæbrigðarík og sannfærandi á þann hátt sem verður þegar hvert atriði hefur fengið verðuga umhugsun. Tríóið dró upp skýra mynd af þessum krefjandi viðfangsefnum hvoru fyrir sig. Það voru ólíkar myndir, sprottnar af ólíkum aðstæðum en alltaf var tónlistin fögur.



















AP/MYND

**Í GÓÐRA MANNA HÓPI** Hunter S. Thompson ásamt Benicio Del Toro og Johnny Depp á frumsýningu Fear and Loathing í Las Vegas árið 1998. Thompson framdi sjálfsvíg á heimili sínu í Aspen á sunnudag.

■ BÆKUR

# Thompson látinn

Hunter S. Thompson, höfundur bókarinnar Fear and Loathing in Las Vegas sem samnefnd kvikmynd var gerð eftir, fannst látinn á sunnudag á heimili sínu í Colorado. Hafði hann framið sjálfsvíg.

Thompson, sem var 67 ára, skrifaði einnig bókina Fear and Loathing: On the Campaign Trail '72 sem vakti þó nokkra athygli. Þar var aðalpersónan háð eiturlyfjum og áfengi, rétt eins og Thompson sjálfur lengi vel. Hann var þekktur sem einn af upphafsmönnum svokallaðs fyrstu persónu blaðamannastíls þar sem blaðamaðurinn sjálfur var hafður í stóru hlutverki í frásögninni. ■

■ TÓNLIST

# Forsala á Iron Maiden í mars

Forsala miða á tónleika rokksveitarinnar Iron Maiden í Egilshöll hefst sunnudaginn 6. mars. Iron Maiden kemur með gífurlega mikið af sviðsbúnaði fyrir tónleikana og má því búast við miklu sjónarspili.

Söngvarinn Bruce Dickinson kemur einnig með 200 aðdáendur frá Bretlandi í einkaflugvél sem hann flýgur sjálfurÝtil og frá landinu. Miðar á tónleika Maiden seldust upp á mettíma á Norðurlöndunum fyrir skömmu og því er vitað að töluvert verði af aðdáendum sem koma þaðan til að sjá sveitina í Egilshöll. Iron Maiden er fyrir löngu orðin sígild hljómsveit og í skoðanakönnun rokktímaritsins Kerrang! eru tvær plötur sveitarinnar á topp 10. Number of the Beast er í öðru sæti og Iron Maiden í því níunda. Þar sem þessi tónleikaferð byggist mikið á þeirra eldri og þekktari lögum má búast við að sveitin muni spila mörg lög af þessum tveimur plötum.

Forsalan á tónleikana, sem verða þann 7. júní, fer fram í Íslandsbanka í Kringlunni og Smáralind og á www.farfuglinn.is. Einnig verður miðasala í Pennanum á Akranesi, Vestmannaeyjum, Dagsljósi á Akureyri og HIjóðhúsinu á Selfossi. Verða einungis seldir A-miðar þann daginn á öllum útsölustöðum. Mánudaginn 7. mars verður svo hægt að nálgast bæði A- og B-miða á ofangreindum stöðum. Verð á A-miðum er 7.500 krónur og B-miðum 6.500. ■



**IRON MAIDEN** Rokksveitin síunga ætlar að spila marga af sínum bestu slögurum í Egilshöll þann 7. júní.


## Þroskaþjálfar athugið

**Kjarakaffi verður haldið miðvikudaginn 23. febrúar kl. 17:00 á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins að Digranesvegi 5 (4. hæð).**

Salóme Þórisdóttir formaður ÞÍ mun kynna fyrir félagsmönnum stöðu mála í gerð kjarasamninga. Hvetjum alla til að mæta.

**Aðgerðarnefnd.**







Tónleikar á Nasa fös. 25. og lau. 26. febrúar kl.23.00
NOJAZZ ( franskur elektró-jass ) og **JAGÚAR**
Forsala 700.kr Miðaverð 1000 kr.
af.ismennt.is / nasa.is

ICELANDAIR Paris
Alliance Française











# VIÐ TÆKIÐ | Íslenskt, já takk!

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** DATT INN Í STELPUSTÖÐVARNAR CLUB OG E!

Í stað þess að sýna sig og sjá aðra á börum borgarinnar var ég heima í náttfötunum um helgina. Ég hlustaði á útvarpið út í eitt og horfði allt of mikið á sjónvarpið. Datt inn í stöðvar á borð við E! og Club sem ég er ekki vön að horfa á. Sú síðarnefnda á að vera sjónvarpsstöð kvenpeningsins þar sem tíska og lífsstíll eiga að vera í hávegum höfð. Ég veit ekki hvort það var einhver þemahelgi en alltaf þegar ég stillti á stöðina voru kynlífsþættir í boði. Ég límdist að sjálfsögðu við tækið. Í einum þættinum léku bresk kærustupör aðalhlutverkin en þeirra takmark í þættinum var að finna „A-blettinn" eftir leiðbeiningum kynlífsfræðings. Þátturinn var bæði tekinn upp í stúdíói og í svefnherbergjum þátttakendanna. Einnig voru ýmsar skrautlegar æfingar framkvæmdar í þættinum. Þetta var mjög athyglisvert og ég veit ekki ennþá hvort þetta var grín eða bara stranglega bannað börnum? Fór að ímynda mér hvernig svona þáttur yrði ef hann væri búinn til á Íslandi og hvaða athyglissjúku pör myndu fást til að leika í honum. Helgin fór þó ekki bara í „kynfræðslu" heldur sogaðist ég inn í líf Hollywood-stjarnanna á E! Þar virtist vera endalausir þættir um sannar Hollywood-sögur. Þátturinn um dætur rokkaranna var skemmtilegur. Þar sögðu þær sögu sína og hvernig líf þeirra hefði verið í skugga feðranna. Stjarna þáttarins



Steven Tyler var ekki mjög föðurlegur með sitt síða hár og rokkaragen.

var án efa Liv Tyler, sem var líka mun sætari og skemmtilegri en allar hinar dæturnar til samans. Þegar þættinum lauk fylltist ég gleði yfir því að eiga bara venjulegan íslenskan pabba sem safnar ekki hári, málar sig ekki og hefur ekki enn fjárfest í leðurbuxum.



▶ **21.25** *Fræðsla*

**Spot: Marco Evaristtin. Dönsk heimildarmynd um málarann Marco Evaristtin sem gerði sér lítið fyrir og málaði borgarísjaka.**



▶ **21.15** *Drama*

**Las Vegas. Í þætti kvöldsins á fyrirhugaður knattspyrnuleikur í spilavítadeildinni athygli flestra.**



▶ **20.00** *Raunveruleiki*

**Blow Out. Lokaþáttur um Jonathan og hárgreiðslustofuna en í kvöld rignir kvörtunum yfir hann.**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gormur (23:26)

**18.30** **Frumskógarlíf (1:6)** (Serious Jungle) Bresk þáttaröð þar sem fylgst er með átta krökkum á aldrinum tólf til fimmtán ára í regnskógum Borneó.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Mæðgurnar (21:22)** (Gilmore Girls IV) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús.
**20.45** **Mósaík** Þáttur um listir, mannlíf og menningarmál. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
▶ **21.25** **Ísjakamálarinn**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Dauðir rísa (2:8)** (Waking the Dead III) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Örninn (3:8) **0.10** Kastljósið **0.30** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Fear Factor (e) **13.30** Game TV **13.55** Hidden Hills (e) **14.20** Married to the Kellys (e) **14.45** Derren Brown – Trick of the Mind (e) **15.10** Scare Tactics (e) **15.35** George Lopez 3 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri. Félagarnir halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr. Strákarnir skemmta áskrifendum Stöðvar 2 fjögur kvöld vikunnar með bæði gömlum og nýjum uppátækjum.
**20.30** **Amazing Race 6 (8:15)**
▶ **21.15** **Las Vegas 2 (7:22)**
**22.00** **The 4400 (4:6)** (4400) Fljúgandi furðuhlutur lendir á jörðinni með 4400 manns.
**22.45** **The Wire (5:12)** (Sölumenn dauðans 3) Myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**23.40** Twenty Four 4 (5:24) (e) (Bönnuð börnum) **0.25** Nip/Tuck 2 (13:16) (e) (Bönnuð börnum) **1.10** Cold Case 2 (7:24) (e) (Bönnuð börnum) **1.55** Snow Dogs **3.30** Fréttir og Ísland í dag **4.50** Ísland í bítið (e) **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**18.30** **One Tree Hill (e)** Peyton og Brooke hjálpa Lucas við að halda Nathan og Haley brúðkaupsveislu. Þó að foreldrar Haley styðji hjónabandið á Deb erfitt með að sætta sig við það.

**19.30** **The Simple Life 2 (e)** Píurnar pottþéttu stinga af með meðlimum hippafjölskyldu og bregða sér á sólbaðsstofu og hefur það í för með sér að fjölskyldan fær annað álit á gestunum.
▶ **20.00** **Blow Out – lokaþáttur** Kiara, Jason, Jenn, Alyn og Annie setjast niður með Jonathan og kvörtununum rignir yfir hann. Jonathan hlustar en finnst kvartanir þeirra vera léttvægar.
**21.00** **Innlit/útlit**
**22.00** **Judging Amy – lokaþáttur** Amy, Maxine, Peter og Vincent kljást við margháttuð vandamál í bæði starfi og leik.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** Survivor Palau (e) **0.20** Sunnudagsþátturinn (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Nine Months **8.00** Spirit: Stallion of the Cimarron **10.00** Clockstoppers **12.00** House! **14.00** Nine Months **16.00** Spirit: Stallion of the Cimarron **18.00** Clockstoppers **20.00** House! **22.00** Come Together **0.00** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **2.00** The Right Temptation (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Come Together

## OMEGA

**8.00** T.D. Jakes **8.30** Robert Sch. **9.30** Ron Phillips **10.00** Joyce M. **10.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **11.00** Um trúna **11.30** Maríusystur **13.00** Í leit að vegi Drottins **13.30** Acts Full Gospel **14.00** Joyce M. **14.30** Ron Phillips **15.00** Ísrael **16.00** Robert Schuller **17.00** Kvöldljós **18.00** Joyce M. **19.30** Um trúna **20.00** Robert Sch. **21.00** Ron Phillips **21.30** Joyce M. **22.00** Dr. David Cho **22.30** Joyce M.

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Football: UEFA Champions League Last 16 **13.30** Tennis: ATP Tournament Dubai United Arab Emirates **15.00** Tennis: WTA Tournament Doha **18.00** Football: UEFA Champions League Happy Hour **18.30** Cross-country Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **19.30** Boxing **20.00** Boxing **22.00** Trial: Indoor World Championship Barcelona **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Football: UEFA Champions League Last 16 **23.45** All sports: WATTS **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** Serious Jungle **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** The Abyss **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Wild Weather **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Sun Myung Moon

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.30** Demolition Squad **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Insects from Hell **14.00** Air Crash Investigation **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Why Chimps Kill **17.00** Battlefront **18.00** Seconds From Death **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Why Chimps Kill **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Battlefront

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Animal Doctor **12.30** Emergency Vets **13.00** The Natural World **15.00** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's my Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** The Natural World **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets

**DISCOVERY**
**12.00** Boston Law **13.00** Extreme Machines **15.00** Shipwrecks and Salvage **16.00** John Wilson's Fishing Safari **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Aircrash **23.00** Forensic Detectives **0.00** My Titanic

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Bob Marley Behind the Music **21.30** Best of Bob Marley **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Design Challenge **12.45** Lofty Ideas **13.10** Use Your Loaf **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Design Challenge **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Design Challenge **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** My Messy Bedroom **22.25** What Men Want **22.50** Hotter Sex

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** E! News Live **13.30** Fashion Police **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Celebrities Uncensored **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** E! News Live **19.30** The Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **22.30** Life is Great with Brooke Burke **23.00** 101 Most Shocking Moments in... **0.00** E! News Live **0.30** The E! True Hollywood Story

**BBC FOOD**
**12.00** Tales from River Cottage **12.30** Chalet Slaves **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** The Tanner Brothers **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Nancy Lam **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Thirsty Traveller **18.00** Food Source New Zealand **18.30** Island Harvest **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** Kitchen Takeover **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Gondola On the Murray **22.30** Ready Steady Cook

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25**

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**MÓSAÍK** *Sjónvarpið* **kl. 20.45**

***Þátturinn er textaður á síðu 888 í Textavarpinu.***

### *Svipmyndir frá safnanótt*

Í Mósaík í kvöld skoðar Guja Dögg Hauksdóttir sýningu í Klink og Bank þar sem ítalskur arkitektúr er í forgrunni. Linda Vilhálmsdóttir hlaut nýverið ljóðlistarverðlaunin Ljóðstafur Jóns úr Vör en hún mætir í sjónvarpssal með tvö ljóð. Urður Gunnarsdóttir segir frá eftirlætis tónlistarmanni sínum. Brugðið verður upp svipmyndum frá Safnanótt á Vetrarhátíð. Kíkt er inn á sýningu Sigurðar Örlygssonar í Gallerí Sævars Karls og Kristín Sædal Sigtryggsdóttir flytur ásamt Jóni Rafnssyni og Gunnari Gunnarssyni lagið „Little things mean a lot“, en þau halda tónleika í Salnum 24. febrúar á afmælisdegi Guðrúnar Á. Símonar, sem hefði orðið 81 árs þann dag.



Guja Dögg Hauksdóttir.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„These wretched aristocrats can't even heat their houses."**

**Svar:** Kate Croy úr kvikmyndinni The Wings of the Dove frá árinu 1997.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.00** Hrafnaþing. **14.03** Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar. (e).

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni. **19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfr. **12.50** Auðlind **13.05** Silungurinn **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Í þjónustu hennar hátignar **15.03** Vísindi og fræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Það rignir í Nantes **21.00** Í hosíló **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Rökkurrokk

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Rokkland **0.10** Glefsur **1.03** Næturtónar **2.03** Auðlindin **2.10** Næturtónar

**6.05** Einn og hálfur m. Magnúsi R. Einarssyni

## BYLGJAN FM 98,9

**05:00** Reykjavík Síðdegis endurflutt **07:00** Ísland í bítið **09:00** Ívar Guðmundsson

**12:00** Hádegisfréttir **12:20** Óskalaga hádegi **13:00** Íþróttir Eitt **13:05** Bjarni Arason **16:00** Reykjavík Síðdegis

**18:30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 **19:30** Bragi Guðmundssonf **22:00** Þórhallur miðill - Lífsaugað.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**06:00** Kolbrún Bergþórsd.(e.) **07:00** Gústaf Níelsson (e.) **08:00** Óskar Bergsson (e.) **09:03** Ólafur Hannibalsson **10:03** Rósa Ingólfsd. **11:03** Arnþrúður Karlsd.

**12:00** Fréttir **12:25** Ingibjörg Sólrún Gíslad. (e.) **12:45** Gunnar Örlygsson **13:05** Jörundur Guðmundsson **14:03** Kolbrún Bergþórsd. **15:03** Óskar Bergsson **16:03** Arnþrúður Karlsd. **17:05** Gústaf Níelsson

**18:00** Gunnar Örlygsson (e.) **18:30** Fréttir/Ísland í dag **19:40** Ingibjörg Sólrún Gíslad. (e.) **20:00** Ólafur Hannibalsson (e.) **21:00** Rósa Ingólfsd. (e.) **22:00** Jörundur Guðmundsson (e.) **23:00** Kolbrún Bergþórsd. (e.)

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying



**19.30, 21.40 23.30**

*Íþróttir*

**Sextán liða úrslit meistaradeildar Evrópu. Bayern M. gegn Arsenal, Liverpool gegn Bayer Leverkusen og Real Madrid gegn Juventus.**

## SÝN

**16.30** Idol Extra **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.

▶ **19.30 UEFA Champions Lea gue** (Bayern München – Arsenal) Bein útsending frá fyrri leik Bayern München og Arsenal í 16 liða úrslitum. Athygli er vakin á því að leikur Real Madrid og Juventus er samtímis í beinni á Sýn2.

▶ **21.40 UEFA Champions League** (Liverpool – Bayer Leverkusen) Útsending frá fyrri leik Liverpool og Bayer Leverkusen í 16 liða úrslitum. Athygli er vakin á því að leikur Bayern Munchen og Arsenal er samtímis á dagskrá Sýnar2.

▶ **23.30** UEFA Champions League (Real Madrid – Juventus) **1.10** David Letterman

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** Crank Yankers **20.00** Gary the Rat **20.30** I Bet You Will **21.00** Real World: San Diego **22.03** Jing Jang **22.40** Idol Extra (e) **23.10** Headliners (e)

Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**

**12.45** Mission of the Shark **14.20** Stella **16.10** Hornets' Nest **18.00** Consuming Passions **19.40** Silent Victim **21.35** A Life of Sin **23.25** The Careless Years **0.40** In the Arms of a Killer **2.15** Joseph Andrews **3.55** Beach Red

**TCM**

**19.55** Little Off Set **20.00** Forbidden Planet **21.40** The Ice Pirates **23.15** 36 Hours **1.05** The Glass Bottom Boat **2.55** The Champ

**HALLMARK**

**12.00** 10.5 **13.45** The Monkey King **15.15** Long Shot **17.00** Touched by an Angel **18.00** Ruby's Bucket of Blood **19.30** Law & Order Iv **20.15** Gunpowder, Treason & Plot **22.00** Lifepod

**DR1**

**12.00** Horisont **12.25** Nyhedsmagasinet **12.55** Klokken ringer, en kinesisk historie **13.05** OBS **13.10** Smagsdommerne **13.50** Lægens bord **14.20** Når storken svigter **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **15.30** Ungefair **16.00** Vores vilde verden **16.05** Jagten på ilden **17.00** Vildmarkens Stjerne **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Ryd op i dit liv **19.30** Arven **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** I skole med Peter **23.15** Boogie **23.45** Ungefair

**SV1**

**14.15** Lennart Bernadotte **15.00** Rapport **15.05** Babyfarsa **15.45** Anslagstavlan **16.00** Zapp me – Sápmi **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Lilla röda traktorn **17.10** Klara färdiga gå! **17.20** Amandas Mexico **17.30** Fixat **18.00** Stallkompisar **18.25** Tracks video **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Orka! Orka! **20.45** 24 Nöje **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Sverige! **22.50** P.S.






## HRÓSIÐ

*...fá aðstandendur gagnauga.is fyrir að halda heimildarmyndaviku sem hófst nú um helgina. Þarna verða sýndar heimildarmyndir um alþjóðamál, trúarbrögð, grín og ýmiss konar áhugavert fræðsluefni. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum www.gagnauga.is.*

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Alcokey eða Stútslykill

**Sem er?** Bíllykill sem jafnframt er alkóhólmælir. Bílaframleiðandinn Saab hefur verið að þróa nýja alkóhólmælinn sem á að koma í veg fyrir að fólk setjist ölvað undir stýri. Þeir hjá Saab telja að um byltingu sé að ræða þar sem mælirinn er innbyggður í lykilinn og bíllinn fer ekki í gang ef viðkomandi er undir áhrifum. Mælirinn fer í gang um leið og hurðin er opnuð með fjarstýringunni. Lyklakippunni er síðan stungið upp í munninn og blásið í hana. Síðan kviknar grænt eða rautt ljós, eftir því hvort viðkomandi er undir áhrifum eða ekki. Ef viðkomandi er undir áhrifum kviknar rautt ljós og bíllinn fer ekki í gang. Hægt er að stilla vélbúnaðinn eftir viðmiðunarmörkum hvers lands fyrir sig.

**Hugmyndin?** Saab ákvað að hella sér út í þróun Stútslykilsins þar sem tíðni stúta



undir stýri hefur aukist til muna síðustu ár í Svíþjóð. Á síðasta ári voru 29% af banaslysum í umferðinni þar rakin til ölvaðra ökumanna. Fari svo að þróun mælanna gangi upp verða þeir ekki eingöngu bundnir við Saab-bifreiðar því bílaframleiðandinn vill koma þeim að í sem flestum bílategundum.

„Saab ætlar að þróa og hanna Stútslykilinn enda einföld en áhrifarík lausn,“ sagði Peter Augustsson, aðalmarkaðsstjóri Saab í Svíþjóð. „Stútslykillinn á eftir að koma í veg fyrir að fólk setjist undir stýri undir áhrifum áfengis.“

**Verð?** Reynt verður að halda verðinu á Stútslyklinum í lágmarki og er talið að hann verði seldur á um 400 dollara, sem samsvara um 25 þúsund íslenskum krónum.



**Lárétt:**
**1** flugvélategund, **6** gruna, **7** ullarhnoðrar, **8** sólguð, **9** hollenskt flugfélag, **10** sjá á ensku, **12** beita, **14** trygg, **15** tákn fyrir gull, **16** bjór, **17** samið, **18** til sölu.

**Lóðrétt:**
**1** offur, **2** fyrirtæki, **3** íþróttafélag, **4** eða, **5** borg, **9** viðskiptaveldi, **11** sjást óljóst, **13** höfðu unun af, **14** frestun, **17** pot.

**Lausn:**

**Lárétt: 1** fokker, **6** óra, **7** ló, **8** ra, **9** klm, **10** see, **12** agn, **14** trú, **15** au, **16** öl, **17** ort, **18** falt.
**Lóðrétt: 1** fórn, **2** ora, **3** ka, **4** ellegar, **5** róm, **9** kea, **11** örla, **13** nutu, **14** töf, **17** ot.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Cruz.
2 Tveir.
3 110 ár.






ÞÓRUNN ANTONÍA MAGNÚSDÓTTIR: SÖNGKONA Á UPPLEIÐ

# Syngjandi tískufrömuður

Stjarna söngkonunnar Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur er rísandi þessa dagana. Í nýjasta hefti glanstímaritsins Elle eru viðtöl við átta þokkadísir í tónlistargeiranum og er Þórunn Antonía þar á meðal, talin ein af flottustu ungpíunum í tónlistargeiranum. Í greininni mælir tímaritið Elle með því að fólk taki Þórunni Antoníu og hinar tónlistarkonurnar til fyrirmyndar. Þær eru upphafðar fyrir smartheit, flottan fatastíl og fyrir að þora að fara sínar eigin leiðir þegar kemur að klæðaburði.

Í greininni segir Þórunn Antonía að hún klæðist aðeins fyrir sjálfa sig og ekki fyrir neinn annan. Fram kemur að hún hafi mjög glysgjarnan fatastíl og elski að klæða sig á sérstakan hátt. Þórunn Antonía er mjög hrifin af „vintage“-kjólum og á hún um hundrað stykki.

Í viðtalinu segir Þórunn Antonía að það sé mikilvægt að leggja mikið upp úr klæðaburði þegar hún kemur fram. Hún segir að flottustu fötin fáist fyrir utan Lundúnir og mælir með svæðunum Didcot og Abingdon því þar sé hægt að hnjóta um ósnortið góss. Blaðamaður Elle spyr Þórunni Antoníu hvað sé það ljótasta sem hægt væri að kaupa sér þessa dagana. Hún var ekki lengi að svara því. Hún myndi aldrei ganga í þykku prjónapeysu með rúllukraga.

Þórunn Antonía er búsett í Lundúnum þar sem hún vinnur að eigin tónlist og syngur með hljómsveit sinni The Honeymoon. Þórunn Antonía er vel þekkt á Íslandi en hún er dóttir Magnúsar Þórs Sigmundssonar tónlistarmanns. Hún starfaði sem söngkona áður en hún hélt til Lundúna til að freista gæfunnar og gaf meðal annars út diskinn Those Little Things.

martamaria@frettabladid.is




**ÞÓRUNN ANTONÍA MAGNÚSDÓTTIR** Hún tók sig vel út í nýjasta hefti glanstímaritsins Elle.




**ELLE** Marshefti glanstímaritsins.






# Emilíana á útgáfutónleikum í París

Til að fagna útkomu plötu sinnar Fisherman's Woman brá Emilíana Torrini sér til Parísar nýlega. Hún tróð meðal annars upp í plötubúðinni Virgin megastore á Champs Elysée-breiðgötunni með minikonsert svipað og hún gerði í London þegar platan kom þar út.

Um tvö til þrjú hundruð verslunargestir hlýddu á hana syngja við gítarleik Dan Carey. Carey þessi er meðhöfundur margra laganna og textanna ásamt Emilíönu en hann er sömuleiðis upptökustjóri. Margir voru komnir sérstaklega til að berja augum hina nýjustu Íslandsstjörnu. Emilína flutti lög sín fallega og af mikilli innlifun þrátt fyrir erfiðar aðstæður við góðar undirtektir viðstaddra.

**BB/París**



FRÉTTABLAÐIÐ/BERGÞÓR

**EMILÍANA Í PARÍS** Emilíana Torrini og Dan Carey fluttu lög af plötunni Fisherman's Woman í Virgin plötubúðinni við Champs Elysée-breiðgötuna.


BT
17" FLATUR SKJÁR
MediaBay les öll minniskort
Fullkomin fjarstýring
VELDU HP! Þín trygging fyrir gæðum!
HP PAVILION
HP Pavilion Jagúar
HP Pavilion er vél fyrir þá sem vilja allt það nýjasta í margmiðlun og leikjum en um leið njóta gæða og áræðanleika HP.
Margmiðlun og tölvuleikir krefjast krafts og áræðanleika ekki síður en tölvur í viðskiptalífinu.
Fyrirtækin treysta HP - þú getur treyst HP!
Þráðlaus mús og lyklaborð
*4.992
HP fæst í BT
Merkið tryggir gæðin - BT tryggir verðið!
PAVILION JAGUAR
• Intel® Pentium®4 515
• Intel® 915P móðurborð
• 1024MB DDR vinnsluminni
• 200GB Serial ATA harður diskur 7200rpm
• ATI Radeon X300 256MB skjákort
• DVD Skrifari "Dual Layer"
• Sjónvarpskort og fjarstýring
• Media bay að framan
• IEEE 1394 FireWire® interface
• 10/100 netkort
• Þráðlaust lyklaborð og mús
Þú velur greiðsluform sem hentar þér
4.992* Tölvukaupalán 48 mán.
14.999** Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt
HP Media Bay
Allir helstu tengimöguleikar eru að framanverðu. Þetta veitir þér aukin þægindi. Einnig eru raufar fyrir öll minniskort.
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum
PAVILION JAGUAR 2
• Intel® Pentium®4 540
• Intel® 915P móðurborð
• 1024MB DDR vinnsluminni
• 200GB Serial ATA harður diskur 7200rpm
• ATI Radeon X600Pro 256MB skjákort
• Sjónvarpskort og fjarstýring
• DVD drif • DVD Skrifari "Dual Layer"
• Media bay að framan
• Innbyggt þráðlaust netkort 54MPbs
• IEEE 1394 FireWire® interface
• 10/100 netkort
• Þráðlaust lyklaborð og mús
Þú velur greiðsluform sem hentar þér
5.613* Tölvukaupalán 48 mán.
16.999** Vaxtalaust 12 mán.
203.988 Staðgreitt
Uppfærslutilboð!
Uppfærðu í 19" TFT skjá með harman/kardon hátölurum.
*999 VIÐBÓT Á MÁNUÐI
Meðalgreiðsla í 48 mánuði á tölvukaupaláni VÍS (fullt verð er 69.999)
19" FLATUR SKJÁR
VELDU HP! Þín trygging fyrir gæðum!
Hægt er að færa skjáinn upp, niður, sveigja upp og niður og til hliðar.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



FERÐALEIKURINN ER
Á VISIR.IS – TAKTU ÞÁTT!
Þú gætir unnið ferð til
Kaupmannahafnar eða London!
Iceland Express
visir ...UM ALLT!




BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## Hinn þögli meirihluti

Fjórir vaskir þingmenn hafa lagt fram frumvarp um bann við reykingum á veitingastöðum. Undan steinum skjótast frjálshyggjupostular, stilla sér upp og hefja kórsönginn um forræðishyggju. Satt að segja hélt maður að framleiðslu á ofurlitlum, heilaþvegnum frjálshyggjupostulum hefði fyrir löngu verið hætt vegna lélegrar eftirspurnar. En þeir lifa enn í litlum trúfélögum, byggja lífsskoðanirnar á ritningargreinum úr kverum sínum og mæta til rökræðna eins og hattífattar Múmínálfanna til að verja rétt minnihlutahóps til að menga andrúmsloftið.

**HIÐ FRJÁLSA VAL** snýst um að sitja heima og forðast staði þar sem súrefni er reykmettað. Frelsið er fólgið í því að tvöhundruð og fjörutíu þúsund reyklausir íslendingar beygi sig undir rétt fjörutíu og fimm þúsund reykjandi landsmanna til að kveikja sér í rettu á opinberum stöðum. Árlega deyja hátt í fjögurhundruð íslendingar af völdum reykinga, samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið á 30 ára tímabili. Af óbeinum reykingum telst hópur látinna hérlendis árlega vera 30-40 manns.

**HINN ÞÖGLI** meirihluti hefur rétt á því að sitja á veitingastöðum og halda niðri í sér andanum líki honum ekki mengunin. Samfélag er það félag sem vinnur að sameiginlegum hagsmunum þeirra sem eiga aðild að félaginu. Þeir sem vilja ekki vera meðlimir stofna þá líklega sín einfélög þar sem einleikur er lykill að velferð eins. Ef samfélagsleg hugsun er forræðishyggja, er þá andfélagsleg hugsun frjálshyggja?

**POSTULÍNSPOSTULINN** Gustavsberg var líklega mikill forræðishyggjupési að hefja fjöldaframleiðslu á postulínsskálum fyrir vatnsganginn og stóru stykkin. Það ætti kannski að vera réttur hvers og eins að tefla við páfann á götuhornum þótt það geti verið heilsuspillandi fyrir aðra? En hinn viðkvæmi meirihluti getur bara setið heima. Hann á valið. Samfélagsleg hugsun er kannski ofmetin og kominn tími til að hverfa aftur til fortíðar þar sem hver er fyrir sig, með olnbogann í auga næsta manns. Þeim tíðaranda fylgir sérleg fatatíska sem rétt væri þá að taka upp – hlébarðaskinn og fallega tálguð barefli í stíl. ■




Hvað langar þig að gera
þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana rætast með Lífsvali

Því fyrr sem þú hugar að framtíðinni þeim mun meiri eru möguleikarnir á að láta framtíðardraumana rætast. Lífsval, lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er traust leið fyrir þig til að ná fjárhagslegu öryggi á efri árum. Þjónustufulltrúar Sparisjóðsins hjálpa þér við að velja hentuga ávöxtunarleið.

Helstu kostir Lífsvals
- Engin upphafsþóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

www.spar.is

Fiton/SÍA FI001841

100% veðsetningarhlutfall
Frjáls íbúðalán
4,15%
4,15% verðtryggðir vextir
Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti
Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is
FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is
Himinn og haf/SÍA